

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið

Verkefnisstjórn 5. áfanga rammaáætlunar
Borgartúni 26
105 Reykjavík

Stöðulfelli, 15.mars 2024

Mál nr. 265/2023

Efni: Umsögn Veiðifélags Þjórsár um tillögur verkefnisstjórnar 5. áfanga rammaáætlunar um endurmat á virkjunarkostunum úr 3. áfanga rammaáætlunar – seinna umsagnarferli

Veiðifélag Þjórsár, Stöðulfelli, 801 Selfossi, starfar samkvæmt ákvæðum VI. kafla laga nr. 61/2006, um lax- og silungsveiði, með síðari breytingum. Hlutverk Veiðifélags Þjórsár er að tryggja vöxt og viðgang fiskistofna í Þjórsá. Félaginu ber að tryggja að við áætlun um vernd og orkunýtingu landssvæða sé faglega staðið að rannsóknum á ánni, lífríki hennar og afkomumöguleikum fiska.

Þann 4. desember 2023 voru drög að tillögum verkefnisstjórnar 5. áfanga rammaáætlunar: „Endurmat á virkjunarkostum úr 3. áfanga rammaáætlunar“, birt til umsagnar í samráðsgátt. Um fyrra umsagnarferli af tveimur var að ræða. Í drögum var meðal annars að finna tillögur verkefnisstjórnar um að færa virkjunarkostina Holtavirkjun og Urriðafossvirkjun í Þjórsá úr biðflokki í nýtingarflokk. Þann 17. desember 2023 skilaði Veiðifélag Þjórsár inn umsögn um tillögurnar í samráðsgátt. Þann 22. desember 2023 voru sömu tillögur verkefnisstjórnar birtar á ný til umsagnar í samráðsgátt („tillögur verkefnisstjórnar“). Vegna þessa vill Veiðifélag Þjórsár ítreka öll þau sjónarmið sem rakin voru í fyrri umsögn, en hana er að finna í viðauka við umsögn þessa („Viðauki I“).

Veiðifélag Þjórsár áréttar að laxastofninn í Þjórsá er einstakur á heimsvísu og að algjör óvissa muni ríkja um afdrif stofnsins ef tillögur verkefnisstjórnar um tilfærslur virkjunarkostanna Holtavirkjun og Urriðafossvirkjun úr biðflokki í nýtingarflokk ná fram að ganga. Telur félagið engum vafa undirorpið að samkvæmt fyrirætlunum umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra í bréfi til verkefnisstjórnar, dags. 13. september 2022, sem og tilmælum í nefndarátliti meiri hluta umhverfis- og samgöngunefndar (þingskjal 1210, 332. mál á 152. löggjafarþingi), hafi verkefnisstjórn borið að endurmeta virkjunarkosti, m.a. með hliðsjón af mikilvægi laxastofns og áhrifum fyrirhugaðra framkvæmda á hann og lífríki Þjórsár. Ljóst er að slíkt mat hefur ekki farið fram og því telur veiðifélagið með öllu óheimilt að færa virkjunarkostina Holtavirkjun og Urriðafossvirkjun í Þjórsá úr biðflokki í nýtingarflokk.

Til viðbótar við þau sjónarmið sem fram komu í fyrri umsögn Veiðifélags Þjórsár, dags. 17. desember 2023 (sjá Viðauka I), vill félagið leggja sérstaka áherslu á eftirfarandi atriði:

1. Hlutverk verkefnisstjórnar

Í tillögum verkefnisstjórnar virðist gengið út frá því að henni hafi aðeins verið falið að endurmeta virkjunarkosti með hliðsjón af samfélagslegum áhrifum og að því hafi önnur sjónarmið, þ.m.t. umhverfisáhrif og áhrif á lífríki Þjórsár ekki komið til skoðunar. Einblínt sé á að ekki komi annað til

álita en breyting úr biðflokki í nýtingarflokk. Veiðifélag Þjórsár telur að þessi afmörkun á hlutverki verkefnisstjórnar sé röng. Verndarflokkur sé kostur sem geti vel átt við, sérstaklega hvað varðar Urriðafossvirkjun.

Veiðifélag Þjórsár telur ljóst af bréfi umhverfis-, orku- og loftlagsráðherra til verkefnisstjórnar, dags. 13. september 2022, að verkefnisstjórn hafi borið að miða vinnu sína við rökstuðning í nefndaráliti meirihluta umhverfis- og samgöngunefndar (þingskjal 1210, 332. mál á 152. löggjafarþingi), þar sem eftirfarandi kemur m.a. fram:

*„Þannig er staðan þegar horft er til virkjunarkostanna í neðri hluta Þjórsár. Þar er um að ræða landsvæði sem þegar er raskað en innan svæðisins er **hins vegar að finna laxastofn sem talinn er vera einstakur á heimsvísu**. Mætti því færa rök fyrir því að sú niðurstaða sem aðferðafræðin leiðir af sér um flokkun virkjunarkosta í neðri hluta Þjórsár í nýtingarflokk samrýmist ekki þeim samfélagslegu viðhorfum sem eru undirliggjandi í nærsamfélaginu **og snúa meðal annars að mikilvægi laxastofnsins.**“*

Veiðifélag Þjórsár telur engum vafa undirorpið að með fyrirmælum ráðherra í framangreindu bréfi, þar sem vísað er til umrædds nefndarálits, hafi verkefnisstjórn verið falið það hlutverk að endurmeta viðeigandi virkjunarkosti m.a. með hliðsjón af áhrifum þeirra á laxastofn Þjórsár.

Veiðifélag Þjórsár vill jafnframt áréttta að það leiðir af 4. mgr. 3. gr. og 5. gr. laga nr. 48/2011, um verndar- og orkunýtingaráætlun, að óheimilt er að færa virkjunarkost úr biðflokki í nýtingarflokk nema að metin hafi verið efnahagsleg, umhverfisleg og samfélagsleg áhrif viðkomandi virkjunar. Ljóst er að Holtavirkjun og Urriðafossvirkjun munu hafa veruleg neikvæð áhrif á lífkerfi Þjórsár. Þrátt fyrir það hafa hvorki verið gerðar fullnægjandi rannsóknir á þessum áhrifum né virkni mótvægisáðgerða, jafnvel þótt ítrekað hafi verið vísað til þess af sérfræðingum að þörf sé á frekari rannsóknum á lífríki Þjórsár og áhrifum virkjunarkosta á lífríki árinna.

Í þessu sambandi árétttar veiðifélagið að í greinargerðum faghópa 3 og 4, sem verkefnisstjórn telur nú að réttlæti flutning Holtavirkjunar og Urriðafossvirkjunar í nýtingarflokk, er ekkert fjallað um áhrif virkjana á laxastofn Þjórsár eða lífríki árinna að öðru leyti. Engar rannsóknir á lífríki áttu sér stað heldur fól starf faghópsins aðeins í sér að afla ýmissa gagna og taka viðtöl við sveitastjórnarfólk. Þá fól faghópurinn Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands að kanna hvert væri mat og viðhorf almennings og hagaðila í sveitarfélögunum fjórum gagnvart virkjanauppbyggingu í neðri hluta Þjórsár. Þá fjallaði faghópur 4 aðeins um hagkvæmni og arðsemi á virkjunarkostunum Holtavirkjun og Urriðafossvirkjun, en ekki á nokkurn hátt um áhrif þeirra á lífríki og fiskstofna í Þjórsá.

Veiðifélag Þjórsár árétttar að við meðferð Alþingis á þingsályktunartillögu nr. 24/152 var tekið fram að aðferðafræðin, sem leiðir af sér um flokkun virkjunarkosta í neðri hluta Þjórsár, verði meðal annars að snúa að mikilvægi laxastofnsins í ánni. Það hefur hins vegar ekki verið gert enda fjalla greinargerðir faghópa 3 og 4 aðeins um efnahagsleg og samfélagsleg áhrif, en litið er fram hjá umhverfislegum áhrifum með öllu. Með hliðsjón af þessu telur Veiðifélag Þjórsár ekki séu forsendur til að færa Holtavirkjun og Urriðafossvirkjun í nýtingarflokk að svo stöddu.

2. Úrskurðir Skipulagsstofnunar dags. 19. ágúst 2003 og eftirfarandi úrskurðir umhverfisráðherra

Á árunum 2001-2003 lagði Landsvirkjun fram tvo kosti á útfærslu efri virkjana í Þjórsá til umhverfismats samkvæmt þágildandi lögum nr. 106/2000, um mat á umhverfissáhrifum. Annars vegar

var um að ræða Núpsvirkjun í einu þrepi og hins vegar virkjun í tveimur þrepum sem samanstóð af Hvammsvirkjun og Holtavirkjun. Umhverfismat neðstu virkjunarinnar, Urriðafossvirkjunar, var sjálfstæð aðgerð sem gerð var á sama tíma en án þess að mat færi fram á samlegðaráhrifum með efri virkjunum.

Með úrskurði Skipulagsstofnunar, dags. 19. ágúst 2003, var fallist á fyrirhugaða virkjun Þjórsár í tveimur þrepum með byggingu Hvammsvirkjunar og Holtavirkjunar með þónokkrum skilyrðum. Sama dag úrskurðaði Skipulagsstofnun um fyrirhugaða Urriðafossvirkjun og féllst á byggingu hennar, þó einnig með skilyrðum. Báðir úrskurðir voru kærðir til umhverfisráðherra sem úrskurðaði í báðum málum þann 27. apríl 2004. Í báðum tilvikum voru úrskurðir Skipulagsstofnunar staðfestir með smávægilegum breytingum og viðbótarskilyrðum.

Veiðifélag Þjórsár bendir sérstaklega á að í 4. skilyrði beggja úrskurða var kveðið á um að áður en til framkvæmda komi þyrfti framkvæmdaraðili að standa fyrir þeim viðbótarrannsóknnum á grunnástandi lífríkis í Þjórsá sem lagðar höfðu verið til í sérfræðiskýrslu Veiðimálastofnunar um lífríki Þjórsár. Jafnframt kom þar fram að framkvæmdaaðili þyrfti að taka mið af þessum rannsóknnum og útfæra nánar og grípa til þeirra mótvægisáðgerða sem lagðar höfðu verið til í fyrrnefndri sérfræðiskýrslu Veiðimálastofnunar. Einnig þyrfti framkvæmdaraðili að framkvæmdum loknum að fara að þeim tillögum að vöktun sem fram kæmu í sérfræðiskýrslunni. Viðbótarrannsóknir, mótvægisáðgerðir og vöktun þyrfti síðan að vinna í samráði við og bera undir veiðimálastjóra.

Í umræddri sérfræðiskýrslu Veiðimálastofnunar kom fram að virkjanir í Þjórsá myndu hafa neikvæð áhrif á lífríki árinna og að minnka mætti áhrif verulega með mótvægisáðgerðum. Veiðimálastofnun tók einnig fram að þörf væri á frekari rannsóknnum.

Að mati Veiðifélags Þjórsár hafa framkvæmdaaðilar ekki uppfyllt framangreind skilyrði í úrskurðum ráðherra og Skipulagsstofnunar. Því telur Veiðifélagið ekki tilefni til þess að endurmeta flokkun Holtavirkjunar og Urriðafossvirkjunar að svo stöddu.

3. Óljósar og ófullnægjandi mótvægisáðgerðir Landsvirkjunar

Veiðifélag Þjórsár leggur áherslu á að þær mótvægisáðgerðir, sem Landsvirkjun hefur lagt til, séu óljósar og eigi almennt að vega upp þau vandamál sem kunna að skapast, án þess þó að skilgreint sé hver þau kunna að verða. Fullnægjandi greining á vandamálum og hugmyndum um mótvægisáðgerðir til að sporna við þeim hafa ekki verið lagðar fram. Þá hafa engar rannsóknir farið fram á raunverulegri virkni þeirra mótvægisáðgerða sem lagðar hafa verið til.

4. Skortur á mati á umhverfisáhrifum

Verkefnisstjórn 2. áfanga rammaáætlunar skilaði niðurstöðu sinni til iðnaðarráðherra og umhverfis- og auðlindaráðherra í júní 2011. Við tók gerð tillögu til þingsályktunar um verndar- og orkunýtingaráætlun, en hún var lögð fram á Alþingi í mars 2012. Með tillögunni var lagt til að Urriðafossvirkjun sem og Holta- og Hvammsvirkjanir yrðu flokkaðar í biðflokk með þeim rökum að afla þyrfti frekari upplýsinga um hvaða áhrif virkjanirnar myndu hafa á laxfiska í Þjórsá og óhjákvæmilegt væri að fram færi nýtt heildarmat á umhverfisáhrifum, enda hefði mat á umhverfisáhrifum vegna Urriðafossvirkjunar runnið út þann 19. ágúst 2013. Þingsályktunartillagan náði ekki fram að ganga en var lögð fram aftur og samþykkt á næsta þingi (nr. 13/141, 89. þingmál).

Nýtt mat á umhverfisáhrifum þessara virkjunarkosta hefur ekki enn farið fram. Þar af leiðandi er ekki grundvöllur til endurmats á flokkun viðkomandi virkjunarkosta, enda getur slíkt mat vart farið fram ef ekkert gilt umhverfismat liggur fyrir. Að auki verður að telja að án gilds umhverfismats sé óheimilt að færa virkjunarkost úr biðflokki, enda liggja þá ekki nægar upplýsingar fyrir um umhverfisleg áhrif virkjunarkostsins, sbr. 5. gr. laga nr. 48/2011.

Veiðifélag Þjórsár minnir einnig á að samkvæmt 1. mgr. 28. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021 skal framkvæmdaaðili óska eftir nýju áliti Skipulagsstofnunar um umhverfismat á áætluðum framkvæmdum ef meira en tíu ár eru liðin frá því að álit fékkst og framkvæmdir hafa ekki hafist.

5. Skortur á fullnægjandi upplýsingum um áhrif fyrirhugaðra framkvæmda

5.1. Þingsályktunartillaga nr. 16/144

Verkefnisstjórn 3. áfanga rammaáætlunar var skipuð af umhverfis- og auðlindaráðherra í mars 2013 og tók til starfa í maí sama ár. Þann 12. júlí 2013 sendi Sigurður Ingi Jóhannsson, þáverandi umhverfis- og auðlindaráðherra, verkefnisstjórn viðauka þar sem tilmælum var beint til verkefnisstjórnar að framkvæma eins fljótt og auðið yrði faglegt mat, sbr. ákvæði laga nr. 48/2011 á sex orkukostum, þ.m.t. Hvamms-, Holta- og Urriðafossvirkjun, sem færðir höfðu verið úr nýtingarflokki í biðflokk eftir umsagnarferli fyrri tillögu. Verkefnisstjórnin fékk stuttan frest og lá fyrir að ekki yrði hægt að skipa faghópa með sama hætti og áður en þess í stað voru valdir nokkrir aðilar úr gömlu faghópunum sem höfðu viðeigandi sérþekkingu. Þann 22. október 2013 var síðan skipaður faghópur um laxfiska í Þjórsá með samþykki allra fulltrúa í verkefnisstjórn.

Faghópurinn skilaði áliti sínu 4. nóvember 2013, en þar var komist að þeirri niðurstöðu að réttlætlanlegt væri að flytja Hvammsvirkjun í nýtingarflokk á meðan talið var að Holtavirkjun og Urriðafossvirkjun skyldu enn vera í biðflokki. Á þeim grundvelli var samþykkt að færa Hvammsvirkjun í nýtingarflokk með þingsályktun nr. 16/144, um breytingu á þingsályktun um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða, nr. 13/141, sem samþykkt var á Alþingi 1. júlí 2015. Í áliti faghópsins kom meðal annars eftirfarandi fram:

- Gerður var greinarmunur á þeim svæðum þar sem útbreiðsla göngufiska væri náttúruleg og þeim svæðum þar sem útbreiðslan væri vegna atbeina mannsins, þ.e. ofan Búða. Svæðið ofan Búða væri nú áætlað vera um 48% af útbreiðslu laxa í Þjórsá og hliðarám og 10% af framleiðslusvæði fyrir laxa. Fyrirhugað lón Hvammsvirkjunar myndi raska um 68% af þessum búsvæðum ásamt því að hafa talsverð áhrif á stofna urriða og bleikju.
- Talið var að reynsla af starfsemi seiðafleytu við Hvammsvirkjun myndi draga umtalsvert úr óvissu um virkni mótvægisáðgerða.
- Lagt til grundvallar að áætlanir Landsvirkjunar um vöktun á fiskstofnum Þjórsár eftir mögulega byggingu virkjana þyrftu að vera skýrari.
- Bent er á að ekki lægi fyrir skipuleg viðbragðsáætlun ef einhver mótvægisáðgerða reyndist illa eða mistækist, en slík áætlun væri nauðsynleg.
- Talið var nauðsynlegt að formlegar mótvægisáðgerðir Landsvirkjunar vegna virkjananna þriggja yrðu mun ítarlegri og að hver aðgerð yrði rökstudd sérstaklega í greinargerð um framkvæmd með tilvísun í viðeigandi rannsóknargögn og heimildir.
- Faghópurinn hafði áhyggjur af lítilli þekkingu á göngu- og staðbundnum stofnum urriða og bleikju í Þjórsá og hvatti til að rannsóknir á þeim yrðu stórauðnar.

- Hvað Holtavirkjun varðaði var sérstaklega tekið fram að rannsóknir skorti, þær rannsóknir sem gerðar hefðu verið af starfsmönnum Veiðimálastofnunar væru mikilvægar grunnforsendur en ljóst væri að frekari rannsókna og áætlana væri þörf, t.d. rannsóknir á hrygningarsvæðum og –tímum lax og sjóbirtings. Taldi faghópurinn að formleg tillaga Landsvirkjunar að mótvægisáðgerðum væri í rétta átt, en drægi ekki úr óvissu. Nákvæm útfærsla formlegra mótvægisáðgerða væri sérstaklega mikilvæg og nauðsynlegt væri að betrubæta áætlanir um rennlistýringu sem tæki tillit til þarfa laxfiska á mismunandi ævistigum. Jafnframt væri nauðsynlegt að setja fram formlegar áætlanir um búsvæðagerð og breytingar á farvegum.
- Bent var á að Urriðafossvirkjun myndi hafa áhrif á nánast öllu útbreiðslusvæði laxfiska í Þjórsá.
- Bent var á að stífla vegna lóns við Heiðartanga myndi án mótvægisáðgerða taka fyrir alla fiskgengd í Þjórsá og hindra aðgang að 78% náttúrulegra búsvæða og 88% allra búsvæða laxfiska.
- Tekið fram að mikil óvissa væri um niðurgönguáferli seiða og að ef ráðist yrði í Hvammsvirkjun gæfist tækifæri til að eyða þeirri óvissu. Einnig gæfist þá tækifæri til að afla mikilvægra upplýsinga um straumakerfi í lónum og tengsl þess við atferli laxfiska.

Af þessu er ljóst að faghópur, skipaður af sérfræðingum, taldi að upplýsingar um lífríki Þjórsár væri ábótavant. Veiðifélag Þjórsár leggur áherslu á að ekkert hefur breyst í þessum efnum. Upplýsingum um lífríki Þjórsár og áhrif fyrirhugaðra framkvæmda á lífríki árinna er enn verulega ábótavant, þ.m.t. hvað varðar rennsli, stærð fiskistofna, botndýr, aurskolun úr lónum og seiðafleytur, en ítarleg grein er gerð fyrir þessum óvissuþáttum í fyrri umsögn veiðifélagsins, sbr. Viðauki I. Það eru því engar forsendur fyrir því að færa Holtavirkjun og Urriðafossvirkjun í nýtingarflokk að svo stöddu.

5.2. Þingsályktunartillaga nr. 24/152

Þingsályktunartillaga nr. 24/152 var lögð fram þann 8. febrúar 2022. Með henni var lagt til að Holtavirkjun og Urriðafossvirkjun yrðu færðar úr biðflokk í nýtingarflokk. Meirihluti umhverfis- og samgöngunefndar gerði hins vegar breytingartillögu sem fólst meðal annars í því að Holtavirkjun og Urriðafossvirkjun yrðu flokkaðar í biðflokk. Ástæða þess var sú að talið var réttast að bíða þar til umfjöllun faghópa 3 og 4, um samfélagsleg áhrif fyrirhugaðra virkjana á nærsamfélagið á grundvelli nýrrar nálgunar, væri lokið. Áréttað var í breytingartillögunni að á því landsvæði sem um ræddi væri að finna laxastofn sem talinn væri einstakur á heimsvísu. Þannig væri sú aðferðafræði, sem notuð hefði verið til flokkunar virkjunarkosta, ósamrýmanleg samfélagslegum viðhorfum og sjónarmiðum um mikilvægi laxastofnsins. Þingsályktunartillagan var samþykkt á Alþingi þann 15. júní 2022 þar sem Holtavirkjun og Urriðafossvirkjun var skipað í biðflokk.

Þær forsendur sem lágu að baki framangreindri breytingartillögu eru enn óbreyttar, enda hefur mat á áhrifum á laxastofn Þjórsár ekki farið fram. Af því leiðir að engar forsendur eru fyrir því að færa Holtavirkjun og Urriðafossvirkjun í nýtingarflokk að svo stöddu

6. Greiningar faghópa 3 og 4 í tillögum verkefnastjórnar 5. áfanga

Þann 4. desember 2023 voru tillögur verkefnisstjórnar 5. áfanga: „Endurmat á virkjunarkostum úr 3. áfanga rammaáætlunar“, birtar til umsagnar í samráðsgátt. Í þeim er aftur lagt til að Holtavirkjun og Urriðafossvirkjun verði færðar í nýtingarflokk. Til stuðnings þessum tillögum vísar verkefnisstjórn til

Þess að nú liggja fyrir „ítarleg greining“ faghópa 3 og 4 sem auki skilning á áhrifum þessara virkjanakosta. Veiðifélag Þjórsár er ósammála þessari niðurstöðu verkefnisstjórnar og telur að greiningar faghópa 3 og 4 nægi engan veginn til þess að eyða þeirri óvissu sem ríkt hefur um áhrif þessara virkjana til þess að unnt sé að færa þær í nýtingarflokk.

Veiðifélag Þjórsár áréttar að samkvæmt 5. gr. laga nr. 48/2011 skal fella virkjunarkosti í biðflokk ef talið er að afla þurfi frekari upplýsinga svo unnt sé að meta áhrif á grundvelli sjónarmiða 4. mgr. 3. gr. sömu laga, þ.e. efnahagsleg, umhverfisleg og samfélagsleg áhrif. Með hliðsjón af þessu telur Veiðifélag Þjórsár óheimilt að færa Holtavirkjun og Urriðafossvirkjun úr biðflokki í nýtingarflokk, eingöngu með vísan til greininga faghópa 3 og 4, enda fjalla þær aðeins um efnahagsleg og samfélagsleg áhrif. Eftir stefndur fullkomin óvissa um umhverfisleg áhrif virkjunarkostanna.

Þá bendir Veiðifélag Þjórsár einnig á það að niðurstöður faghóps 3 um samfélagsleg áhrif Holtavirkjunar og Urriðafossvirkjunar, styrkja mun frekar stöðir þess að halda skuli framangreindum virkjunarkostum í biðflokki heldur en að færa skuli þá í nýtingarflokk. Niðurstöður faghóps 3 leiddu þannig í ljós að Holtavirkjun og Urriðafossvirkjun gætu að óbreyttu valdið deilum í samfélaginu, enda sé stuðningur við framangreinda virkjunarkosti minni en við Hvammsvirkjun, sem þó er verulega umdeild.

Faghópur 3 athugaði afstöðu íbúa í fjórum sveitarfélögum til virkjunarkostanna og kom með þeim athugunum m.a. í ljós að tæplega helmingur íbúa Flóahrepps og Skeiða- og Gnúpverjahrepps eru andvígir virkjunarframkvæmdum Urriðafossvirkjunar og aðeins 25% íbúa Skeiða- og Gnúpverjahrepps og 33% íbúa Flóahrepps eru hlynntir þeim. Niðurstöðurnar leiddu einnig í ljós að það er ekki meirihluta stuðningur meðal íbúa með Holtavirkjun.

Enn fremur leiddu athuganir í ljós að 68% svarenda töldu að náttúruvernd ætti að hafa mikið vægi í ákvörðunartöku um virkjunarframkvæmdir í neðri hluta Þjórsá. Af því verður ekki dregin önnur ályktun að mikill meirihluti nærsamfélagsins gerir kröfu um að áhrif virkjunarkosta á náttúru og lífríki séu rannsökuð með fullnægjandi hætti áður en ákvarðanir eru teknar hvað þá varðar.

Veiðifélag Þjórsár telur því ljóst að niðurstöður greiningar faghóps 3 séu til þess fallnar að draga enn frekar úr rökum með því að færa Holtavirkjun og Urriðafossvirkjun í nýtingarflokk, enda næst ekki meirihluta stuðningur við virkjunarkostina og að svo stöddu er með öllu litið fram hjá náttúruvernd við mat á virkjunarkostunum, sem íbúar töldu að hafa skyldi mesta vægið við ákvörðunartöku um virkjunarkosti. Er því með öllu órökrétt að undirbyggja röksemdir tilfærslu virkjunarkostana í nýtingarflokk með greiningu faghóps 3.

7. Áhrif virkjana á lífríki Þjórsár

Eins og ítarlega er rakið í fyrri umsögn Veiðifélags Þjórsár hefur ítrekað verið bent á að umræddir virkjunarkostir ógni lífríki Þjórsár. Allar upplýsingar sem liggja fyrir um áhrif virkjana í Þjórsá gefa til kynna alvarleg og skaðleg umhverfisleg áhrif á lífríki árinna. Verulega skortir á að rannsóknir hafi verið framkvæmdir á þessum áhrifum auk þess sem engar fullnægjandi rannsóknir hafa farið fram á raunverulegri virkni mótvægisáðgerða sem eiga að takmarka slík áhrif. Veiðifélag Þjórsár leggur á það mikla áherslu og skorar á verkefnisstjórn að leggja ekki til að virkjunarkostirnir Holtavirkjun og Urriðafossvirkjun verði færðir úr biðflokki í nýtingarflokk fyrr en hún hefur gengið úr skugga um að allar nauðsynlegar rannsóknir hafi í raun farið fram.

8. Afstaða Hafrannsóknastofnunar

Með bréfi, dags. 9. mars 2024, óskaði Veiðifélag Þjórsár eftir tilteknum upplýsingum um afstöðu Hafrannsóknastofnunar til Holta- og Urriðafossvirkjana. Svar barst frá Hafrannsóknastofnun þann 13. mars 2024. Veiðifélag Þjórsár óskaði meðal annars eftir upplýsingum um hvort Hafrannsóknastofnun væri fylgjandi því að Urriðafossvirkjun og Holtavirkjun yrðu færðar úr biðflokki í nýtingarflokk við endurmat virkjunarkosta 3. áfanga rammaáætlunar án frekari rannsókna á áhrifum á fiskistofna og lífríki Þjórsár. Í svari Hafrannsóknastofnunar við þessari fyrirspurn kom eftirfarandi fram:

„Hafrannsóknastofnun vill minna á mat faghóps 2 í 3. áfanga rammaáætlunar. „Faghópurinn vekur sérstaka athygli á Urriðafossvirkjun sem lenti í næstneðsta sæti í röðun virkjanakosta í þeim áfanga með hliðsjón af aðferðum faghópsins. Það gefur þó engan veginn rétta mynd af þeim verðmætum sem hér eru í húfi með tilliti til íslenska laxastofnsins og því grípur faghópurinn til þess ráðs að setja á virkjunarkostinn „rautt flagg“. Í skýrslu faghóps 2 segir jafnframt: „Áhrif virkjana á veiði og veiðihlunnindi eru mismikil eftir virkjunarkostum. Mest eru þau vegna Urriðafossvirkjunar en þar er um að ræða einn stærsta laxastofn landsins, auk stórs sjóbirtingsstofns, og mikil og vaxandi veiðihlunnindi. Stærsti hluti þessara stofna verður í hættu ef af Urriðafossvirkjun verður en það veltur að miklu leyti á virkni þeirra mótvægisáðgerða sem gert er ráð fyrir að fara í. Þar á eftir raðast Holtavirkjun en drjúgur hluti fiskframléiðslusvæða Þjórsár er ofan Holtavirkjunar. Þar er einnig óvissa um virkni mótvægisáðgerða. Þótt allar mótvægisáðgerðir virki við fyrirhugaðar virkjanir í Þjórsá eins og ætlað er má gera ráð fyrir að áhrif á laxfiska verð talsverð, einkum vegna skerðingar á búsvæðum þeirra í Þjórsá, en búsvæði fara undir lón og vatn skerðist í farvegum“. „Mat á stærð og gæðum búsvæða laxfiska í Þjórsá sýnir að a.m.k. 87% þeirra eru ofan fyrirhugaðrar Urriðafossvirkjunar, 47% ofan Holtavirkjunar og 30% ofan Hvammsvirkjunar. Af búsvæðum laxa í Þjórsá ofan Urriðafoss fer um 14% undir lón Urriðafossvirkjunar (Heiðarlón). Gert er ráð fyrir mótvægisáðgerðum með seiðafleytum og laxastigum en óvissa er um virkni þeirra. Virkjanir í Þjórsá geta haft umtalsverð áhrif á laxastofn árinna og vega áhrif Urriðafossvirkjunar, sem neðsta mannvirkis, þar þyngst. Laxastofn Þjórsár er umtalsverður hluti af íslenskum laxastofnum og veiðinýttjum af þeim“.

Laxastofn Þjórsár er nú talinn vera stærsti laxastofn landsins með um 11% af heildarveiði villtra laxa á landinu miðað við síðustu tíu ár (2013-2022) og sögulega sá næst stærsti á eftir vatnakerfi Ölfusár/Hvítár. Í meðförum verkefnisstjórnar 3. áfanga var ekki tekið tillit til þess fyrirvara sem faghópur 2 gerði í þriðja áfanga. Ekki er heldur að sjá að í umfjöllunum faghópa 3 og 4 í 5. áfanga, sem fjölluðu um þessa virkjunarkosti í Þjórsá, hafi verið tekið tillit til þess að veiðihlunnindi myndu að öllum líkindum skerðast verulega. Sú skerðing myndi hafa áhrif á samfélag og koma til frádráttar af hagkvæmni virkjunarinnar.

Þau gögn sem lögð voru til grundvallar varðandi mat á áhrifum virkjanna á lífríki í neðri Þjórsá þ.m.t. fiskistofna og veiði hefur verið safnað af Hafrannsóknastofnun (áður Veiðimálastofnun). Forsendur til að meta áhrif virkjanna í neðri Þjórsá í rammaáætlun hafa því legið fyrir í meginatriðum í vinnu rammaáætlunar.

Vegna lífríkis Þjórsár og mikilvægra veiðihagsmuna ásamt þeim takmörkunum sem lög um stjórn vatnamála setur telur Hafrannsóknastofnun að þær framkvæmdir sem hafa verið kynntar vegna Urriðafossvirkjunar og Holtavirkjunar geti ekki náð fram að ganga vegna þeirrar miklu skerðingar sem verður á lífríki miðað við þær forsendur sem fyrir liggja. Með þeirri niðurstöðu telur Hafrannsóknastofnun óraunhæft að Holtavirkjun og Urriðafossvirkjun geti átt heima í nýtingarflokki.“ (feitletrun Veiðifélag Þjórsár)

Veiðifélag Þjórsár óskaði jafnframt eftir upplýsingum um hvert væri mat Hafrannsóknastofnunar á stöðu rannsókna á umræddum virkjunarkostum. Í því sambandi var óskað eftir álitni stofnunarinnar á því hvort til staðar væri sú þekking sem til þyrfti áður en framkvæmdir gætu hafist og hvort tímabært væri að flytja virkjunarkostina tvo í nýtingarflokk. Í svari Hafrannsóknastofnunar við þessari fyrirspurn kom eftirfarandi fram:

„Umtalsverðar rannsóknir hafa verið gerðar á lífríki Þjórsár. Þær hafa verið gefnar út í skýrslum og legið fyrir m.a. hjá Veiðifélagi Þjórsár. Sú þekking sem fengist hefur bendir ótvírætt til að virkjanir í neðri Þjórsá koma væntanlega til með að hafa mikil og neikvæð áhrif á lífríki Þjórsár, fiskstofna og veiðihagsmuni. Hafrannsóknastofnun telur að helsta óvissan sé annars vegar af virkni mótvægisáðgerða og hins vegar af því hvort þær framkvæmdir sem fyrirhugaðar eru samræmst lögum um stjórn vatnamála. Taka ber fram að flokkun virkjunarkosta er í höndum verkefnisstjórnar rammaáætlunar sem leggur tillögur fyrir ráðherra og Alþingi.“ (feitletrun Veiðifélag Þjórsár)

Veiðifélag Þjórsár óskaði einnig eftir afstöðu Hafrannsóknastofnunar til þess hvort ástæða væri til að fram færi mat á samlegðaráhrifum Hvamms-, Holta- og Urriðafossvirkjana á viðkomu laxfiskastofnana. Svar Hafrannsóknastofnunar við þessari fyrirspurn var eftirfarandi:

„Það er m.a. Fiskistofu að taka afstöðu í þessu máli. Neðstu tvær virkjanirnar hafa að öllum líkindum mun meiri áhrif en sú efsta og því verði mat fyrir þær ráðandi hvað varðar lífríki í vatni og þá sérstaklega göngufiska. Hafrannsóknastofnun telur að samlegðaráhrif þeirra séu augljós m.t.t. fiskstofna bæði hvað varðar gönguhindranir og ekki síður þau búsvæði sem skerðast sem uppeldissvæði göngufiska þegar þau eru gerð að uppistöðulónum. Hafrannsóknastofnun telur að samlegðaráhrifin hafi legið fyrir a.m.k. í megin atriðum.“ (feitletrun Veiðifélag Þjórsár)

Þá óskaði Veiðifélag Þjórsár eftir upplýsingum um afstöðu Hafrannsóknastofnunar til þess hvort þörf væri á að rannsaka veiðihagsmuni með ítarlegri hætti en gert í umhverfismatinu 2003 og hvernig eigi að tryggja sönnun tjóns. Svar Hafrannsóknastofnunar við þessari fyrirspurn var eftirfarandi:

„Umhverfismat vegna Hvammsvirkjunar var endurskoðað árið 2017. Þar var m.a. tekin fyrir ferðaþjónusta og útivist. Þar var komist að þeirri niðurstöðu að möguleikar ábúenda til stangveiði í Þjórsá og þverám hennar minnki ekki með tilkomu Hvammsvirkjunar. Eins og áður hefur komið fram í skrifum Hafrannsóknastofnunar þá er það mat hennar að leiði framkvæmdir við Hvammsvirkjun til þess að stofn göngufiska minnki mun það vissulega hafa áhrif á fjölda göngufiska sem gengur á svæðið og þar með á veiðinýtingu. Það er ekki í höndum Hafrannsóknastofnunar að meta hvernig eigi að tryggja sönnun tjóns.“

Veiðifélag Þjórsár telur að framangreind svör Hafrannsóknastofnunar séu enn frekari staðfesting á þeim sjónarmiðum sem félagið hefur haldið uppi vegna Holta- og Urriðafossvirkjana. Þannig bendir sú þekking sem fengist hefur ótvírætt til að virkjanir í neðri Þjórsá muni hafa mikil og neikvæð áhrif á lífríki Þjórsár, fiskstofna og veiðihagsmuni. Mikil óvissa ríkir um virkni mótvægisáðgerða og hvort fyrirhugaðar framkvæmdir samræmst lögum um stjórn vatnamála. Samlegðaráhrif þessara virkjana og Hvammsvirkjunar eru augljós m.t.t. fiskstofna, bæði hvað varðar gönguhindranir og ekki síður þau búsvæði sem skerðast sem uppeldissvæði göngufiska þegar þau eru gerð að uppistöðulónum. Þá er jafnframt augljóst að framkvæmdir við þessar virkjanir munu leiða til þess að stofn göngufiska minnki verulega, en það mun hafa áhrif á fjölda göngufiska sem gengur á svæðið og þar með á veiðinýtingu.

Veiðifélag Þjórsár tekur því undir með Hafrannsóknastofnun að vegna lífríkis Þjórsár og mikilvægra veiðihagsmuna, ásamt þeim takmörkunum sem lög um stjórn vatnamála setur, geti framkvæmdir, sem hafa verið kynntar vegna Urriðafossvirkjunar og Holtavirkjunar, ekki náð fram að ganga vegna þeirrar miklu skerðingar sem verður á lífríki miðað við þær forsendur sem fyrir liggja. Það er því með öllu óraunhæft að Holtavirkjun og Urriðafossvirkjun geti átt heima í nýtingarflokki.

9. Niðurlag

Fyrirhugaðar framkvæmdir munu fela í sér gríðarlegt inngrip inn á viðkvæm göngusvæði villtra laxa í Þjórsá sem á sér enga fyrirmynd á Íslandi. Sérfræðingar hafa ítrekað bent á að Hvammsvirkjun, Holtavirkjun og Urriðafossvirkjun muni spilla búsvæðum og gönguleiðum laxfiska, en gera má ráð fyrir að nær allar hrygningar- og uppeldisstöðvar fyrir lax séu ofan Urriðafoss. Í öllu falli er ljóst að gríðarleg óvissa er um áhrif framkvæmdanna á lífríki Þjórsár.

Ítrekað hefur verið sótt að Þjórsá án þess þó að fullnægjandi upplýsinga hafi verið aflað um áhrif virkjanakostana á mikilvægt lífríki árinna. Veiðifélag Þjórsár telur með öllu óforsvaranlegt að færa umrædda virkjunarkosti úr biðflokki í nýtingarflokk án þess að frekari upplýsingar liggi fyrir um áhrif á m.a. laxastofn árinna. Að fenginni niðurstöðu þeirra rannsókna sem fjallað er um í umsögn þessari verður tekin afstaða til þess hvort virkjanirnar raðist í verndarflokk eða nýtingarflokk. Slík framkvæmd yrði í hrópandi ósamræmi við lög nr. 48/2011 um verndar- og orkunýtingaráætlun og gæti haft gríðarleg óafturkallanleg áhrif á mikilvæga auðlind landsins.

Virðingarfyllst,

f.h. Veiðifélags Þjórsár

Oddur Guðni Bjarnason, stjórnarformaður

Viðaukar:

1. *Umsögn Veiðifélags Þjórsár um drög verkefnisstjórnar 5. áfanga rammaáætlunar að tillögum um endurmat á virkjunarkostunum úr 3. áfanga rammaáætlunar, dags. 17. desember 2023.*

Fylgiskjöl:

1. *Athugasemdir Veiðifélags Þjórsár við áform Umhverfisstofnunar um að veita heimild til breytingar vatnshlotsins Þjórsá 1, dags. 30. janúar 2024.*
2. *Bréf Hafrannsóknastofnunar til Veiðifélags Þjórsár, dags. 13. mars 2024.*

VIÐAUKI I

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið
Verkefnisstjórn 5. áfanga rammaáætlunar
Borgartúni 26
105 Reykjavík

Stöðufelli, 17. desember 2023

Mál nr. 254/2023

Efni: Umsögn Veiðifélags Þjórsár um drög verkefnisstjórnar 5. áfanga rammaáætlunar að tillögum um endurmat á virkjunarkostunum úr 3. áfanga rammaáætlunar

Þann 4. desember 2023 voru drög að tillögum verkefnisstjórnar 5. áfanga rammaáætlunar: „Endurmat á virkjunarkostum úr 3. áfanga rammaáætlunar“, birt til umsagnar í samráðsgátt. Í drögum er meðal annars að finna tillögur verkefnisstjórnar um að færa virkjunarkostina Holtavirkjun og Urriðafossvirkjun í Þjórsá úr biðflokki í nýtingarflokk.

Veiðifélag Þjórsár, Stöðulfelli, 801 Selfossi, starfar samkvæmt ákvæðum VI. kafla laga nr. 61/2006, um lax- og silungsveiði, með síðari breytingum. Hlutverk Veiðifélags Þjórsár er að tryggja vöxt og viðgang fiskistofna í Þjórsá. Félaginu ber að tryggja að við áætlun um vernd og orkunýtingu landssvæða sé faglega staðið að rannsóknum á ánni, lífríki hennar og afkomumöguleikum fiska.

Villtu laxa- og sjóbirtingsstofnar Þjórsár eru afar sérstakir. Laxastofninn er sá stærsti sem Ísland hefur að geyma og meðal þeirra stærstu á vatnasvæði beggja vegna Atlantshafsála. Sjóbirtingurinn, sem hefur átt í vök að verjast, stendur sig einna best í ám á Suðurlandi, þar með talið á vatnasvæði Þjórsár.

Samkvæmt 1. mgr. 4. gr. laga nr. 48/2011, um verndar- og orkunýtingaráætlun, er virkjunarkostum skipað í orkunýtingarflokk ef áætlað er að ráðast megi í framkvæmdir með hliðsjón af verndar- og orkunýtingargildi landsvæða og sjónarmiðum um efnahagsleg, umhverfisleg og samfélagsleg áhrif nýtingar, sbr. 4. mgr. 3. gr. laganna. Það ber hins vegar að skipa virkjunarkostum í biðflokk ef talið er að afla þurfi frekari upplýsinga svo meta megi á grundvelli þessara sjónarmiða hvort þeir eigi að falla í orkunýtingarflokk eða verndarflokk, sbr. 1. mgr. 5. gr. laganna.

Veiðifélag Þjórsár vill áréttta mikilvægi þess að framkvæmdaaðilar hafi uppfyllt skilyrði í úrskurðum ráðherra og Skipulagsstofnunar vegna virkjana í Þjórsá áður en áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða er samþykkt á Alþingi. Jafnframt er mikilvægt að fullnægjandi rannsóknir hafi farið fram á áhrifum Holtavirkjunar og Urriðafossvirkjunar og fyrirhuguðum mótvægisaðgerðum áður en þeim er skipað í nýtingarflokk.

Eins og áður segir er gert ráð fyrir því í tillögum verkefnisstjórnar að virkjunarkostirnir Holtavirkjun og Urriðafossvirkjun verði endurmetnir og færðir úr biðflokki í nýtingarflokk. Veiðifélag Þjórsár bendir á að þetta sé lagt til þrátt fyrir að þær röksemdir sem urðu til þess að virkjunarkostirnir voru færðir í

biðflokk standi enn óhaggaðar. Vegna þessa vill Veiðifélag Þjórsár koma eftirfarandi umsögn á framfæri vegna tillagnanna:

10. Um aðdraganda þess að Holtavirkjun og Urriðafossvirkjun var skipað í biðflokk

10.1. Fyrsti áfangi rammaáætlunar

Í mars árið 1999 kynnti ríkisstjórnin framkvæmdaáætlun undir kjörorðinu „Maður - nýting - náttúra; Rammaáætlun um nýtingu vatnsafls og jarðvarma“, en áætlunin var byggð á samþykkt ríkisstjórnarinnar frá árinu 1997. Upphaflegt markmið framkvæmdaáætlunar var að rammaáætlun yrði lokið fyrir árið 2000 en sú ætlan náði ekki fram að ganga, meðal annars vegna þess að verkið hófst ekki fyrr en um vorið 1999. Fyrsti hluti áætlunarinnar spannaði árin 1999-2003 og lauk honum með skýrslu er tók til 19 virkjunarkosta í 10 jökulám og 24 virkjunarkosta á 11 háhitasvæðum.

Árið 1999 skipaði iðnaðarráðherra, í samráði við umhverfisráðherra, sérstaka verkefnisstjórn til að vinna að gerð rammaáætlunarinnar. Formaður hennar var Sveinbjörn Björnsson, fyrrverandi háskólarektor. Verkefnisstjórnin starfaði samkvæmt verklýsingu iðnaðarráðherra í samræmi við framangreinda framkvæmdaáætlun. Hlutverk verkefnisstjórnarinnar var að hafa með höndum heildarstjórn við mótun áætlunarinnar og skipulag við framkvæmd hennar og beina hinni faglegu vinnu í réttan farveg. Jafnframt var hlutverk hennar að standa að samráði og kynningu með skipulegum hætti. Lögð var áhersla á að það ætti að vera hlutverk viðkomandi stofnana, einkum Orkustofnunar og Náttúrufræðistofnunar Íslands, að standa fyrir rannsóknum vegna viðfangsefnisins og vera þannig verkefnisstjórninni öflugur bakhjarl; Orkustofnun á sviði orkumála og Náttúrufræðistofnun Íslands, ásamt Náttúruvernd ríkisins, í málum sem varða náttúrufar og mat á verndargildi.

Vinnu við 1. áfanga rammaáætlunarinnar lauk í nóvember 2003 með skýrslu verkefnisstjórnar um niðurstöður áfangans. Þar voru teknar fyrir 19 vatnsorkuhugmyndir og 24 jarðhitahugmyndir. Af þessum virkjunarhugmyndum höfðu 8 þegar verið heimilaðar. Þegar 1. áfanga rammaáætlunar lauk var ekki ljóst hvernig niðurstöðurnar yrðu notaðar. Ekki voru komin lög um rammaáætlun (þau voru samþykkt á Alþingi síðar) og áætlunin hafði enga lögformlega stöðu í stjórnslunni.

10.2. Umhverfismat

Á árunum 2001-2003 lagði Landsvirkjun fram tvo kosti á útfærslu efri virkjana í Þjórsá til umhverfismats samkvæmt þágildandi lögum nr. 106/2000, um mat á umhversáhrifum. Annars vegar var um að ræða Núpsvirkjun í einu þrepi og hins vegar virkjun í tveimur þrepum sem samanstóð af Hvammsvirkjun og Holtavirkjun. Umhverfismat neðstu virkjunarinnar, Urriðafossvirkjunar, var sjálfstæð aðgerð sem gerð var á sama tíma en án þess að mat færi fram á samlegðaráhrifum með efri virkjunum.

Með úrskurði Skipulagsstofnunar, dags. 19. ágúst 2003, var fallist á fyrirhugaða virkjun Þjórsár í tveimur þrepum með byggingu Hvammsvirkjunar og Holtavirkjunar með eftirfarandi skilyrðum:

„1. Framkvæmdaraðili endurheimti votlendi á Suðurlandi sem er a.m.k. til jafns að flatarmáli og það votlendi sem raskast eða verður fyrir áhrifum við fyrirhugaðar framkvæmdir í samráði við

hlutaðeigandi landeigendur og sveitarstjórnir. Áður en framkvæmdir hefjast skal framkvæmdaraðili bera áætlun um endurheimt votlendisins undir Umhverfisstofnun.

2. Framkvæmdaraðili fyrirbyggji fok á sand- og aurasvæðum sem þorna við framkvæmdirnar með aðgerðum í samráði við Landgræðslu ríkisins og Umhverfisstofnun.

3. Framkvæmdaraðili vakti öldurof og eyðingu gróðurs á ströndum lóna í 10 ár eftir að þau verða tekin í notkun og hafi samráð við sveitarstjórnir, Umhverfisstofnun og Landgræðslu ríkisins um mótvægisáðgerðir verði þeirra þörf. Áður en framkvæmdir hefjast skal framkvæmdaraðili bera áætlun um vöktun undir Umhverfisstofnun og Landgræðslu ríkisins.

4. Áður en til framkvæmda kemur þarf framkvæmdaraðili að standa fyrir þeim viðbótarrannsóknnum um grunnástand lífríkis í Þjórsá sem lagðar eru til í sérfræðiskýrslu Veidimálastofnunar um lífríki Þjórsár og raktar eru í kafla 4.3.3 í þessum úrskurði. Í ljósi niðurstaðna þessara rannsókna þarf framkvæmdaraðili að útfæra nánar og grípa til þeirra mótvægisáðgerða sem lagðar eru til í fyrrnefndri sérfræðiskýrslu Veidimálastofnunar. Að loknum framkvæmdum þarf framkvæmdaraðili að fara að þeim tillögum að vöktun sem fram koma í sérfræðiskýrslunni og raktar eru í kafla 4.3.3 í þessum úrskurði. Vöktun þarf að standa yfir í a.m.k. 10 ár frá því að starfsemi virkjananna hefst. Viðbótarrannsóknir, mótvægisáðgerðir og vöktun þarf að vinna í samráði við og bera undir veiðimálastjóra.

5. Framkvæmdaraðili fari að tillögum Fornleifaverndar ríkisins að mótvægisáðgerðum vegna áhrifa á hvern og einn fundarstað fornleifa sem raktar 2002090059 67 eru í kafla 4.2 í þessum úrskurði. Framkvæmdaraðili þarf að standa fyrir könnun á fornleifum á áhrifasvæði vega, slóða, vinnubúða og háspennulínu áður en framkvæmdir hefjast í samráði við Fornleifavernd ríkisins og fara að þeim tillögum að mótvægisáðgerðum sem stofnunin kann að gera vegna áhrifa á fornleifar á þessum svæðum.“

Þá féllst Skipulagsstofnun á fyrirhugaða Urriðafossvirkjun með úrskurði, dags. 19. ágúst 2003, með eftirfarandi skilyrðum sem voru sambærileg þeim sem að framan greinir:

„1. Framkvæmdaraðili endurheimti votlendi á Suðurlandi sem er a.m.k. til jafns að flatarmáli og það votlendi sem raskast eða verður fyrir áhrifum við fyrirhugaðar framkvæmdir í samráði við hlutaðeigandi landeigendur og sveitarstjórnir. Áður en framkvæmdir hefjast skal framkvæmdaraðili bera áætlun um endurheimt votlendisins undir Umhverfisstofnun.

2. Framkvæmdaraðili græði upp öll haugsvæði vegna breytinga á farvegi ofan lóns og móti land á haugsvæðum í samráði Umhverfisstofnun og Landgræðslu ríkisins. Ennfremur vakti framkvæmdaraðili fyrirhuguð haugsvæði árlegs uppðælingarefnis með tilliti til fohættu og grípi til mótvægisáðgerða til að hindra fok frá haugsetningarsvæðum. Bera þarf vöktunaráætlun undir Landgræðslu ríkisins.

3. Framkvæmdaraðili vakti öldurof og eyðingu gróðurs á ströndum lóns í 10 ár eftir að það verður tekið í notkun og hafi samráð við sveitarstjórnir, Landgræðslu ríkisins og Umhverfisstofnun um mótvægisáðgerðir verði þeirra þörf. Áður en framkvæmdir hefjast skal framkvæmdaraðili bera áætlun um vöktun undir Umhverfisstofnun og Landgræðslu ríkisins.

4. Áður en til framkvæmda kemur þarf framkvæmdaraðili að standa fyrir þeim viðbótarrannsóknnum um grunnástand lífríkis í Þjórsá sem lagðar eru til í sérfræðiskýrslu Veidimálastofnunar og raktar eru í kafla 4.3.3 í þessum úrskurði. Í ljósi niðurstaðna þessara rannsókna þarf framkvæmdaraðili að útfæra nánar og grípa til þeirra mótvægisáðgerða sem lagðar eru til í fyrrnefndri sérfræðiskýrslu Veidimálastofnunar. Að loknum framkvæmdum þarf framkvæmdaraðili að fara að þeim tillögum að vöktun sem fram koma í sérfræðiskýrslunni og koma fram í kafla 4.3.3 þessa úrskurðar. Vöktun þarf að standa yfir í a.m.k. 10 ár frá því að starfsemi virkjunar hefst. Viðbótarrannsóknir, mótvægisáðgerðir og vöktun verði unnin í samráði við og borin undir veiðimálastjóra.

5. Framkvæmdaraðili fari að tillögum Fornleifaverndar ríkisins að mótvægisáðgerðum vegna áhrifa á hvern og einn fundarstað fornleifa sem raktar eru í kafla 4.2 í þessum úrskurði.“

Úrskurðir Skipulagsstofnunar voru kærðir til umhverráðherra sem úrskurðaði í báðum málum þann 27. apríl 2004. Í báðum tilvikum voru úrskurðir Skipulagsstofnunar staðfestir með eftirfarandi breytingu á skilyrði 3 í úrskurðinum:

„Framkvæmdaraðili vakti öldurof og eyðingu gróðurs á ströndum lóna á meðan virkjunin er starfrækt og hafi samráð við sveitarstjórnir, Umhverfisstofnun og Landgræðslu ríkisins um mótvægisáðgerðir verði þeirra þörf. Áður en framkvæmdir hefjast skal framkvæmdaraðili bera áætlun um vöktun undir Umhverfisstofnun og Landgræðslu ríkisins.“

Jafnframt var eftirfarandi skilyrðum bætt við úrskurð Skipulagsstofnunar um Hvammsvirkjun og Holtavirkjun:

„Samhliða hönnun virkjunarinnar, skal framkvæmdaraðili láta gera áhættumat fyrir virkjunina þar sem sýnt er fram á að árleg staðaráhætta fólks á svæðinu eftir byggingu mannvirkjanna verði ekki meiri en talin er ásættanleg vegna ofanflóða.“

„Framkvæmdaraðili girði af farveg árinna á báðum bökkum hennar eftir þörfum og setji upp aðvörunarskilti á viðeigandi stöðum til að draga úr hættu vegna skyndilegrar rennslisaukningar. Jafnframt skal framkvæmdaraðili setja upp aðvörunarbúnað sem gefur til kynna með hljóðmerki slíka hreyfingu á loku stíflunnar.“

Þá var eftirfarandi skilyrðum bætt við úrskurð Skipulagsstofnunar um Urriðafossvirkjun:

„Áður en framkvæmdir hefjast skal framkvæmdaraðili standa fyrir rannsóknnum á greppmosa ofan og neðan við áhrifasvæði Urriðafossvirkjunar til þess að leiða í ljós hvort tegundin finnist á svæðinu, útbreiðslu hennar og magn.“

„Verði vart kólnunar í laug í landi Herriðarhóls í Ásahreppi skal hún fódruð niður á berg og jarðvegurinn umhverfis hana þéttur í samráði við Umhverfisstofnun og landeiganda.“

„Samhliða hönnun mannvirkjanna, skal framkvæmdaraðili láta gera áhættumat fyrir virkjunina þar sem sýnt verði fram á að árleg staðaráhætta fólks á svæðinu eftir byggingu mannvirkjanna verði ekki meiri en talið er ásættanlegt vegna ofanflóðahættu.“

„Framkvæmdaraðili girði af farveg árinna á báðum bökkum hennar eftir þörfum og setji upp aðvörunarskilti á viðeigandi stöðum til að draga úr hættu vegna skyndilegrar rennslisaukningar. Jafnframt skal framkvæmdaraðili setja upp aðvörunarbúnað sem gefur til kynna með hljóðmerki slíka hreyfingu á loku stíflunnar.“

Veiðifélag Þjórsár bendir sérstaklega á að í 4. skilyrði beggja úrskurða er kveðið á um að áður en til framkvæmda kemur þurfi framkvæmdaraðili að standa fyrir þeim viðbótarrannsóknnum um grunnástand lífríkis í Þjórsá sem lagðar eru til í sérfræðiskýrslu Veiðimálastofnunar um lífríki Þjórsár. Jafnframt kemur þar fram að framkvæmdaraðili þurfi að taka mið af þessum rannsóknnum og útfæra nánar og grípa til þeirra mótvægisáðgerða sem lagðar eru til í fyrrnefndri sérfræðiskýrslu Veiðimálastofnunar. Einnig þarf framkvæmdaraðili að framkvæmdum loknum að fara að þeim tillögum að vöktun sem fram koma í sérfræðiskýrslunni. Viðbótarrannsóknir, mótvægisáðgerðir og vöktun þarf síðan að vinna í samráði við og bera undir veiðimálastjóra.

Í umræddri sérfræðiskýrslu Veiðimálastofnunar kemur fram að virkjanir í Þjórsá muni hafa neikvæð áhrif á lífríki árinna og að minnka megi áhrif verulega með mótvægisáðgerðum. Í því sambandi voru lagðar til eftirfarandi mótvægisáðgerðir:

- Stýra rennsli í farvegum með skertu rennsli og forðast snöggar rennislisbreytingar.
- Lagfæra farvegi og gera búsvæði á ákveðnum köflum og í sérstökum hliðarlænum.
- Byggja fiskvegi fram hjá stíflumannvirkjum.
- Veita seiðum og fiski í sjógöngu fram hjá virkjunum og stíflumannvirkjum.
- Sleppa seiðum á heppileg svæði.
- Opna upp ný svæði fyrir göngufisk.
- Hanna mannvirki og túrbínur þannig að ekki verði um ofauðgun lofts eða fiskdauða að ræða.

Veiðimálastofnun tók einnig fram að þörf væri á frekari rannsóknum og lagði til eftirfarandi viðbótarrannsóknir á áhrifum á lífríki Þjórsár:

- Meta þurfi seiðaveitur og væntanlegan árangur slíkra mannvirkja. Gera þurfi verkfræðilegar útfærslur á þeim áðgerðum sem helst komi til greina og meta út frá straumfræði og fiskatferli.
- Kanna þurfi gönguhegðun og finna göngutíma laxaseiða til sjávar í Þjórsá svo unnt sé að tímastilla og hagræða aðferðum til að veita seiðum niður fram hjá virkjunum.
- Kanna þurfi mun betur göngur sjóbirtingsseiða og stálpaðs sjóbirtings á leið til sjávar. Einnig séu takmarkaðar upplýsingar um stærð og útbreiðslu sjóbirtings á vatnakerfinu sem bæta þyrfti.
- Kanna þurfi gönguhegðun laxfiska á leið upp Þjórsá með rafeindamerkingum.

Einnig kemur fram að komi til framkvæmda sé nauðsynlegt að hefja vöktunarrannsóknir á áhrifum á vatnalífríki. Þessar rannsóknir miði einkum að því að nema breytingar vegna myndunar lóna og breyttra rennlishátta og meta árangur mótvægisáðgerða.

Að mati Veiðifélags Þjórsár hafa framkvæmdaaðilar ekki uppfyllt framangreind skilyrði í úrskurðum ráðherra og Skipulagsstofnunar. Því telur Veiðifélagið ekki tilefni til þess að endurmeta flokkun Holtavirkjunar og Urriðafossvirkjunar að svo stöddu.

10.3. Annar áfangi rammaáætlunar

10.3.1. Verkefnisstjórn

Ný þriggja manna verkefnisstjórn var skipuð í september 2004. Formaður var Sveinbjörn Björnsson eins og í 1. áfanga. Í skipunarbréfi kom fram að hún skyldi undirbúa fleiri virkjunarhugmyndir til mats og bæta gögn eða endurskoða tilhögun ýmissa hugmynda sem teknar voru fyrir í 1. áfanga. Áhersla var lögð á að fá heildarmat á sem flestum háhitasvæðum. Einnig var gert ráð fyrir að þörf kynni að vera á að þróa áfram aðferðir við mat á náttúrufari.

Verkefnisstjórnin skipaði sér til aðstoðar tvo ráðgjafahópa; öðrum var ætlað að endurskoða aðferðir við mat á landslagi en hinum var falið mat á orkugetu og verndargildi háhitasvæða. Þessi verkefnisstjórn lauk störfum í maí 2007 og skilaði þá framvinduskýrslu. Við undirbúning vinnunnar við 2. áfanga leit verkefnisstjórnin til þess hvernig verklag hafði verið við 1. áfanga og setti á laggirnar fjóra faghópa sérfræðinga sem lögðu grundvöll að röðun svæða eftir verðmætum og virkjunarhugmyndum og ólíkum hagsmunum.

Verksvið faghópanna voru:

- I. Náttúra og menningarminjar
- II. Útivist, ferðapjónusta og hlunnindi
- III. Efnahagsleg og félagsleg áhrif virkjana
- IV. Virkjunarhugmyndir og hagkvæmni þeirra

10.3.2. Faghópur I

Vinna faghóps I byggði á svipuðum aðferðum og í 1. áfanga. Mat á áhrifum vatnsaflsvirkjana var að mestu miðað við vatnasvið ofan stíflu en meginfarveg fallvatns neðan hennar. Svæði sem til greina koma vegna vatnsaflsvirkjana voru afmörkuð þannig að miðað var við vatnasvið ofan fyrirhugaðra stíflumannvirkja en þar fyrir neðan var aðeins tekinn meginfarvegurinn og næsta nágrenni hans.

Faghópur I hafði lítil eða óveruleg gögn um áhrif framkvæmda vegna stórs hluta virkjanahugmynda og hafði ekki tök á að meta ýmsa þætti sem gætu haft gífurleg áhrif þegar um er að ræða stórar framkvæmdir. Fyrir vatnsaflsvirkjanir átti þetta meðal annars við um áhrif vatnaflutninga milli vatnasviða, breytingar á rennsli og breytingar á vorflóðum og framburði á votlendi á láglandi. Sem dæmi um mikilvægan þátt, sem faghópurinn hafði ekki tök á að meta, eru áhrif miðlunar jökuláa á lífríki og vatnafar á grunnslóð og áhrif á nýliðun og vaxtarskilyrði helstu stofna nytjafiska á Íslandsmiðum.

Við mat á virkjunarhugmyndum í 2. áfanga var nokkrum sinnum minnst á mótvægisáðgerðir. Það var mat sérfræðinga að þær mótvægisáðgerðir, sem kynntar hefðu verið, hefðu í fyrsta lagi verið mjög óljósar og erfitt að meta þær af þeim sökum og í öðru lagi að mikill vafi léki á því að slíkar áðgerðir myndu heppnast eins og væntingar framkvæmdaaðila stæðu til. Vegna þessa var eftirfarandi áréttað sérstaklega í niðurstöðum faghópsins:

„Staða þekkingar var mjög breytileg eftir svæðum og viðföngum og víða skortir enn grunn gögn og yfirsýn um menningarminjar og náttúru Íslands. Sameiginlegur Akkillesarhæll margra viðfanga er að þekking er enn gloppótt og yfirsýn vantar þannig að erfitt er að meta verðmæti einstakra svæða á mælikvarða landsins alls. Oft er þekking mest þar sem eru fýsilegar virkjunarhugmyndir og virkjunaraðilar hafa kostað. Varðandi áframhaldandi vinnu við rammaáætlun vill faghópur I koma þeim skilaboðum til verkefnisstjórnar og stjórnvalda að hann telur sérstaklega mikilvægt að bæta rannsóknir og þekkingu.“

10.3.3. Faghópur II

Hlutverk faghóps II var að meta áhrif einstakra virkjunarhugmynda á ferðapjónustu, útivist, landbúnað og hlunnindi.

Þrátt fyrir að þessi faghópur hafi lagt í mikla vinnu við að leita uppi og safna saman tiltækum gögnum var upplýsingagrunnurinn götóttur. Faghópurinn leitaði margra leiða til að fylla upp í "stærstu götin", en í því sambandi var meðal annars stuðst við munnlegar heimildir og fanga leitað hjá staðfróðum aðilum. Ef ekki var um slíkt að ræða var stuðst við þá aðra vitneskju sem lá fyrir og mat þeirra sem best þekktu til.

Mat á virði veiðihlunninda og áhrifum á þau frá virkjunarhugmyndum, sem til umfjöllunar eru í 2. áfanga rammaáætlunar, var umfangsmikið og flókið viðfangsefni enda um mörg svæði að ræða. Það sem ekki síst hamlaði þeirri vinnu var að útlistun á virkjunaráformum, útfærslu, rekstri og

mótvægisáðgerðum var af mjög skorum skammti í allmörgum tilfellum. Óvissa um hvernig viðkomandi virkjanir yrðu í raun, og um þau áhrif sem þær myndu valda, bættist því við það sem fyrir lá að meta. Vegna þessa áréttaði verkefnisstjórn 2. áfanga rammaáætlunar eftirfarandi í niðurstöðum sínum:

„Þegar kemur að virkjunarhugmyndum í minni vatnsföllum og á láglandi, er víst að ýmsir þættir, sem lítið vægi höfðu í 1. og 2. áfanga, þurfa meiri athygli, svo sem veiðihlunnindi og nálægð við byggð. Í nýjum lögum um stjórn vatnamála er tiltekið að flokka skuli yfirborðsvatn t.d. allt vatn í stöðuvatni eða á. Sú flokkun tæki mið af gæðum lífríkis í vatni, en að auki mögulegri röskun á legu vatna, efnainnihaldi þeirra eða eðlisástandi. Markmiðið er að flokka vatn eftir vistfræðilegu ástandi þess í fimm gæðaflokka, þ.e. mjög gott, gott, ekki viðunandi, slakt og lélegt. Þessari flokkun skal vera lokið fyrir 1. janúar 2013.“

Verkefnisstjórn 2. áfanga rammaáætlunar skilaði niðurstöðu sinni til iðnaðarráðherra og umhverfis- og auðlindaráðherra í júní 2011. Lauk þar með störfum verkefnisstjórnarinnar. Við tók gerð tillögu til þingsályktunar um verndar- og orkunýtingaráætlun, en hún var lögð fram á Alþingi í mars 2012. Í henni kom eftirfarandi fram um Urriðafossvirkjun:

„Í skýrslu verkefnisstjórnar rammaáætlunar er tilgreint að Urriðafossvirkjun hefur áhrif á stærstu laxveiðistofna landsins með um 10% af náttúrulegri laxveiði á Íslandi. Óhjákvæmilegt sé því að fram fari nýtt heildarmat á umhverfisáhrifum og niðurstaða fengin sem sýni hver áhrif framkvæmdarinnar verði á laxfiska í ánni. Í umsögninni er að finna ýmsar nýjar upplýsingar um möguleg áhrif framkvæmdarinnar á laxfiska í ánni, m.a. um seiðaveitur. Mat á umhverfisáhrifum vegna Urriðafossvirkjunar er frá 19. ágúst 2003 og rennur það úr gildi 19. ágúst 2013, þ.e. verði framkvæmdir ekki hafnar innan þess tíma. Þar sem ekki stendur til að sækja um eða gefa út virkjunarleyfi fyrir ágúst 2013 er ljóst að nýtt mat á umhverfisáhrifum mun verða unnið vegna virkjunarkostsins. Við það mat munu allar nýjar upplýsingar um áhrif á laxfiska verða teknar með í reikninginn, þ.e. nýtt heildarmat á umhverfisáhrifum vegna framkvæmdarinnar. Með vísan til þess að afla þurfi frekari upplýsinga um hvaða áhrif Urriðafossvirkjun muni hafa á laxfiska í Þjórsá er með þingsályktunartillögu þessari lagt til að virkjunarkosturinn verði flokkaður í biðflokk. Varúðarsjónarmið liggja að baki þeirri tillögu. Frekari rannsóknir þurfa að leiða nánar í ljós hvaða áhrif framkvæmdin geti haft á laxfiska í ánni.“

Um Holta- og Hvammsvirkjanir segir í tillögunni:

Í innsendum umsögnum vegna Hvammsvirkjunar (29) og Holtavirkjunar (30) kemur fram að áhrif virkjananna á laxfiska í Þjórsá séu talin óljós og þarfnist frekari rannsókna við, sbr. umfjöllun um Urriðafossvirkjun (31) hér að framan. Með vísan til þess að afla þurfi frekari upplýsinga um hvaða áhrif Hvammsvirkjun (29) og Holtavirkjun (30) muni hafa á laxfiska í Þjórsá er með þingsályktunartillögu þessari lagt til að virkjunarkostirnir verði flokkaðir í biðflokk. Varúðarsjónarmið liggja að baki þeirri tillögu. Frekari rannsóknir þurfa að leiða nánar í ljós hvaða áhrif framkvæmdirnar geti haft á laxfiska í ánni.

Þingsályktunartillagan náði ekki fram að ganga. Hún var hins vegar lögð fram aftur á næsta þingi (nr. 13/141, 89. þingmál) og var hún samþykkt 14. janúar 2013.

Af ofangreindu má draga þá ályktun að til þess að unnt sé að færa virkjunarkostinn úr biðflokk og í nýtingarflokk þurfi nýtt umhverfismat að koma til sem þá hefði í för með sér stórauðnar upplýsingar um áhrif virkjunarkostsins á m.a. laxfiska. Slíkt umhverfismat hefur ekki farið fram og er hið fyrra þegar runnið úr gildi. Fram kemur í þingsályktuninni að sömu sjónarmiða gætir að mestu hvað varðar Hvammsvirkjun og Holtavirkjun. Þar sem nýtt umhverfismat hefur ekki farið fram og ekki hefur verið bætt úr þeim upplýsingaskorti, sem varð til þess að með þingsályktun nr. 13/141 var sú ákvörðun tekin að færa alla þrjá virkjanakosti í biðflokk, eru engar forsendur til þess að færa virkjanakostina í nýtingarflokk nú.

10.3.4. Umsögn Veiðifélags Þjórsár um þingsályktunartillögu nr. 13/141

Þann 2. október 2012 skilaði Veiðifélag Þjórsár umsögn um þingsályktunartillögu nr. 13/141. Í umsögninni gerði Veiðifélag Þjórsár athugasemdir við hvernig umræða hefði farið fram um rannsóknir og nýtingu í og við Þjórsá. Í þeirri umræðu hafði Landsvirkjun verið leiðandi aðili, rannsakandi og væntanlegur notandi auðlindarinnar. Landsvirkjun hafi hins vegar virt allar athugasemdir Veiðifélagsins að vettugi. Að mati Veiðifélagsins vantaði mikið upp á að fyrirliggjandi rannsóknir væru fullnægjandi um ýmis grundvallaratriði varðandi stofngerðir og stærðir fiska ásamt langtíma sveiflum þeirra af náttúrulegum ástæðum.

Í þessu sambandi var bent á að í bókun aðalfundar Veiðifélagsins frá 3. apríl 2012 hefði komið fram að félagið fagnaði framkomnum breytingum á rammaáætlun um vernd og nýtingu náttúruauðlinda að því er varðar Þjórsá. Tekið var fram að þrátt fyrir rannsóknir á lífríki Þjórsár frá árinu 2001 hefðu vísindamenn ekki vitneskju um stofnstærð sjógöngusilungs eða lax í ánni. Þá kom fram að vegna villandi umræðu um rannsóknir á lífríki Þjórsár skoraði fundurinn á Veiðimálastofnun að sjá til þess að gerð yrði stofnstærðarmæling á sjógöngufiski í ánni. Það væri mat aðalfundar félagsins að stofnstærðarmæling ætti að verða fyrsta skref ef rannsaka ætti lífríki árinna frekar. Lagði Veiðifélagið áherslu á að stofnstærðarmæling væri grundvallaratriði. Vitneskja um stærðir fiskstofna í ánni þyrftu að liggja fyrir áður en mögulegt væri að áætla á hvern hátt ætti að vernda lífríki árinna kæmi til mannvirkjagerðar í og við ána. Fyrir en stofnstærðir lægju fyrir væri hvorki hægt að segja til um fæðu- og búsvæðabörf né hve umfangsmiklar mótvægisáðgerðir þyrftu að ráðast í. Ógerlegt væri að meta tjón á óþekktri stærð fiskstofna.

Einnig kom fram að Veiðifélag Þjórsár hefði efasemdir um að mögulegt yrði að bjarga fiskstofnum Þjórsár ef virkjað yrði í neðri hluta árinna. Mótvægisáðgerðir þær sem Landsvirkjun hefði kynnt væru ekki líklegar til árangurs. Áréttað var að það væri mat Veiðifélags Þjórsár að það þyrftu að liggja fyrir niðurstöður rannsókna óháðra aðila um eftirfarandi atriði áður en mögulegt yrði að útfæra lausnir til bjargar lífríki árinna:

- a) Stofnstærðum og sveiflum í stærð þeirra milli ára.
- b) Göngu fiska.
- c) Hrygningarsvæðum fiska.
- d) Fæðu og uppeldisskilyrðum.
- e) Rennslisbreytingum og útskolun lóna.
- f) Áhrif á vistkerfi.
- g) Viðbragðsáætlunum.

Lögð var áhersla á að tryggja þyrfti að vatnsmagn væri jafnt allt árið í núverandi farvegum sem og öðrum þeim farvegum sem fiskur gengi um. Þannig þyrfti vatnsmagn að vera nægjanlegt til göngu,

hrygningar og uppeldis. Einnig þyrfti að tryggja að ekki ætti sér stað flóð í ánni sem afleiðing af starfsemi virkjana.

Þá var tekið fram að sýna þyrfti fram á með óyggjandi hætti að ekki yrðu afföll á seiðum í lónum og að seiðaveitur myndu virka þannig að seiði kæmust fram hjá virkjunum og til sjávar. Áður en framkvæmdir gætu hafist yrði að vera búið að rannsaka sveiflur á stærð fiskstofna í ánni, breytingar á lífsskilyrðum milli ára, hverju þyrfti að breyta í farvegum neðan við stíflur og að tryggt yrði að þær aðgerðir yrðu framkvæmdar á vel völdum tíma með tilliti til gönguhegðunar sjóbirtings og lax. Einnig væri mikilvægt að ekki yrði hleypt botnfalli úr lónum út í farvegi neðan við stíflur.

10.4. Þriðji áfangi rammaáætlunar

Verkefnisstjórn 3. áfanga rammaáætlunar var skipuð af umhverfis- og auðlindaráðherra í mars 2013 og tók til starfa í maí sama ár. Í verkefnisstjórninni sátu: Stefán Gíslason, umhverfisstjórnunarfræðingur, formaður, skipaður án tilnefningar, Þóra Ellen Þórhallsdóttir, prófessor, skipuð án tilnefningar, Helga Barðadóttir, sérfræðingur, tilnefnd af atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti (t.o.m. 1. september 2016; Sigurður St. Arnalds tók við af Helgu og sat til loka skipunartíma verkefnisstjórnarinnar), Ólafur Örn Haraldsson, þjóðgarðsvörður, tilnefndur af atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti, Hildur Jónsdóttir, sérfræðingur, tilnefnd af forsætisráðuneyti, og Elín R. Líndal, sveitarstjórnarfulltrúi, tilnefnd af Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Í erindisbréfi verkefnisstjórnarinnar, dags. 25. mars 2013, kom eftirfarandi fram:

„Verkefnisstjórn starfar samkvæmt lögum nr. 48/2011 um verndar- og orkunýtingaráætlun og hefur það hlutverk að vera ráðherra til ráðgjafar við undirbúning að gerð tillagna fyrir verndar- og orkunýtingaráætlun, sbr. 8.-11. gr. laganna. Markmið laganna er að tryggja að nýting landsvæða þar sem möguleikar eru á orkuvinnslu byggist á langtímasjónarmiðum og heildstæðu hagsmunamati, með sjálfbæra þróun að leiðarljósi. Verkefnisstjórnin fjallar um virkjunarhugmyndir og landsvæði í samræmi við beiðnir þar um og getur einnig endurmetið virkjunarhugmyndir og landsvæði gildandi áætlunar.

Samkvæmt lögum nr. 48/2011 ber verkefnisstjórn að skipa faghópa með sérfræðingum á viðeigandi sviðum til að fara yfir virkjunaráform og skal hún að fengnum niðurstöðum faghópa vinna drög að tillögum um flokkun virkjunarhugmynda og afmörkun virkjunar- og verndarsvæða. Að loknu samráðs- og kynningarferli og umhverfismati í samræmi við lög nr. 105/2006 ber verkefnisstjórn að leggja fyrir ráðherra rökstuddar tillögur um flokkun virkjunarhugmynda og afmörkun landsvæða.“

Þann 12. júlí 2013 sendi Sigurður Ingi Jóhannsson, þáverandi umhverfis- og auðlindaráðherra, verkefnisstjórn eftirfarandi viðauka:

„Ráðuneytið beinir þeim tilmælum til verkefnisstjórnar verndar og orkunýtingar landsvæða að forgangsraða vinnu sinni þannig að hún framkvæmi, eins fljótt og auðið er, faglegt mat, sbr. ákvæði laga nr. 48/2011, á eftirfarandi þáttum:

þeim sex orkukostum sem færðir voru úr nýtingarflokki í biðflokk eftir umsagnarferli tillögunnar sl. vetur, þ.e. Hvamms-, Holta- og Urriðafossvirkjun, Skrokköldu, Hágöngum I og Hágöngum II. Álitaefnið vegna þessara kosta er fyrst og fremst áhrif Þjórsárvirkjana á laxastofna. Tillögur

verkefnisstjórnar að flokkun umræddra virkjunarkosta skulu liggja fyrir eigi síðar en 15. febrúar 2014.“

Á fundi verkefnisstjórnarinnar, þann 28. ágúst 2013, var rætt um hvernig vinnu verkefnisstjórnarinnar skyldi háttáð fram að skilum. Tekið var fram að samkvæmt viðauka við erindisbréf skyldu tillögur verkefnisstjórnar að flokkun umræddra virkjunarkosta liggja fyrir eigi síðar en 15. febrúar 2014. Rætt var um að þetta þýddi í reynd, að teknu tilliti til lögbundins kynningarferlis, að tillögurnar þyrftu að vera tilbúna 15. október 2013 og tíminn því mjög knappur.

Á fundi verkefnisstjórnarinnar, þann 11. september 2013, var tímalína verkefnisins rædd. Farið var yfir að tímapressa yrði á verkefninu fram í febrúar og spunnust nokkrar umræður um orsakir þessarar tímapressu. Mikið var rætt hvort það væri rétt og eðlilegt að skipa *ad hoc* faghópa til að taka fyrir einstök mál sem tengdust einstökum virkjunarkostum og nota niðurstöður slíkra athugana sem grundvöll flokkunar. Nokkur umræða spannst um það hvaða viðfanga nákvæmlega ætti að taka tillit til í meðförum verkefnisstjórnar og faghópa á þeim kostum sem nú væru í flýtimeðferð. Umræða spannst í hópnum um lagalegan grundvöll aðferðafræðinnar og hvað væri „faghópur“ í skilningi laganna. Stefán Gíslason lagði til að hafist yrði strax handa við að skrifa uppkast að niðurstöðuskýrslu verkefnisstjórnar.

Á fundi verkefnisstjórnarinnar, þann 25. september 2013, var rætt um að einum sérfræðingi hafi verið falið að gera úttekt á rannsóknum um laxfiska í Þjórsá. Var brugðið á þetta ráð vegna afar knapps tímaramma sem vinnu verkefnisstjórnar með virkjunarkosti í neðri Þjórsá var settur og sem leyfði ekki að faghópar í anda 2. áfanga væru myndaðir. Á fundinum var ákveðið að leitað yrði til valins hóps óháðra sérfræðinga í umsagnarferlinu sem stæði fyrir dyrum. Vonir stæðu til að þannig myndi nást svipaður árangur og með faghópavinnu.

Á fundi verkefnisstjórnarinnar, þann 1. október 2013, var lagt til að verkefnisstjórn myndi biðja ráðherra um frest á skilum í u.þ.b. mánuð. Aðalástæðan fyrir því væri sú að verkefnisstjórn teldi sig ekki geta metið virkjunarkostina í neðri Þjórsá fyrr en svör við spurningum og athugasemdum Skúla Skúlasonar hefðu borist frá Landsvirkjun. Stefáni Gíslasyni var falið að biðja um frestinn. Rætt var í smáatriðum um hvernig vinnu verkefnisstjórnar skyldi háttáð fram að skilum, þ.m.t. um aðferðafræði við röðun og fyrir hvaða kosti nægileg gögn væru fyrir hendi til að taka endanlega ákvörðun.

Á fundi verkefnisstjórnarinnar, þann 8. október 2013, kom fram að skýrsla Skúla Skúlasonar um laxfiska í Þjórsá væri ekki alveg tilbúin fyrir fundinn eins og vonast hafði verið til en pappírseintökum af nánast fullbúnu uppkasti var dreift á fundinum. Nokkrar umræður spunnust um væntanlega beiðni verkefnisstjórnar til Landsvirkjunar um frekari upplýsingar.

Á fundi verkefnisstjórnarinnar, þann 14. október 2013, var rætt um að mánaðarlegur fundur Stefáns Gíslasonar með umhverfis- og auðlindaráðherra hafi verið haldinn 8. október 2013. Aðalefni fundarins hafi verið beiðni verkefnisstjórnar um fjögurra vikna frest til að skila tillögum. Tveggja vikna frestur hafi verið veittur og nýr skiladagur því 1. mars 2014. Á fundinum kom einnig fram að til greina kæmi að hafa samráð við faghópa úr 2. áfanga við mat á þeim kostum sem nú væru í vinnslu og var þeirri hugmynd vel tekið. Í kjölfarið var tímalínunni breytt með hliðsjón af þessu. Verkefnisstjórn var sammála um að miðað við þessa tímalínu væri e.t.v. mögulegt að ljúka við mat á virkjunarkostunum þremur í neðri hluta Þjórsár á tilsettum tíma, en óraunhæft væri að ljúka einnig mati á virkjunarkostum í Hólmsá og Hagavatni. Fundarmenn voru á einu máli um að fremur ólíklegt yrði að

teljast að hægt yrði að ná faghópum úr 2. áfanga saman, enda væri fólk í þeim hópum mikið til upptekið í öðrum störfum. Eftir nokkra umræðu var ákveðið að skipa tímabundið lítinn, afmarkaðan faghóp sem hefði það eina hlutverk að sinna matsvinnu fyrir virkjunarkostina þrjá í neðri Þjórsá og að í þann hóp yrðu valdir þeir aðilar úr gömlu faghópunum sem hefðu sérþekkingu á viðkomandi sviði.

Á fundi verkefnisstjórnarinnar, þann 23. október 2013, var rætt um að faghópur um laxfiska í Þjórsá hafi verið skipaður þann 22. október 2013 með skriflegu samþykki allra fulltrúa í verkefnisstjórn. Hópurinn var skipaður þeim Skúla Skúlasyni, Sigurði Má Einarssyni, Hilmari J. Malmquist og Sigurði Snorrasyni og hafði hann skilafrest til 31. október sama ár. Samkvæmt skipunarbréfi var hópurinn beðinn að „meta hvort fyrirbyggjandi upplýsingar um áhrif virkjananna þriggja á laxfiska í Þjórsá hafi dregið nægjanlega mikið úr þeirri óvissu, sem leiddi til þess að virkjunarkostirnir voru færðir úr nýtingarflokk í biðflokk á sínum tíma, til þess að unnt sé að raða einhverjum þeirra eða öllum í nýtingarflokk á nýjan leik“.

Faghópurinn skilaði álitinu 4. nóvember 2013, en þar var komist að þeirri niðurstöðu að réttlæt看legt væri að flytja Hvammsvirkjun í nýtingarflokk á meðan talið var að Holtavirkjun og Urriðafossvirkjun skyldu vera enn í biðflokk. Á þeim grundvelli var samþykkt að færa Hvammsvirkjun í nýtingarflokk með þingsályktun nr. 16/144, um breytingu á þingsályktun um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða, nr. 13/141, sem samþykkt var á Alþingi 1. júlí 2015. Í álitinu faghópsins kom meðal annars eftirfarandi fram:

- Gerður var greinarmunur á þeim svæðum þar sem útbreiðsla göngufiska er náttúruleg og þeim svæðum þar sem útbreiðslan er vegna atbeina mannsins, þ.e. ofan Búða. Svæðið ofan Búða væri nú áætlað vera um 48% af útbreiðslu laxa í Þjórsá og hliðarám og 10% af framleiðsluvæði fyrir laxa. Fyrirhugað lón Hvammsvirkjunar muni raska um 68% af þessum búsvæðum ásamt því að hafa talsverð áhrif á stofna urriða og bleikju.
- Talið var að reynsla af starfsemi seiðafleytu við Hvammsvirkjun myndi draga umtalsvert úr óvissu um virkni mótvægisáðgerða.
- Lagt til grundvallar að áætlanir Landsvirkjunar um vöktun á fiskstofnum Þjórsár eftir mögulega byggingu virkjana þyrftu að vera skýrari.
- Bent er á að ekki lægi fyrir skipuleg viðbragðsáætlun ef einhver mótvægisáðgerða reyndist illa eða mistækist, en slík áætlun væri nauðsynleg.
- Talið var nauðsynlegt að formlegar mótvægisáðgerðir Landsvirkjunar vegna virkjananna þriggja yrðu mun ítarlegri og að hver áðgerð yrði rökstudd sérstaklega í greinargerð um framkvæmd með tilvísun í viðeigandi rannsóknargögn og heimildir.
- Faghópurinn hafði áhyggjur af lítilli þekkingu á göngu- og staðbundnum stofnum urriða og bleikju í Þjórsá og hvatti til að rannsóknir á þeim yrðu stórauðnar.
- Hvað Holtavirkjun varðaði var sérstaklega tekið fram að rannsóknir skorti, þær rannsóknir sem gerðar hefðu verið af starfsmönnum Veiðimálastofnunar væru mikilvægar grunnforsendur en ljóst væri að frekari rannsókna og áætlana væri þörf, t.d. rannsóknir á hrygningarsvæðum og –tímum lax og sjóbirtings. Taldi faghópurinn að formleg tillaga

Landsvirkjunar að mótvægisáðgerðum væri í rétta átt, en drægi ekki úr óvissu. Nákvæm útfærsla formlegra mótvægisáðgerða væri sérstaklega mikilvæg og nauðsynlegt væri að betrubæta áætlanir um rennslisstýringu sem tæki tillit til þarfa laxfiska á mismunandi ævistigum. Jafnframt væri nauðsynlegt að setja fram formlegar áætlanir um búsvæðagerð og breytingar á farvegum.

- Bent var á að Urriðafossvirkjun myndi hafa áhrif á nánast öllu útbreiðslusvæði laxfiska í Þjórsá.
- Bent var á að stífla vegna lóns við Heiðartanga myndi án mótvægisáðgerða taka fyrir alla fiskgengd í Þjórsá og hindra aðgang að 78% náttúrulegra búsvæða og 88% allra búsvæða laxfiska.
- Tekið fram að mikil óvissa væri um niðurgönguáferli seiða og að ef ráðist yrði í Hvammsvirkjun gæfist tækifæri til að eyða þeirri óvissu. Einnig gæfist þá tækifæri til að afla mikilvægra upplýsinga um straumakerfi í lónum og tengsl þess við atferli laxfiska.

Af þessu er ljóst að faghópur, skipaður af sérfræðingum, taldi að upplýsingar um lífríki Þjórsár væri ábótavant. Að mati Veiðifélags Þjórsár var sú ákvörðun að færa Hvammsvirkjun í nýtingarflokk ekki í samræmi við skilyrði 5. gr. laga nr. 48/2011 um að afla þurfi fullnægjandi upplýsinga áður en virkjunarkostur er færður í þann flokk. Að sama skapi telur veiðifélagið að engar lagalegar forsendur séu fyrir því að færa Holtavirkjun og Urriðafossvirkjun í nýtingarflokk, enda skorti upplýsingar um umhverfisleg áhrif.

Á fundi verkefnisstjórnarinnar, þann 5. nóvember 2013, var rætt um niðurstöðu faghópsins. Meirihluti verkefnisstjórnar taldi niðurstöðu hans byggja á traustum rökum og taldi að fenginni þessari niðurstöðu lægju fyrir nægjanleg gögn til að meta umrædda virkjunarkosti. Rætt var um að í framhaldinu myndi verkefnisstjórn leita umsagnar þeirra stofnana sem tilgreindar eru í 1. mgr. 10. gr. laga nr. 48/2011.

Á fundi verkefnisstjórnarinnar þann 22. nóvember 2013 var rætt um umsagnir stofnana. Fram kom að efnislega hefðu tvær umsagnanna sagt að gögn væru nægileg til að framkvæma mat á öllum þremur virkjunarkostunum. Náttúrufræðistofnun Íslands taldi hins vegar að fyrirbyggjandi gögn væru nægileg til að leggja mat á Hvammsvirkjun en ekki til að leggja mat á Urriðafossvirkjun og Holtavirkjun. Þá taldi Ferðamálastofa ekki næg gögn liggja fyrir þar sem algjörlega hefði skort gögn um ferðamennsku. Niðurstaða verkefnisstjórnar varð sú að fyrirbyggjandi gögn væru nægjanleg, í það minnsta hvað Hvammsvirkjun varðaði. Á fundinum var einnig rætt um tillögur að flokkun. Lagt var til, með vísan til fyrirbyggjandi gagna og niðurstöðu faghópsins, að Hvammsvirkjun yrði sett í orkunýtingarflokk en að ekki yrði gerð tillaga á þessu stigi málsins um hina tvo virkjunarkostina. Einnig var rætt um þá skoðun eins nefndarmanns að gögnin væru nægileg til að setja Hvammsvirkjun í orkunýtingarflokk en til að setja hina tvo virkjunarkostina í orkunýtingarflokk þyrfti Landsvirkjun að bæta markmiðum við gögn sín, þ.e. hvaða markmiðum um viðgang laxfiskastofna fyrirtækið ætlaði sér að ná og hvernig ætti að bregðast við ef þau markmið næðust ekki. Þá var rætt um að einnig vantaði grunnupplýsingar um náttúrufar í ánni, þ.e. botngerð og búsvæði og að Skúli Skúlason og Haraldur Ingvarsson hefðu bent á að áætlanir um mótvægisáðgerðir hefðu tekið breytingum og að endurskoðun og viðbætur sem finna mætti í ýmsum skýrslum hefðu ekki allar skilað sér í formlegar tillögur Landsvirkjunar.

Að teknu tilliti til fyrirbyggjandi upplýsinga og með hliðsjón af mati faghóps um laxfiska í Þjórsá lagði verkefnisstjórn til að Holtavirkjun og Urriðafossvirkjun yrðu ekki fluttar úr biðflokki í orkunýtingarflokk. Taldi nefndin að til þess að hægt yrði að taka afstöðu til Holtavirkjunar og Urriðafossvirkjunar þyrftu að liggja fyrir upplýsingar um eftirtalin atriði:

- Markmið fyrir mótvægisáðgerðir sem miða að verndun fiskstofna.
- Eftirlits- og viðbragðsáætlun með lýsingu á viðbrögðum ef markmiðum er ekki náð.
- Skilgreining á því hvaða viðbótarrannsóknir þurfi að gera á búsvæðum laxfiska í Þjórsá, einkum í Þjórsárvísl neðan við Búða og í Murneyrarkvísl.

10.5. Þingsályktunartillaga nr. 24/152

Þann 8. febrúar 2022 var lögð fram tillaga á Alþingi til þingsályktunar, um áætlun og vernd og orkunýtingu landsvæða, en með henni var lagt til að Holtavirkjun og Urriðafossvirkjun yrðu færðar úr biðflokki í orkunýtingarflokk. Í báðum tilvikum var það rökstutt með vísan til þess að óvissu um virkni seiðafleytna og um áhrif vatnsmagns- og rennslisbreytinga á gönguleiðir, hrygningarstöðvar og uppeldisstöðvar laxfiska yrði ekki eytt á því stjórnáhrifum sem verkefnisstjórn starfaði á og því væri eðlilegt að fjallað yrði um hana í mati á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar og við leyfisveitingar.

Meirihluti umhverfis- og samgöngunefndar gerði hins vegar breytingartillögu sem fólst meðal annars í því að Holtavirkjun og Urriðafossvirkjun yrðu flokkaðar í biðflokk. Ástæður þess voru eftirfarandi:

*„Stór hluti þeirra umsagna sem liggja fyrir nefndinni í málinu fjalla sérstaklega um virkjunarkosti í neðri hluta Þjórsár. Óhætt er að segja að tillögur um flokkun Holtavirkjunar og Urriðafossvirkjunar í nýtingarflokk hafa vakið upp reiði í nærsamfélaginu og stafar það af mörgum mismunandi þáttum. Ráða má af athugasemdum sem bárust nefndinni að ekki ríkir sátt í nærsamfélaginu um virkjanir í neðri hluta Þjórsár enda um að ræða stórar virkjunarhugmyndir í byggð. Í fyrsta lagi telur meiri hlutinn ljóst að hluti af sjálfsmynd margra íbúa í sveitinni er sambýlið við Þjórsá og þær breytingar sem virkjunarframkvæmdir hefðu á umhverfið þar eru í huga margra íbúa óásættanlegar. Þá hefur komið fram gagnrýni þess efnis að sú aðferðafræði sem notuð er við flokkun virkjunarkosta geti leitt til ákveðinnar skekkju í verðmætamati þegar eitt viðfang hefur mjög hátt verðmætamat en verðmætamat annarra viðfanga er lítið eða í kringum meðaltal. Í grunninn er það þannig að til þess að niðurstaða umfjöllunar geti leitt til flokkunar virkjunarkosts í verndarflokk þarf að liggja fyrir að mikil verðmæti séu fólgin í mörgum viðföngum sem faghópur 1 fjallar um. Þannig er staðan þegar horft er til virkjunarkostanna í neðri hluta Þjórsár. Þar er um að ræða landsvæði sem þegar er raskað en innan svæðisins er **hins vegar að finna laxastofn sem talinn er vera einstakur á heimsvísu**. Mætti því færa rök fyrir því að sú niðurstaða sem aðferðafræðin leiðir af sér um flokkun virkjunarkosta í neðri hluta Þjórsár í nýtingarflokk samrýmist ekki þeim samfélagslegu viðhorfum sem eru undirliggjandi í nærsamfélaginu og **snúa meðal annars að mikilvægi laxastofnsins**. Vegna þessa telur meiri hlutinn **nauðsynlegt að leggja til þá breytingartillögu að virkjunarkostirnir Holtavirkjun og Urriðafossvirkjun verði flokkaðir í biðflokk þar til umfjöllun um samfélagsleg áhrif fyrirhugaðra virkjana á nærsamfélagið á grundvelli nýrrar nálgunar í aðferðafræði faghópa 3 og 4 verði lokið**. Meiri hlutinn bendir á að mikilvægt er að horfa á neðri hluta Þjórsár sem eina heild og því beinir hann því til ráðherra og verkefnisstjórnar að horft verði til allra þriggja virkjunarkosta í neðri hluta Þjórsár, Hvammsvirkjun, Holtavirkjun og Urriðafossvirkjun, við það mat, þó svo að meiri hlutinn leggi ekki til að virkjunarkosturinn Hvammsvirkjun verði færður úr nýtingarflokki yfir í biðflokk.*

Þessi breytingartillaga umhverfis- og samgöngunefndar var samþykkt og var þingsályktunartillaga nr. 24/152 samþykkt á Alþingi þann 15. júní 2022 þar sem Holtavirkjun og Urriðafossvirkjun var skipað í biðflokk.

11. Um drög að tillögum verkefnisstjórnar 5. áfanga: Endurmat á virkjunarkostum úr 3. áfanga rammaáætlunar

Þann 4. desember 2023 voru tillögur verkefnisstjórnar 5. áfanga: „Endurmat á virkjunarkostum úr 3. áfanga rammaáætlunar“, birtar til umsagnar í samráðsgátt. Í þeim er aftur lagt til að Holtavirkjun og Urriðafossvirkjun verði færðar í nýtingarflokk.

Til stuðnings þessum tillögum vísar verkefnisstjórn til þess að nú liggi fyrir „ítarleg greining“ faghópa 3 og 4 sem auki skilning á áhrifum þessara virkjanakosta. Að mati verkefnisstjórnar draga nýjar greiningar faghóps 3 vel fram ýmis sjónarmið í nærsamfélaginu varðandi þessa virkjunarkosti, bæði með og á móti. Þá taldi verkefnisstjórn að nýjar greiningar faghóps 4 dragi fram að þessir virkjunarkostir séu hagkvæmir og arðsamir. Veiðifélag Þjórsár er ósammála þessari niðurstöðu verkefnisstjórnar og telur að greiningar faghópa 3 og 4 nægi engan veginn til þess að eyða óvissu um virkjanirnar til þess að unnt sé að færa umræddar virkjanir í nýtingarflokk.

Í þessu sambandi bendir Veiðifélag Þjórsár á að Alþingi setti fram skýr tilmæli í nefndaráliti meirihluta umhverfis- og samgöngunefndar (þingskjal 1210, 332. mál á 152. löggjafarþingi) þar sem eftirfarandi kemur m.a. fram:

*„Þannig er staðan þegar horft er til virkjunarkostanna í neðri hluta Þjórsár. Þar er um að ræða landsvæði sem þegar er raskað en innan svæðisins er **hins vegar að finna laxastofn sem talinn er vera einstakur á heimsvísu**. Mætti því færa rök fyrir því að sú niðurstaða sem aðferðafræðin leiðir af sér um flokkun virkjunarkosta í neðri hluta Þjórsár í nýtingarflokk samrýmist ekki þeim samfélagslegu viðhorfum sem eru undirliggjandi í nærsamfélaginu **og snúa meðal annars að mikilvægi laxastofnsins.**“*

Með hliðsjón af þessu lagði meirihluti nefndarinnar til að Holtavirkjun og Urriðafossvirkjun yrðu flokkaðar í biðflokk, þar til umfjöllun um samfélagsleg áhrif fyrirhugaðra virkjana á nærsamfélaginu væri lokið, og var sú tillaga samþykkt á Alþingi.

Þann 13. september 2022 var bréf sent frá umhverfis- og loftslagsráðuneytinu til formanns verkefnisstjórnar verndar- og orkunýtingaráætlunar þar sem því er beint til verkefnisstjórnar að taka ákveðna virkjunarkosti aftur til umfjöllunar. Í bréfinu kemur eftirfarandi fram:

„Í nefndaráliti meiri hluta umhverfis- og samgöngunefndar eru raktar ástæður þess að teknar voru ákvarðanir um að breyta flokkun ofangreindra virkjunarkosta. Það er mat ráðuneytisins að við vinnuna fram undan hjá verkefnisstjórn og faghópum beri að horfa til þess rökstuðnings sem fram kemur í fyrrnefndu nefndaráliti. Sem dæmi er tiltekið í álitinu hvað varðar Holtavirkjun og Urriðafossvirkjun að meiri hlutinn telji „nauðsynlegt að leggja til þá breytingartillögu að virkjunarkostirnir Holtavirkjun og Urriðafossvirkjun verði flokkaðir í biðflokk þar til umfjöllun um samfélagsleg áhrif fyrirhugaðra virkjana á nærsamfélagið á grundvelli nýrrar nálgunar í aðferðafræði faghópa 3 og 4 verði lokið.“ Ráðuneytið bendir á að það liggur því fyrir í tilviki þessara tilteknu virkjunarkosta að það þurfi að skoða betur samfélagsleg áhrif viðkomandi virkjunarkosta og það hafi verið ástæða breytinganna. Í ljósi þessa beinir ráðuneytið því til verkefnisstjórnar að miða umfjöllun þeirra virkjunarkosta sem

um ræðir við það sem fram kemur í nefndarálit meiri hluta umhverfis- og samgöngunefndar frá 10. júní sl.“

Af þessu bréfi má draga þá ályktun að verkefnisstjórn verndar- og orkunýtingaráætlunar hafi fengið þau fyrirmæli að einblína á samfélagsleg áhrif virkjunarkostanna, þrátt fyrir að hið fyrrnefnda nefndarálit hafi einnig lagt áherslu á mikilvægi laxastofnsins.

Veiðifélag Þjórsár minnir á að samkvæmt 5. gr. laga nr. 48/2011 skulu þeir virkjunarkostir falla í biðflokk sem talið er að afla þurfi frekari upplýsinga um svo unnt sé að meta áhrif á grundvelli sjónarmiða 4. mgr. 3. gr. sömu laga. Þau sjónarmið sem vísað er til og koma fram í 4. mgr. 3. gr. laganna eru efnahagsleg, umhverfisleg og samfélagsleg áhrif. Af þessu leiðir að ef ekki liggja fyrir fullnægjandi upplýsingar um m.a. umhverfisleg áhrif virkjunarkosts, skal hann falla í biðflokk en ekki í orkunýtingarflokk. Veiðifélag Þjórsár telur neikvæð umhverfisleg áhrif Holtavirkjunar og Urriðafossvirkjunar á lífkerfi Þjórsár ljós og því séu ekki skilyrði til þess að fella þá virkjunarkosti undir orkunýtingarflokk, en í öllu falli liggja ekki fyrir nægar upplýsingar fyrir svo unnt sé að meta áhrifin með fullnægjandi hætti. Þannig hefur ítrekað verið vísað til þess af sérfræðingum að þörf sé á frekari rannsóknum á lífríki Þjórsár og áhrifum virkjunarkostanna á lífríkið.

Í þessu sambandi bendir Veiðifélag Þjórsár á að í greinargerðum faghópa 3 og 4, sem verkefnisstjórn telur nú að réttlæti flutning Holtavirkjunar og Urriðafossvirkjunar í nýtingarflokk, er ekkert fjallað um áhrif virkjana á laxastofn Þjórsár eða lífríki árinna að öðru leyti. Þannig fjallaði faghópur 3 aðeins um samfélagsleg áhrif virkjananna á nærsamfélagið. Engar rannsóknir á lífríki áttu sér stað heldur fól starf faghópsins aðeins í sér að afla ýmissa gagna og taka viðtöl við sveitastjórnarfólk. Þá fól faghópurinn Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands að kanna hvert væri mat og viðhorf almennings og hagaðila í sveitarfélögunum fjórum gagnvart virkjanaupbyggingu í neðri hluta Þjórsár. Þá fjallaði faghópur 4 aðeins um hagkvæmni og arðsemi á virkjunarkostunum Holtavirkjun og Urriðafossvirkjun, en ekki á nokkurn hátt um áhrif þeirra á lífríki og fiskstofna í Þjórsá.

Veiðifélag Þjórsár telur því að tilfærsla Holtavirkjunar og Urriðafossvirkjunar úr biðflokki í nýtingarflokk verði því ekki rökstudd eingöngu með vísan til greinargerða faghópa 3 og 4. Þannig var sérstaklega áréttað við meðferð Alþingis á þingsályktunartillögu nr. 24/152 að aðferðafræðin, sem leiðir af sér um flokkun virkjunarkosta í neðri hluta Þjórsár, yrði meðal annars að snúa að mikilvægi laxastofnsins í ánni. Það hefur ekki verið gert enda fjalla greinargerðir 3 og 4 aðeins um efnahagsleg og samfélagsleg áhrif, en litið er fram hjá umhverfislegum áhrifum með öllu. Veiðifélag Þjórsár telur því að ekki séu forsendur til að færa Holtavirkjun og Urriðafossvirkjun í nýtingarflokk.

12. Skortur á mati á umhverfisáhrifum

Veiðifélag Þjórsár minnir á að samkvæmt 1. mgr. 28. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021 skal framkvæmdaaðili óska eftir nýju álit Skipulagsstofnunar um umhverfismat á áætluðum framkvæmdum ef meira en tíu ár eru liðin frá því að álit fékkst og framkvæmdir hafa ekki hafist. Mat á umhverfisáhrifum Urriðafossvirkjunar og Holtavirkjunar fengust síðast þann 19. ágúst árið 2003 og rann það mat því úr gildi þann 19. ágúst 2013.

Nýtt mat á umhverfisáhrifum þessara virkjunarkosta hefur ekki enn farið fram. Þar af leiðandi er ekki grundvöllur til endurmats á flokkun viðkomandi virkjunarkosta, enda getur slíkt mat vart farið fram ef ekkert gilt umhverfismat liggur fyrir. Að auki verður að telja að án gilds umhverfismats sé óheimilt að

færa virkjunarkost úr biðflokki, enda liggja þá ekki nægar upplýsingar fyrir um umhverfisleg áhrif virkjunarkostsins, sbr. 5. gr. laga nr. 48/2011.

13. Áhrif virkjana á lífríki Þjórsár

Veiðifélag Þjórsár hefur ítrekað bent á að umræddir virkjunarkostir ógna lífríki Þjórsár. Þær upplýsingar sem fyrir liggja um áhrif virkjana í Þjórsá gefa til kynna alvarleg og skaðleg umhverfisleg áhrif á lífríki árinna. Einnig er gríðarleg þörf á viðbótarrannsóknum sem telja verður nauðsynlegt að framkvæma áður en ráðist er í frekari aðgerðir.

13.1. Holtavirkjun

Veiðifélag Þjórsár telur að Holtavirkjun muni hafa neikvæð áhrif á mikilvægustu hrygningar- og uppeldissvæði fiska árinna auk þess sem 72% búsvæða laxfiska séu í hættu vegna hennar.

Í skýrslu faghóps, sem skipaður var af verkefnisstjórn RÁ3 þann 22. október 2013, er að finna eftirfarandi umfjöllun um áhrif Holtavirkjunar:

„Hvað snertir rennslisáhrif og búsvæðamál á þessu svæði er ljóst að meiri rannsókna og áætlana er þörf, t.d. rannsóknir á hrygningarsvæðum og -tímum lax og sjóbirtings [...] Nákvæm útfærsla formlegra mótvægisáðgerða er sérstaklega mikilvæg hér vegna þess að mikið af náttúrulegum búsvæðum laxfiska skerðist varanlega vegna lóna Holta-, Urriðafossvirkjanna.“

Þá kemur eftirfarandi fram í lokaskýrslu verkefnisstjórnar 3. áfanga verndar- og orkunýtingaráætlunar 2013-2017 (bls. 168):

„Virkjunarkosturinn er í biðflokki skv. rammaáætlun 2013 með vísan til þess að áhrif virkjunarinnar á laxfiska í Þjórsá séu óljós og þarfnist frekari rannsókna. Verkefnisstjórn 3. áfanga komst að þeirri niðurstöðu í álitinu sínu, dags. 19. desember 2013, í kjölfar sérstakrar skoðunar (svonefndrar flýtimeðferðar) að ekki hefði verið dregið nægjanlega úr þeirri óvissu sem leiddi til þess að virkjunarkosturinn var flokkaður í biðflokk til þess að unnt væri að breyta flokkuninni, þ.e.a.s. óvissu um virkni seiðafleytna og um áhrif vatnsmagns- og rennslisbreytinga á gönguleiðir, hrygningarstöðvar og uppeldisstöðvar laxfiska. Verkefnisstjórn telur nú sýnt að umræddri óvissu verði ekki eytt á því stjórnarsýslustigi sem verkefnisstjórnin starfar á, heldur sé eðlilegt að um hana verði fjallað í mati á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar og við leyfisveitingar. Í umsögn faghóps 1 í 3. áfanga kemur fram að hlutfallslega lág heildareinkunn Holtavirkjunar stafi af því að mörg viðföng hafi lága einkunn. Há áhrifaeinkunn fyrir undirviðfangið „fiskar“ skeri sig mikið úr og þessi sérstaða endurspeglar ekki í meðaltalinu. Um sé að ræða laxastofn sem hafi sérstöðu á heimsvísu hvað varðar stærð og aðlögun að óvenjulegu umhverfi.“

Það liggur því fyrir að mikil óvissa hefur verið uppi um áhrif Holtavirkjunar á lífríki Þjórsár. Að mati Veiðifélagsins hefur þessari óvissu ekki verið eytt með nokkrum hætti.

13.2. Urriðafossvirkjun

Að mati Veiðifélags Þjórsár mun Urriðafossvirkjun hafa neikvæð áhrif á búsvæði laxfiska í Þjórsá, en stífla þvert á farveg Þjórsár við Heiðartanga myndi hindra aðgang að 88% búsvæða laxfiska í ánni.

Í lokaskýrslu verkefnisstjórnar 3. áfanga verndar- og orkunýtingaráætlunar 2013-2017 (bls. 168) segir:

„Virðjunarkosturinn er í biðflokki skv. rammaáætlun 2013 með vísan til þess að áhrif virðjunarinnar á laxfiska í Þjórsá séu óljós og þarfnist frekari rannsóknna. Verkefnisstjórn 3. áfanga komst að þeirri niðurstöðu í álitinu sínu, dags. 19. desember 2013, í kjölfar sérstakrar skoðunar (svonefndrar flýtimeðferðar) að ekki hefði verið dregið nægjanlega úr þeirri óvissu sem leiddi til þess að virðjunarkosturinn var flokkaður í biðflokk til þess að unnt væri að breyta flokkuninni, þ.e.a.s. óvissu um virkni seiðafleytna og um áhrif vatnsmagns- og rennislisbreytinga á gönguleiðir, hrygningarstöðvar og uppeldisstöðvar laxfiska. Verkefnisstjórn telur nú sýnt að umræddri óvissu verði ekki eytt á því stjórnarsýslustigi sem verkefnisstjórnin starfar á, heldur sé eðlilegt að um hana verði fjallað í mati á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar og við leyfisveitingar. Í umsögn faghóps 1 í 3. áfanga kemur fram að hlutfallslega lág heildareinkunn Urriðafossvirkjunar stafi af því að mörg viðföng hafi lága einkunn. Há áhrifaeinkunn fyrir undirviðfangið „fiskar“ skeri sig mikið úr og þessi sérstaða endurspeglar ekki í meðaltalinu. Um sé að ræða laxastofn sem hafi sérstöðu á heimsvísu hvað varðar stærð og aðlögun að óvenjulegu umhverfi. Verkefnisstjórnin vekur einnig sérstaka athygli á því álitinu faghóps 2 að röðun virðjunarkostsins í næstneðsta sæti með hliðsjón af aðferð faghópsins gefi engan veginn rétta mynd af þeim verðmætum sem í húfi eru með tilliti til íslenska laxastofnsins og að því hafi faghópurinn gripið til þess ráðs að setja á virðjunarkostinn „rautt flagg“.“

Óvissan um áhrif Urriðafossvirkjunar er því mikil. Í raun var hún svo mikil að faghópurinn greip til þess ráðs að setja sérstakt „rautt flagg“ á virðjunarkostinn. Að mati Veiðifélags Þjórsár hefur þessari óvissu ekki verið eytt með nokkru móti.

14. Nánar um óvissuþætti

Holta- og Urriðafossvirkjanir voru færðar í biðflokk á árinu 2013 vegna óvissu um afdrif laxfiska. Að mati Veiðifélags Þjórsár hefur ekkert breyst í þessum eignum og er óvissan því enn sú sama. Nánar tiltekið eru óvissuþættirnir meðal annars eftirfarandi:

14.1. Rennsli

Á þurru ári, sem reikna má með að verði annað hvert ár, má búast við að rennsli neðan virkjanna fari undir 20 m³/s í allt að 5-6 mánuði af árinu. Þegar innrennsli í lónin eykst síðan aftur og þau fyllast skyndilega, sem gera má ráða fyrir að gerist oft á hverju ári, þá eykst rennslið um farvegi árinna. Við þessar aðstæður getur rennslið aukist um 1000% og síðan sjatnað jafn skjótt aftur. Það er ekki að sjá að viðkvæm hrogn og seiði eigi miklar lífslíkur við þessar aðstæður. Í öllu falli hefur óvissu um það ekki verið eytt.

Að beiðni verkefnisstjórnar Rammaáætlunar unnu þeir Skúli Skúlason og Haraldur Rafn Ingason skýrslu þar sem mat var lagt á fyrirhugaðar mótvægisáðgerðir Landsvirkjunar. Skýrslan kom út í október 2013 og þar er lýst áhyggjum af litlu og óreglulegu flæði í árfarveginum neðan virkjanna. Þar er talið að flæðið geti hindrað för fiska upp og niður ána auk þess sem svæði til hrygningar og uppeldis seiða geti tapast.

Þann 22. október 2013 sendi Verkefnisstjórn Rammaáætlunar erindi til Landsvirkjunar þar sem óskað var eftir nánari skýringum á útfærslum virkjanakosta. Þar var meðal annars vikið að rennsli og farið fram á rökstuðning fyrir lágmarkstölum um rennsli með tilliti til markmiða um göngur og búsvæði laxfiska. Sérstaklega var óskað eftir nánari upplýsingum um rennsli í vestari kvísl Þjórsár neðan Búðafoss og að gerð yrði grein fyrir aðgerðum til að tryggja rennslisáætlun og stjórn á óreglulegum

rennslissveiflum. Jafnframt var óskað eftir tilvísunum í tiltækar rannsóknir og heimildir sem ákvarðanir um lágmarksrennsli og rennslisstýringu byggju á. Í svari Landsvirkjunar, sem barst 31. október 2013, var þessum spurningum sinnt að mjög takmörkuðu leiti og hvergi var þar vísað til rannsókna eða heimilda til að styðja fullyrðingar í tengslum við rennsli og/eða afkomu fiska.

14.2. Seiðafleytur

Um seyðafleytur vísar Veiðifélag Þjórsár til rannsókna Dr. Margaret J Filardo, prófessors í líffræði og forstöðukonu Fiskvegamiðstöðvarinnar í Oregonfylki í Bandaríkjunum, en hún hefur viðamikla reynslu af þróun mótvægisáðgerða í Columbia ánni í Norður Ameríku. Dr. Filardo hefur varað við því að árangur frá öðrum virkjanaverkefnum verði heimfærður yfir á fyrirhugaðar framkvæmdir annars staðar. Þannig hefur hún bent á að lausnir fyrir einstakar virkjanir séu oft á tíðum mjög sértækar og afar kostnaðarsamar. Hún hefur einnig bent á að áætlanir Landsvirkjunar tengdar hlutfalli seiða sem fara um seiðafleytur (90-95%) og lífslíkur þeirra (næstum 100%) séu mun bjartsýnni en efni standa til.

Með hliðsjón af þessu telur Veiðifélag Þjórsár að mat Landsvirkjunar á væntanlegum árangri mótvægisáðgerða sé vægast sagt djarft og að mikill vafi sé á því hvort það sé raunhæft. Þannig má víða finna stórar fullyrðingar Landsvirkjunar og afdráttarlausu sannfæringu um árangur mótvægisáðgerða.

Veiðifélag Þjórsár bendir á að í svari Landsvirkjunar til verkefnisstjórnar Rammaáætlunar, dags 31. október 2013, er m.a. finna eftirfarandi fullyrðingu um seyðafleytur:

„Byggð verður seiðafleyta við Hvammsvirkjun sem er sambærileg við seiðafleytuna við Urriðafossvirkjun. Allar niðurstöður líkantilrauna við Urriðafossvirkjun er hægt að yfirfæra yfir á seiðafleytuna við Hvammsvirkjun.“

Veiðifélag Þjórsár veit hins vegar ekki til þess að seiðaveitulíkan Landsvirkjunar hafi verið yfirfarið eða gagnrýnt af óháðum aðilum. Burtséð frá því verður í öllu falli að telja óeðlilegt að áætlanir tengdar afkomu laxfiska geri almennt ráð fyrir bestu mögulegu útkomu þegar þær innihalda í raun ótalmarga óvissuþætti. Staðreyndin er einnig sú að tilraunir með seiðafleytur hafa verið framkvæmdar víða um heim með mjög takmarkaðri virkni.

14.3. Stærðir fiskstofna

Veiðifélag Þjórsár bendir á að ekki hafi enn verið gerðar stofnstærðarmælingar á laxfiskum í Þjórsá. Sú þekking sem er til staðar á að mestu við um laxa, en litlar upplýsingar eru til um stofna urriða og sjóbirtings. Enn minna er vitað um bleikju í Þjórsá, en stofninn er að öllum líkindum mjög lítill og í hættu á að deyja út verði af framkvæmdum.

Að mati Veiðifélags Þjórsár eru stofnstærðarmælingar í Þjórsá grundvallaratriði og að virkjanakostir í ánni verði ekki færðir í nýtingarflokk án slíkra mælinga. Þannig er ógerlegt að meta tjón á óþektri stærð fiskstofna og að sama skapi er illmögulegt að leggja mat á hvort mótvægisáðgerðir geti skilað árangri. Óvissan sem af þessu skapast er gríðarleg.

14.4. Botndýr

Seiði laxfiska sem alast upp í straumvatni nærast á botndýrum, þ.e. skordýralirfum og öðrum smádýrum sem rekur með árvatninu. Fjöldi og þéttleiki botndýra í Þjórsá og þverám hennar er afar

mikill, en það bendir til þess að fæðuskilyrði fyrir laxfiska í ánni séu góð. Í skýrslu Veiðimálastofnunar um lífríki Þjórsár og þveráa hennar (VMST-S/02001) voru tekin saman fæðugögn fyrir laxa- og urriðaseiði. Aðaluppstaðan í fæðu þeirra eru rykmýs-, bitmýs- og vorflugulirfur.

Í skýrslunni er bent á að mörg mikilvæg fæðusvæði fyrir laxfiska séu í fyrirhuguðum lónstæðum sem og á þeim köflum árinna þar sem búast má við skertu rennsli í kjölfar framkvæmda.

Aukið vatnsdýpi, tíðar rennslisbreytingar, þurrkar og flóð í árfarvegi eru allt þættir sem koma til með að hafa neikvæð áhrif á botndýrafánu árinna. Höfundar skýrslunnar kalla eftir frekari rannsóknum á áhrifum lónamyndunar og rennslisjöfnunar á tegundasamsetningu og þéttleika botndýra. Veiðifélag Þjórsár veit ekki til þess að gerðar hafi verið fullnægjandi rannsóknir á þessum áhrifum.

14.5. Aurskolun úr lónum

Veiðifélag Þjórsár bendir á að fyrirhugaðar framkvæmdir muni leiða til þess að hrygningarsvæði fari undir lón og að það muni að öllum líkindum hafa neikvæð áhrif á hrogn og seiði. Þannig liggur fyrir að í straumlitlum lónum sest framburður eins og jökulleir og sandur, en hann kæfir hrogn og seiði. Ekki liggur fyrir með hvaða aðferðum lónin verða hreinsuð.

Í umhverfismatskýrslu Urriðafossvirkjunar (kafla 10.2.2) segir:

„Seti sem sest til neðar í lóni þarf að koma burt. Gert er ráð fyrir að aurnum verði skolað út um árlokur, en reynslan af rekstri virkjunar mun skera úr um hve oft þarf að skola úr lóninu. Samhliða miklu rennsli í ánni verða árlokur opnaðar og straumur árinna mun hrífa setið með sér. Reiknað er með að þetta ferli taki um 3 – 5 daga í hvert sinn. Meðan á þessu stendur verður mikið rennsli, um 600 – 800 m³/s í farvegi Þjórsár neðan stíflu, straumur verður stríður og reikna má með að það verði nokkuð mikill aur með vatninu.“

Af þessari lýsingu verður ekki annað ráðið en að áhrif á hrygningarsvæði verði umtalsverð. Mikil óvissa er hins vegar uppi um raunverulegt umfang aurskolunar og hvort hægt sé að takmarka það með mótvægisáðgerðum.

15. Niðurlag

Fyrirhugaðar framkvæmdir munu fela í sér gríðarlegt inngríp inn á viðkvæm göngusvæði villtra laxa í Þjórsá sem á sér enga fyrirmynd á Íslandi. Sérfræðingar hafa ítrekað bent á að Hvammsvirkjun, Holtavirkjun og Urriðafossvirkjun muni spilla búsvæðum og gönguleiðum laxfiska, en gera má ráð fyrir að nær allar hrygningar- og uppeldisstöðvar fyrir lax séu ofan Urriðafoss. Í öllu falli er ljóst að gríðarleg óvissa er um áhrif framkvæmdanna á lífríki Þjórsár.

Samkvæmt 1. mgr. 4. gr. laga nr. 48/2011, um verndar- og orkunýtingaráætlun, er virkjunarkostum skipað í orkunýtingarflokk ef að áætlað er að ráðast megi í framkvæmdir með hliðsjón af verndar- og orkunýtingargildi landsvæða og sjónarmiðum um efnahagsleg, umhverfisleg og samfélagsleg áhrif nýtingar, sbr. 4. mgr. 3. gr. laganna. Það ber hins vegar að skipa virkjunarkostum í biðflokk ef talið er að afla þurfi frekari upplýsinga svo meta megi á grundvelli þessara sjónarmiða hvort þeir eigi að falla í orkunýtingarflokk eða verndarflokk, sbr. 1. mgr. 5. gr. laganna. Með hliðsjón af þeirri óvissu sem rakin er hér að framan og af viðvörunum sérfræðinga er það álit Veiðifélags Þjórsár að Urriðafoss- og Holtavirkjun verði ekki færðar í nýtingarflokk fyrr en búið er að afla frekari upplýsinga og þessari óvissu hefur verið eytt.

Veiðifélag Þjórsár leggur áherslu á að þær mótvægisáðgerðir, sem Landsvirkjun hefur lagt til, eru óljósar og eigi almennt að veða upp þau vandamál sem kunna að skapast, án þess þó að skilgreint sé hver þau kunna að verða. Fullnægjandi greining á vandamálum og hugmyndum á mótvægisáðgerðum til að sporna við þeim hafa ekki verið lagðar fram.

Veiðifélag Þjórsár vill einnig benda á að það barðist fyrir því árin 2011 – 2013 að opna augu stjórnvalda fyrir hver staðan væri við undirbúning virkjana í neðri hluta Þjórsár. Fór það svo að allir þrír virkjanakostirnir voru færðir í biðflokk svo svigrúm fengist til að undirbúa verkefnið með forsvaranlegum hætti, sbr. þingsályktun nr. 13/141, um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða.

Aftur var hins vegar sótt að Þjórsá á árunum 2014 – 2015 sem endaði með því að Hvammsvirkjun var færð í nýtingarflokk, sbr. þingsályktun nr. 16/144, um breytingu á þingsályktun um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða, nr. 13/141. Veiðifélag Þjórsár telur að sú ákvörðun hafi ekki verið í samræmi við skilyrði 1. mgr. 5. gr. laga nr. 48/2011 um að afla þurfi fullnægjandi upplýsinga áður en virkjunarkostur er færður í nýtingarflokk. Í stað þess að færa Urriðafoss- og Holtavirkjun í nýtingarflokk ætti því raunar að færa Hvammsvirkjun aftur í biðflokk.

Veiðifélag Þjórsár telur að málsmeðferð og farvegur þessa máls sé með öllu óásættanlegur. Með þessari tillögu er þannig lagt til grundvallar að Holtavirkjun og Urriðafossvirkjun verði færðar í nýtingarflokk þrátt fyrir verulega óvissu um áhrif þeirra á mikilvæga laxastofna og lífríki Þjórsár. Fer þetta þvert gegn því sem lagt var til grundvallar þegar umræddar virkjanir voru settar í biðflokk með þingsályktunartillögu nr. 24/152. Veiðifélagið áréttar að þessi óvissa hefur legið fyrir frá upphafi enda hefur ítrekað verið bent á að lífríki Þjórsár sé í verulegri hættu vegna þessara fyrirhuguðu framkvæmda. Telur félagið með ólíkindum að nú sé lagt til að færa virkjanirnar í nýtingarflokk, án frekari rannsókna, sérstaklega þegar umhverfismat beggja virkjana er runnið út.

Stjórn Veiðifélags Þjórsár vill nota tækifærið til að ítreka ósk sína um fund með ráðherra umhverfismála sem félagið sendi honum 30. júní 2023.

Virðingarfyllst,

f.h. Veiðifélags Þjórsár

Oddur Guðni Bjarnason, stjórnarformaður

Umhverfisstofnun
Suðurlandsbraut 24
108 Reykjavík
Sent á tölvupóstfangið: ust@ust.is

Stöðulfelli, 30. janúar 2024

Efni: Athugasemdir við áform Umhverfisstofnunar um að veita heimild til breytingar vatnshlotsins Þjórsá 1

Vísað er til áforma Umhverfisstofnunar, dags. 21. desember 2023, um að veita heimild til breytingar vatnshlotsins Þjórsá 1, á grundvelli 18. gr. laga nr. 36/2011, um stjórn vatnamála (hér eftir „vatnamálalög“). Áformin er að rekja til bréfs Landsvirkjunar, dags. 16. janúar 2023, þar sem óskað var eftir að vatnshloti Þjórsár 1 (nr. 103-663-R) yrði breytt vegna framkvæmda á 95 MW Hvammsvirkjunar í Þjórsá.

Veiðifélag Þjórsár, kt. 621209-1590, Stöðulfelli, 804 Selfossi, (hér eftir „veiðifélagið“), telur að áformin muni hafa veruleg áhrif á lífríki Þjórsár, þ.m.t. á vöxt og viðgang laxfiska í ánni, en félaginu ber að standa vörð um þessa hagsmuni, sbr. VI. kafla laga nr. 61/2006, um lax- og silungsveiði. Þannig er markmið laganna að tryggja sjálfbæra nýtingu og verndun fiskistofna í ferskvatni og á þeim grundvelli ber veiðifélaginu að tryggja vernd laxfiska í Þjórsá og vatnasviði hennar. Þá ber félaginu að tryggja að alþjóðlegar skuldbindingar, um að fiskistofnunum sé komið áfram til komandi kynslóða, séu efndar. Hefur félagið því verulegra, sérstakra og lögvarinna hagsmuna að gæta í málinu þar sem hin fyrirhugaða virkjun mun hafa neikvæð áhrif á lífríki og fiskistofna í Þjórsá. Veiðiréttindi félagsmanna eru jafnframt eignarréttindi sem njóta verndar 72. gr. stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands nr. 33/1944. Verði hin fyrirhugaða virkjun völd að neikvæðum áhrifum á fiskistofna í Þjórsá mun hún hafa neikvæð áhrif á stjórnarskrárvarin réttindi félagsmanna sem veiðifélaginu er skylt að vernda.

Vegna þessa vill veiðifélagið koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri við Umhverfisstofnun vegna áforma stofnunarinnar um að heimila breytingu á vatnshloti Þjórsár. Í umfjölluninni verður jafnframt gerð grein fyrir þeirri alvarlegu stöðu sem vernd laxfiska í Þjórsá er komin í vegna fyrirhugaðrar Hvammsvirkjunar.

Veiðifélagið leggur áherslu á að framkvæmdir, sem stofna viðkomu fiskistofna áráttar í hættu, eiga ekki rétt á sér nema að allar mótvægisáðgerðir hafi verið rannsakaðar með fullnægjandi hætti og að virkni þeirra sé tryggð. Í því sambandi þarf meðal annars að liggja fyrir fullnægjandi hönnum, byggð á vísindalegum rannsóknum, sem tryggir það að fiskur komist fram hjá fyrirhuguðum mannvirkjum og seiði fái tryggja leið til sjávar. Veiðifélagið telur að Umhverfisstofnun sé skylt, m.a. með vísan til rannsóknarreglu 10. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 og almennar meginreglur stjórnsýsluréttar, að tryggja að allar slíkar rannsóknir hafi farið fram. Þannig er ekki nóg að vísa til þess að vöktun eigi að fylgjast með virkni mótvægisáðgerða. Fullnægjandi þekking verður að liggja fyrir áður en framkvæmdir hefjast.

1. Almenn um aðdraganda virkjunaráforma í Þjórsá og seiðaveitur

Virkjunaráform í neðri hluta Þjórsár hafa átt sér nokkurn aðdraganda, en á árunum 2001–2003 lagði Landsvirkjun fram tvo kosti á útfærslum virkjana í Þjórsá til umhverfismats, sbr. þágildandi lög nr. 106/2000, um mat á umhverfisáhrifum, auk Urriðafossvirkjunar. Var annars vegar um að ræða Núpsvirkjun í einu þrepi og hins vegar virkjun í tveimur þrepum sem samanstóð af Hvammsvirkjun og Holtavirkjun.

Með úrskurði, dags. 19. ágúst 2003, féllst Skipulagsstofnun á fyrirhugaðar virkjunarframkvæmdir í tveimur þrepum að ákveðnum skilyrðum uppfylltum. Á meðal skilyrða voru skyldur framkvæmdaraðila til viðbótarrannsókna á lífríki Þjórsár í samræmi við sérfræðiskýrslu Veiðimálastofnunar.

Veiðifélag Þjórsár hefur ítrekað lagt fram umsagnir og athugasemdir um þá hættu sem steðjar að lífríki Þjórsár verði áin virkjuð. Í aðdraganda þess að Landsvirkjun sótti um framkvæmdaleyfi til Fiskistofu vegna Hvammsvirkjunar sendi veiðifélagið til að mynda bréf til Landsvirkjunar þann 12. janúar 2022. Þar var farið yfir áhyggjur félagsins um að áhrif framkvæmdarinnar á lífríki Þjórsár og markhæfni fyrirhugaðra mótvægisáðgerða hefðu ekki verið nægjanlega rannsökuð auk þess sem félagið setti fram sértækar spurningar um áhrif og mótvægisáðgerðir sem félagið taldi enn óljósar og óútfærðar. Ekkert svar barst hins vegar frá Landsvirkjun sem síðar sótti um framkvæmdaleyfi til Fiskistofu með umsókn, dags. 7. febrúar 2022, án þess að frekari rannsóknir færu fram.

Þann 14. júlí 2022 veitti Fiskistofa Landsvirkjun framkvæmdaleyfi með tilteknum skilyrðum. Af því tilefni sendi veiðifélagið bréf til Fiskistofu þann 5. september 2022 þar sem stofnunin var brýnd til eftirfylgni og eftirlits með tilteknum þáttum er vörðuðu framkvæmdina og snerta hagsmuni félagsins. Veiðifélagið sendi einnig bréf sama dag og af sama tilefni til Orkustofnunar þar sem vakin var athygli á þeim atriðum sem veiðifélagið taldi að Orkustofnun þyrfti sérstaklega að huga að í sinni málsmeðferð í ljósi ákvörðunar Fiskistofu. Engin viðbrögð bárust hins vegar frá Orkustofnun.

Þann 6. desember 2022 veitti Orkustofnun Landsvirkjun virkjunarleyfi vegna Hvammsvirkjunar. Orkustofnun gaf Veiðifélagi Þjórsár engin tækifæri til að koma að athugasemdum eða andmælum áður en ákvörðunin var tekin. Í fylgibréfi til kynningar á ákvörðuninni, sem sent var Landsvirkjun um viku áður en virkjunarleyfi var veitt, var farið yfir athugasemdir umsagnaraðila. Þar var ekki minnst einu orði á sjónarmið veiðifélagsins auk þess sem ljóst var að ekkert tillit hafði verið tekið til þeirra við rannsókn málsins og annan undirbúning.

Veiðifélagið áréttar að Hvammsvirkjun kemur til með að hafa, ef af verður, neikvæð áhrif á sjógöngu fiskstofna Þjórsár og hliðaráa. Hryggningarsvæði koma til með að rýrna sem og fæðumöguleikar seiða og fiska. Um það má lesa í álitum, umsögnum og afgreiðslum aðila sem að þessu máli hafa komið. Helstu áhættuþættir eru rennslisbreytingar, hindranir á gönguleiðum sjógöngufisks og seiða, stærð lóns sem hefur áhrif á niðurgöngu seiða, fæðu fiska og rennslishraða vatns ásamt mokstri jarðefna úr lónsbotni.

Veiðifélagið vekur jafnframt athygli á þeirri sérstöku og ófæru stöðu sem upp er komin við hönnun Hvammsvirkjunar sem og annarra virkjunarkosta í Þjórsá. Í stað þess að fjallað sé um hönnun farvega fyrir fisk og seiði fram hjá lónum og stíflum eru hugmyndir uppi um að reyna að koma laxi upp og seiðum niður í gegnum lónin og stíflunar. Veiðifélagið benti snemma á aðferðir við að leiða fisk og seiði

fram hjá lónunum, enda var hún ein af skilyrðum Veiðimálastofnunar í úttekt á lífríki Þjórsár og sett fyrst fram í skýrslu VMST S/02001. Allt til dagsins í dag hafa vísindamenn Hafrannsóknarstofnunar (áður Veiðimálastofnunar) ítrekað bent á að koma þurfi fiski fram hjá lónum og virkjunum. Þrátt fyrir það hefur Landsvirkjun valið þá leið að ætla sjógöngufiski að ganga upp stíflur og um lón og seiðum að ferðast niður uppistöðulón Hvammsvirkjunar, að stífluvegg þar sem þau eiga að rata að inngangi seiðaveitu sem skolar þeim niður stífluna.

Veiðifélagið getur ekki fallist á þær skýringar Landsvirkjunar að hönnun vatnsfarvega fram hjá lónunum komi ekki til álita af þeim ástæðum einum að við það tapist hluti orkugetunnar. Slík sjónarmið eru ófullnægjandi til að útiloka mótvægisáðferðir, m.a. með hliðsjón af a. lið 2. mgr. 18. gr. vatnamálalaga sem gerir kröfu um að gripið sé til allra raunhæfra ráðstafana, þ.m.t. mótvægisáðgerða, til að draga úr skaðlegum áhrifum framkvæmda á ástand vatnshlots. Þessi áðferðafræði Landsvirkjunar um að annað hvort verði allt vatnið virkjað eða ekki neitt er óaþbyrg áðferð og fer gegn þeim meðalhófsjónarmiðum sem ættu að vera í öndvegi þegar unnið er að hönnun sem í senn geti tryggt orkuframleiðslu og viðgang laxfiska. Þegar er kominn vísir að hönnun að slíkri leið, sem þó er ekki ætluð fiskum, vegna Urriðafossvirkjunar, en þar er gert ráð fyrir rás meðfram lóninu til að beina grunnvatni fram hjá og niður fyrir stífluna. Að mati veiðifélagsins er ekki hægt að samþykkja breytingu á vatnshloti Þjórsár eða veita önnur leyfi vegna Hvammsvirkjunar fyrr en þessi leið hefur verið rannsökuð með fullnægjandi hætti.

Hvorki Landsvirkjun né stjórnöld hafa bent á virkjanir sem eru sambærilegar Hvammsvirkjun hvað varðar seiðaveitur. Þá hefur Landsvirkjun ekki lagt fram trúverðugar upplýsingar um slík mannvirki við aðstæður eins og eru í Þjórsá. Þannig eru allar þær virkjanir sem Landsvirkjun hefur vísað til sem fyrirmynda vegna seiðaveitna, við allt aðrar aðstæður og útfærðar á ólíkan hátt og geta því á engan hátt talist sambærilegar. Því þurfa undirbúningsrannsóknir fyrir Hvammsvirkjun að vera sérstaklega vandaðar.

Veiðifélagið áréttar að við undirbúning Hvammsvirkjunar, sem og annarra virkjunarkosta í neðanverðri Þjórsá, hefur ekki verið staðfest eða gert líklegt með fullnægjandi rannsóknum að seiði gangi niður lónið án affalla af völdum ytri aðstæðna sem lónið skapar né að seiðaveitur geti skilað hlutverki sínu. Þar af leiðandi er mikill vafi uppi um lífslíkur seiða á leið til sjávar. Í tengslum við seiðaveitur og virkni þeirra verður að rannsaka og taka afstöðu til þess hversu líklegt sé að seiðin rati í veituna, hverjar lífslíkur þeirra séu að lifa af í vatnslitlum farvegi neðan stíflu og lífslíkur þeirra ef þau finna ekki veituna. Sé fyrirhugað að ráðast í allar virkjanirnar þarf samræmt mat á líflíkum seiðanna um þær allar. Fyrir liggja fræðigreinar Margretar Filardo (fylgiskjal 1) um að takmarkaðar líkur séu á að seiði finni leið í gegnum straumlítill löng lón, en þá eiga þau enn eftir að finna seiðaveituna. Opnunartími seiðaveitna og vatnsmagn í farvegi neðan stíflu er svo enn til að draga úr lífslíkum seiða og þarfnast sérstakrar rannsóknar.

Hönnun leiðar fram hjá lónunum er því mikilvægari en ella, enda ekki búið að sýna fram á að seiði eigi sér nægar lífslíkur á leið sinni til sjávar í gegnum lón og seiðaveitur. Aðstæður við Hvammsvirkjun, sem og aðra virkjunarkosti í neðanverðri Þjórsá, eiga sér engar hliðstæður í heiminum þar sem seiðaveitur hafa verið reyndar. Lífslíkur seiða á leið til sjávar ráðast því alfarið af virkni seiðaveitna, sé áðferð Landsvirkjunar valin. Af þeim sökum eru ekki forsendur fyrir því að heimila breytingu á vatnshloti eða framkvæmdir við Hvammsvirkjun fyrr en rannsóknir hafi verið gerðar á ofangreindum vafaatriðum

varðandi möguleika seiða á að lifa af ferð um lónið, seiðaveituna og farveginn neðan við stíflu. Þegar yfirferð hönnunargagna og niðurstaðna rannsókna liggur fyrir er fyrst hægt að meta hvort mögulegt sé að virkja á þann hátt sem hugmyndir framkvæmdaaðila gera ráð fyrir.

Veiðifélagið bendir sérstaklega á að engin hönnun, byggð á rannsóknum og faglegri vísindalegri þekkingu, liggur fyrir í raun um seiðaveitu við Hvammsvirkjun. Þetta kann að koma mönnum í opna skjöldu því Veiðimálastofnun (nú Hafrannsóknarstofnun) lét snemma í ferlinu frá sér umsögn þar sem lífslíkur seiða voru taldar góðar og miklar vonir bundnar við virkni seiðaveitna. Vegna þessarar bjartsýnu umsagnar Hafrannsóknarstofnunar hafa aðrir aðilar, sem fjallað hafa um málið á hinum ýmsu stigum innan stjórnsýslunnar, ekki kannað sjálfstætt hversu raunhæfar slíkar mótvægisáðgerðir séu í raun. Fullt tilefni var þó til þess þar sem að á sínum tíma voru umhverfismöt Þjórsárvirkjana samþykkt af Skipulagsstofnun með sérstökum fyrirvara um að eftir væri að hanna og rannsaka seiðaveiturnar.

Allar götur síðan hafa aðilar eins og Fiskistofa, verkefnastjórn rammaáætlunar, Skipulagsstofnun, Orkustofnun og úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála lagt þessa umsögn Hafrannsóknarstofnunar til grundvallar ákvörðum sínum og úrskurðum án þess að kallað hafi verið eftir þeim gögnum og rannsóknum sem umsögn Hafrannsóknarstofnunar var sögð byggja á. Var það ekki gert þótt þessum aðilum bæri að leggja sjálfstætt mat á hvort hönnun mótvægisáðgerða lægi fyrir og hvort þær væru raunhæfar til að tryggja viðkomu fiskistofna.

Veiðifélagið bendir á að það er hins vegar ekki orðið of seint að bregðast við og tryggja hönnun Hvammsvirkjunar þannig að bæði náist þau markmið sem stefnt er að með orkuvinnslu og náttúrvernd. Veiðifélagið vonar að viðbrögð Umhverfisstofnunar við þessum athugasemdum verði þau að ganga úr skugga um að hönnun á seiðaveitu vegna Hvammsvirkunar hafi í raun farið fram og að hún byggi á vísindalegum rannsóknum sem staðfesta að hún muni ná settum markmiðum.

Framangreindir aðilar sem byggðu á umsögnum Hafrannsóknarstofnunar voru án efa í góðri trú um að seiðaveitur hefðu verið hannaðar miðað við aðstæður í Hvammsvirkjun, en við rannsókn veiðifélagsins hefur komið í ljós að svo er ekki. Þessu til stuðnings hefur félagið tekið saman eftirfarandi yfirlit um það sem lagt hefur verið fram og vitnað í um seiðaveitur við undirbúning Hvammsvirkjunar.

Veiðifélagið telur mikilvægt að Umhverfisstofnun og aðrir leyfisveitendur fullnægi skyldum sínum hvað þetta varðar og framkvæmi sérstaka rannsókn á fyrirætlunum Landsvirkjunar um seiðaveitur.

2. Upplýsingar frá Hafrannsóknarstofnun um seiðaveitur

Með bréfi, dags. 15. janúar 2024, óskaði veiðifélagið eftir eftirfarandi upplýsingum og gögnum frá Hafrannsóknarstofnun vegna skýrslu stofnunarinnar frá 12. mars 2021 (tilvísun:2013-593/00.03.08):

„Á bls. 4 í skýrslunni kemur eftirfarandi fram:

„Til að tryggja fiskgöngur upp og niður ána er gert ráð fyrir fiskvegi fyrir fisk á uppleið og seiðafleytu til að fleyta seiðum úr inntakslóni og forða seiðum frá því að lenda í hverflum virkjunar. Rennsli um hana verður allt að 35 m³/s (Landsvirkjun 2016). Miðað við forsendur mun hún taka við og skila seiðum niður fyrir virkjun.“

Stjórn Veiðifélags Þjórsár óskar eftir ítarlegum upplýsingum um hvaða forsendna vísað er til í framangreindri málsgrein og hvaða rannsóknir hafi farið fram til að sannreyna þær. Óskað er eftir öllum gögnum hvað þessar forsendur og rannsóknir á þeim varðar.

Á bls. 4 í skýrslunni kemur eftirfarandi einnig fram:

„Þá er mikilvægt að prófa virkni seiðafleytu fyrir seiði á niðurleið.“

Stjórn Veiðifélags Þjórsár óskar eftir upplýsingum um hvort framkvæmdaraðili hafi gert slíkt próf og lagt fyrir Hafrannsóknastofnun niðurstöður rannsókna seiðaveitu við Hvammsvirkjun. Óskað er eftir öllum gögnum um slíkar rannsóknir og niðurstöður þeirra.

Á bls. 5 í skýrslunni, undir lið d, kemur fram mat Hafrannsóknastofnunar á stöðu mótvægisáðgerða:

„Landsvirkjun áformar að reisa seiðaveitu sem forða á seiðum frá að lenda í hverflum Hvammsvirkjunar með tilheyrandi afföllum. Gögn þar að lútandi hafa verið lögð fram. Hönnun þeirra mannvirkja byggja á bestu fánlegum lausnum til að tryggja fiski för.“

Stjórn Veiðifélags Þjórsár óskar eftir ítarlegum upplýsingum um hverjar eru þær bestu fánlegu lausnir sem vitnað er til? Jafnframt er óskað eftir öllum þeim gögnum sem að baki liggja. Þá er óskað eftir upplýsingum um hvort áform Landsvirkjunar um seiðaveitu muni forða seiðum frá því að lenda í hverflum Hvammsvirkjunar í þeim mæli að ekki verði skaði á fiskstofnum Þjórsár.

Á bls. 6 í skýrslunni kemur eftirfarandi fram:

„Unnið hefur verið í að útfæra seiðafleytu, sem ætlað er að forða seiðum frá því að þau lendi í hverflum virkjana. Hvers má vænta af árangri þeirra hefur verið metið. Gerðar hafa verið verkfræðilegar úttektir og sett í reiknilíkan og tilraunir gerða á líkani í straumfræðiaðstöðu.“

Stjórn Veiðifélags Þjórsár óskar eftir ítarlegum upplýsingum um væntan árangur af seiðaveitum, afriti af verkfræðilegum úttektum og reiknilíkani því sem Hafrannsóknastofnun byggir mat sitt á.“

Svör Hafrannsóknastofnunar við fyrirspurninni bárust 22. janúar sl. (fylgiskjal 2). Í þeim kemur fram að forsendur seiðaveitu komi m.a. fram í skýrslum sem Landsvirkjun hafi látið vinna og birtar hafi verið á árinu 2023 (líklega um misritun að ræða í svarinu, enda skýrslurnar sem vísað er til frá árinu 2013 (Tómasson G.G o.fl. 2013a og b¹)). Þar sé m.a. greint frá niðurstöðum straumfræðirannsókna sem varða seiðafleytu vegna fyrirhugaðra virkjana í Þjórsá.

Stofnunin tók einnig fram að með vísun hennar, til þess að mikilvægt væri að prófa virkni seiðafleytu fyrir seiði á niðurleið, hefði stofnunin átt við að mikilvægt væri að gera beinar prófanir á virkni seiðafleytu eftir framkvæmdir og á rekstartíma virkjunar komi til hennar.

Hafrannsóknarstofnun svaraði því einnig til að seiðaveitum væri ætlað að forða seiðum frá því að lenda í hverflum virkjunar og ef vel tækist til myndu þær gera það, en að erfitt væri að segja nákvæmlega til um virkni þeirra fyrir fram. Vöktun á virkni á rekstartíma virkjunar væri ætlað að sjá hver virkni væri sem hægt er að byggja endurbætur á ef þurfa þætti svo áhrifin yrðu sem minnst fyrir fiskstofna Þjórsár. Tekið var fram að þær lausnir sem vitnað væri til kæmu fram í gögnum Landsvirkjunar og var því síðan beint til veiðifélagsins að óska eftir slíkum gögnum beint hjá Landsvirkjun.

Að mati veiðifélagsins benda þessi svör eindregið til þess að engar rannsóknir hafi verið gerðar vegna seiðaveitu við hönnun Hvammsvirkjunar. Hafrannsóknastofnun vísar í þessu sambandi í raun eingöngu til skýrslna um straumfræðirannsókn fyrir Urriðafossvirkjun sem gerðar voru árið 2013. Slíkar rannsóknir vörðuðu ekki Hvammsvirkjun ekki með nokkrum hætti auk þess sem þær rannsóknir voru mjög takmarkaðar. Þannig hefur oft verið vísað til þess að gerðar hafi verið prófanir á líkani og

¹ [2013-016.pdf \(lv.is\)](#) og [2013-017.pdf \(lv.is\)](#).

reiknilíkani á virkni seiðafleytna í Þjórsá án frekari útlístar eða kynningar. Þrátt fyrir að seiðaveita sé ein af mikilvægustu mótvægisáðgerðunum hafa stjórnvöld, þ.m.t. Skipulagstofnun, Fiskistofa og Orkustofnun, ekki gert kröfu um að hönnun hennar og rannsóknir liggi fyrir áður en ákvarðanir hafa verið teknar. Af þeim sökum hefur veiðifélagið, sem að lögum á að tryggja sjálfbærni fiskstofnanna, ekki getað kannað hvort hún sé líkleg til að skila hlutverki sínu. Augljóst er að hér stendur til að byggja einn mikilvægasta hluta Hvammsvirjunar með tilliti til áhrifa á lífríki árinna, eftir hugmyndum hönnuða sem ekki búa yfir vísindalegri þekkingu til að fást við verkefnið.

Veiðifélagið mun senda Hafrannsóknastofnun frekari beiðni, þar sem óskað verður eftir öllum gögnum og upplýsingum varðandi rannsóknir á seiðaveitum í tengslum við Hvammsvirkjun og Þjórsá almennt. Félagið áskilur sér rétt til að koma að frekari athugasemdum þegar slík svör hafa borist. Veiðifélagið skorar jafnframt á Umhverfisstofnun að framkvæma sjálfstæða athugun á því hvaða rannsóknir hafi farið fram á seiðaveitum í tengslum við Hvammsvirkjun og leggi sjálfstætt og rökstutt mat á það hvort þær hafi verið fullnægjandi. Sama á við um aðrar þær rannsóknir sem framkvæmdaðili á að gera.

3. Nauðsyn viðbótarrannsókna og skortur á þeim

Á hinum ýmsu stigum hefur verið áréttað að viðbótarrannsóknir séu nauðsynlegar áður en ráðist verður í framkvæmdir við Hvammsvirkjun. Þannig bendir veiðifélagið á að með úrskurði Skipulagsstofnunar, dags. 19. ágúst 2003, var fallist á fyrirhugaða virkjun Þjórsár í tveimur þrepum með byggingu Hvammsvirkjunar og Holtavirkjunar, m.a. með eftirfarandi skilyrði:

„4. Áður en til framkvæmda kemur þarf framkvæmdaraðili að standa fyrir þeim viðbótarrannsóknum um grunnástand lífríkis í Þjórsá sem lagðar eru til í sérfræðiskýrslu Veiðimálastofnunar um lífríki Þjórsár og raktar eru í kafla 4.3.3 í þessum úrskurði. Í ljósi niðurstaðna þessara rannsókna þarf framkvæmdaraðili að útfæra nánar og grípa til þeirra mótvægisáðgerða sem lagðar eru til í fyrrnefndri sérfræðiskýrslu Veiðimálastofnunar. Að loknum framkvæmdum þarf framkvæmdaraðili að fara að þeim tillögum að vöktun sem fram koma í sérfræðiskýrslunni og raktar eru í kafla 4.3.3 í þessum úrskurði. Vöktun þarf að standa yfir í a.m.k. 10 ár frá því að starfsemi virkjananna hefst. Viðbótarrannsóknir, mótvægisáðgerðir og vöktun þarf að vinna í samráði við og bera undir veiðimálastjóra.“

Í skýrslu Hafrannsóknarstofnunar, um „Fiskirannsóknir á vatnasvæði Þjórsár. Samantekt árin 2013-2021“, dags. í júní 2022, kemur fram að ávallt sé gerð krafa um að virkni mótvægisáðgerða sé tryggð:

„Ef hafist verður handa við fyrirhugaðar í virkjanir í Þjórsá er mikilvægt að grípa til viðeigandi mótvægisáðgerða til að draga úr neikvæðum áhrifum þeirra á lífríki Þjórsár.“

[...]

Í skýrslu Veiðimálastofnunar um lífríkisrannsóknir frá 2002 (Magnús Jóhannsson o.fl. 2002) sem og í síðari rannsóknum kemur fram mikilvægi Þjórsár til uppeldis laxaseiða. Laxgengd á vatnasvæði Þjórsá hefur farið vaxandi síðustu ár og hér er um að ræða einn stærsta laxastofn landsins. Án tilkomu virkra mótvægisáðgerða, munu stíflur, lón og rennislístyrim, samfara fyrirhuguðum virkjunum, hafa umtalsverð áhrif á lífríki fallvatna á svæðinu og þar með talda fiskstofna. Til þess að minnka áhrifin er afar mikilvægt að þær áðgerðir sem notaðar verða virki á þann hátt sem til er ætlast. Mögulegar mótvægisáðgerðir eru margs konar. Þær snúa m.a. að því að tryggja greiða för fiska á leið í og úr sjó og fram hjá virkjanamannvirkjum, að tryggja nægt rennsli í farvegum og lágmarka sveiflu í rennsli. Fiskur skaðast við það að lenda í hverflum virkjana, með tilheyrandi afföllum. Best fer því á að leiða fisk sem er á göngu til sjávar fram hjá inntakslónum og virkjunum (Magnús Jóhannsson o. fl. 2002, Magnús Jóhannsson o.fl. 2008). Afar þýðingarmikið er að mótvægisáðgerðir virki eins og til er ætlast. Í skýrslu Veiðimálastofnunar frá 2002 (Magnús Jóhannsson o.fl. 2002) og samantektarskýrslum (Magnús

Jóhannsson o.fl. 2008, Benóný Jónsson og Magnús Jóhannsson 2014) er fjallað frekar um áhrif virkjana í Þjórsá og mögulegar mótvægisáðgerðir sem varða fisk og lífríki í vatni.“

Þá kemur fram með skýrum hætti í skýrslu Landsvirkjunar um Hvammsvirkjun (LV 2008/115) að rannsóknir skuli vinna í þeim tilgangi að koma niðurstöðum þeirra inn í hönnun mannvirkjana og að ávallt ber að fá samþykki Hafrannsóknastofnunar. Hvorugt hefur verið gert. Nánar tiltekið kemur eftirfarandi fram í skýrslunni (sambærilega umfjöllun er að finna í skýrslum vegna Holtavirkjunar og Urriðafossvirkjunar, LV 2008/116 og LV 2008/117):

„Áður en framkvæmdir hefjast þarf að ljúka viðbótarrannsóknum um grunnástand lífríkis í Þjórsá sem lagðar voru til í sérfræðiskýrslu Veiðimálastofnunar og vitnað í í kafla 4.3.3 í úrskurði Skipulagsstofnunar. Þar sem um skilyrði frá Skipulagsstofnun, skilyrði 4, er að ræða er ekki hægt að hefja framkvæmdir sé þessu ekki fullnægt. Samkvæmt kafla 4.3.3 í úrskurðinum þarf að ráðast í:

- *Viðbótarrannsóknir á seiðaveitum og væntanlegum árangri slíkra mannvirkja. Gera verkfræðilegar útfærslur á þeim aðgerðum sem helst komi til greina og meta út frá straumfræði og fiskatferli. Í skýrslu frá Veiðimálastofnun segir að þetta sé mikilvægast við Urriðafossvirkjun en það segir ekki að þetta þurfi einungis að skoða fyrir þá virkjun. Meta þarf þörf á aðgerðum við Hvammsvirkjun í samráði við Veiðimálastofnun.*
- *Könnun á gönguhegðun og finna göngutíma laxaseiða til sjávar í Þjórsá svo unnt sé að tímastilla og hagræða aðferðum til að veita seiðum niður framhjá virkjuninni.*
- *Könnun á göngum sjóbirtingsseiða og stálpaðs sjóbirtings á leið til sjávar og bæta upplýsingar um stærð og útbreiðslu sjóbirtings á vatnakerfinu.*
- *Könnun á gönguhegðun laxfiska á leið upp Þjórsá með rafeindamerkingum.*

Allar viðbótarrannsóknir þarf að vinna í samráði við og bera undir veiðimálastjóra. Gera þarf ráð fyrir að tími vinnist til að framkvæma þetta allt áður en að framkvæmdum kemur.“

Það hefur því ítrekað komið fram við meðferð málsins um Hvammsvirkjun að viðbótarrannsóknir séu nauðsynlegar. Þrátt fyrir það hafa stjórnvöld ítrekað veitt leyfi fyrir Hvammsvirkjun án þess að ganga úr skugga um að allar nauðsynlegar rannsóknir hafi verið framkvæmdar.

Í þessu sambandi má sem dæmi nefna ákvörðun Fiskistofu, en eins áður hefur komið fram afgreiddi Fiskistofa umsókn Landsvirkjunar um framkvæmdaleyfi þann 14. júlí 2022. Í ákvörðun Fiskistofu komu fram sex fyrirvarar, þar af fjórir um hvernig staðið skuli að vöktun eftir byggingu Hvammsvirkjunar, einn um hvernig staðið skuli að umsókn fyrir fiskistiga upp stíflu og einn um að Landsvirkjun skuli gera áætlun um að hægt sé að grípa til óskilgreindra neyðaraðgerða. Engir fyrirvarar voru settir hvað varðar áætlanir um virkni aðgerða né viðbótarrannsóknir þrátt fyrir að ítrekað hafi verið bent á að þær væru nauðsynlegar. Í raun telur veiðifélagið augljóst að við meðferð Fiskistofu hafi ekki verið til staðar úttekt á rannsóknarniðurstöðum um áhrif rennslisbreytinga, seiðaveitu eða áhrif á fæðu og hryggingu við aðdraganda hönnunar stíflu Hvammsvirkjunar, enda eru þær ekki til.

Í maí 2023 samþykkti sveitastjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps framkvæmdaleyfi fyrir Hvammsvirkjun, en með því virkjaðist áður gerður samningur um vegi og brú yfir Þjórsá. Í greinargerð sveitastjórnar með útgáfu framkvæmdaleyfisins kom m.a. eftirfarandi fram:

„Sveitarstjórnir Rangárþings ytra og Skeiða- og Gnúpverjahrepps (hér eftir nefnd sveitarfélögin) hafa yfirfarið umsókn Landsvirkjunar dags. 14. desember 2022 (hér eftir nefnd Landsvirkjun, fyrirtækið eða framkvæmdaaðili) um framkvæmdaleyfi fyrir framkvæmdum við Hvammsvirkjun, í samræmi við 13. gr.

skipulagslaga nr. 123/2010 og 3. mgr. 27. gr. laga um umhverfismat framkvæmda- og áætlana nr. 111/2021. Þar er tiltekið að leyfisveitandi skuli taka saman greinargerð um afgreiðslu leyfis þar sem m.a. er gerð rökstudd grein fyrir því hvernig umsóknin samræmist skipulagsáætlunum, hvort um sé að ræða framkvæmd sem lýst er í matsskýrslu, samræmi við niðurstöðu álits Skipulagsstofnunar um umhverfismat framkvæmdarinnar o.fl. Hafi Skipulagsstofnun sett skilyrði um mótvægisáðgerðir eða vöktun, sbr. 24. gr., skulu þau koma fram í leyfinu [...]

Afstaða sveitarfélaga: Bygging Hvammsvirkjunar er mikið inngríp í náttúrulegt lífríki Þjórsár. Sveitarfélögin telja mikilvægt að leitað sé allra leiða til að lífríki Þjórsár verði fyrir sem minnstum skaða af framkvæmdinni. Mikilvægt er að Landsvirkjun og Veiðifélag Þjórsár vinni saman að því að móta þær áðgerðir sem þarf að fara í til að lágmarka þann skaða sem bygging virkjunarinnar mun hafa á náttúrulegt umhverfi Þjórsár. Tryggja þarf upp- og niðurgöngu fiska í ánni framhjá stíflumannvirkjum til að ekki verði skerðing á búsvæði ofan virkjunar. Áður en framkvæmdir hefjast í árfarvegi krefjast sveitarfélögin að framkvæmdaaðili leggi fram fullnægjandi gögn um virkni og rannsóknir á seiðafleytu, viðbótarrannsóknir á lífríki Þjórsár og stofnstærð laxfiska, leggi fram yfirlit yfir mögulegar viðbótarmótvægisáðgerðir og neyðaráætlun sem unnar verða í samráði við Veiðifélag Þjórsár þar sem settar verði vörður um hvenær og hvernig grípa þurfi til áðgerða til að tryggja lífríki Þjórsár. Ljóst er að virkni mótvægisáðgerða verði ekki fullljós fyrr en til kastanna kemur en mikilvægt sé að unnið verði að þeim á grundvelli bestu mögulegrar þekkingar auk vöktunar- og neyðaráætlunar.“

Af þessu má ráða að leyfisveitendur hafa veitt leyfi vegna Hvammsvirkjunar á ýmsum stigum án þess að gengið hafi verið úr skugga um að viðbótarrannsóknir hafi verið framkvæmdar. Þetta má einnig ráða af úrskurði úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindarmála, vegna útgáfu Orkustofnunar á virkjunarleyfi fyrir Hvammsvirkjun. Nefndin kvað upp úrskurð í málinu þann 15. júní 2023, en þar kom m.a. fram eftirfarandi gagnrýni á málsmeðferð stjórnvalda:

„Að áliti úrskurðarnefndarinnar voru lýsingar í umhverfismatsskýrslu Landsvirkjunar á áhrifum Hvammsvirkjunar á vatnalíf, lífríki og mótvægisáðgerðum að nokkru marki ónákvæmar, þá helst um lágmarksrennsli. Í kafla um mótvægisáðgerðir vegna áhrifa á vatnalíf kom fram, sem áður segir, að Landsvirkjun ráðgerði að tryggja 10 m³ /s rennsli milli stíflu og útfalls og að það væri í samræmi við sérfræðiskýrslu Veiðimálastofnunar. Aftur á móti er í þeirri sérfræðiskýrslu lögð fram tillaga um að tryggja bæri „a.m.k. 30 m³ /s lágmarksrennsli niður Búða.“ Við málsmeðferð umhverfismatsins leiðrétti veiðimálastjóri það mat stofnunarinnar að tryggja bæri 30 m³ /s í 15 m³ /s, en í úrskurði Skipulagsstofnunar er þeirrar leiðréttingar þó hvergi getið. Verður að telja þetta annmarka á bæði matsskýrslu Landsvirkjunar og úrskurði Skipulagsstofnunar [...]

Samkvæmt þágildandi 2. mgr. 13. gr. laga nr. 106/2000 bar Orkustofnun við undirbúning að útgáfu hins kærða virkjunarleyfis að kynna sér matsskýrslu framkvæmdaraðila um framkvæmdina og leggja álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum hennar til grundvallar. Á sú skylda einnig við um úrskurð Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum frá 19. ágúst 2003 og úrskurð umhverfisráðuneytisins frá 27. apríl 2004. Þá bar Orkustofnun jafnframt skv. 3. mgr. sömu lagagreinar að taka saman greinargerð um afgreiðslu leyfis þar sem gerð er grein fyrir samræmi milli leyfis og niðurstöðu álits Skipulagsstofnunar og rökstyðja sérstaklega ef í leyfinu er vikið frá niðurstöðu álitsins, auk þess sem stofnuninni bar jafnframt að taka afstöðu til tengdra leyfisveitinga. Þótt að álit Skipulagsstofnunar skuli lagt til grundvallar með þessum hætti er það ekki bindandi í þeim skilningi að leyfisveitandi geti ekki vikið frá athugasemdum eða ábendingum sem þar eru settar fram, enda sé það gert með fullnægjandi rökstuðningi. Á hinn bóginn er ljóst að niðurstaða Skipulagsstofnunar, eða eftir atvikum ráðuneytisins, á grundvelli þágildandi 2. mgr. 11. gr. laga nr. 106/2000 um hvort fallist sé á viðkomandi framkvæmd, með eða án skilyrða, eða lagst gegn henni er bindandi fyrir leyfisveitanda. Til að framangreindum lagaákvæðum verði fullnægt þarf atviksbundið mat Orkustofnunar um leyfisveitingu hins vegar að koma fram, sem felur í sér að rökstuðningur vegna hennar verður að lágmarki að uppfylla áskilnað 22. gr. stjórnsýslulaga um efni rökstuðnings. Áður hefur verið greint frá því að nokkra ágalla sé að finna á umhverfismatinu og bar Orkustofnun m.a. að líta til þess við afgreiðslu málsins [...]

Að teknu tilliti til þeirra valdmarka sem Orkustofnun og Fiskistofu ber að halda sig innan samkvæmt þeim lögum sem stofnanirnar starfa eftir, sem og með hliðsjón af sérfræðipækkingu hvorrar stofnunar fyrir sig, verður að fallast á það með Orkustofnun að það heyri undir verksvið Fiskistofu að fjalla um áhrif botnfalls vegna Hvammsvirkjunar á seiði og fæðu þeirra. Hins vegar verður að gera athugasemd við þá afstöðu Orkustofnunar að umrædd umhverfisáhrif hafi fengið umfjöllun í leyfi Fiskistofu með vísan til fjórða skilyrði leyfisins. Greint skilyrði lýtur að vöktun og felur á engan hátt í sér umfjöllun á umhverfisáhrifum botnsfalls á seiði og fæðu þeirra. Þá verður heldur ekki séð að fjallað hafi verið um áhrif aurdælingar í fimmta skilyrði í leyfi Fiskistofu, enda er um að ræða vöktunarskilyrði. Vekur einnig athygli að í umræddu leyfi Fiskistofu segir að leyfið snúi ekki að þáttum sem varði rekstur virkjunarinnar, s.s. heimildum eða takmörkunum vegna dælingar á seti úr Hagalóni. Tók Fiskistofa sérstaklega fram að búast mætti við að Orkustofnun myndi setja skilyrði um þá þætti í virkjunarleyfi sem tæki mið af hugsanlegum áhrifum þeirra á lífríkið. [...]

Í ákvörðun Orkustofnunar er vikið að því að ein þeirra mótvægisáðgerða sem tilgreind hafi verið í umhverfismati og umsókn Landsvirkjunar sé rekstur seiðafleytu á göngutíma seiða. Ákvæði þar að lútandi sé að finna í skilyrði þrjú í leyfi Fiskistofu og hafi sú stofnun eftirlit með þeirri vöktun sem þar sé tilgreind [...]. Samkvæmt 1. gr. laga um lax- og silungsveiði er markmið þeirra laga m.a. að kveða á um skynsamlega, hagkvæma og sjálfbæra nýtingu fiskistofna í ferskvatni og verndun þeirra. Heyrir framkvæmd stjórnáslu og eftirlits samkvæmt þeim lögum undir lax- og silungsveiðisvið Fiskistofu, sbr. 4. gr. laganna. Að því virtu er það fremur á hendi Fiskistofu að meta virkni seiðafleytu en Orkustofnunar, eins og framangreind umfjöllun um ákvæði í virkjunarleyfi Orkustofnunar og leyfi Fiskistofu bera með sér [...]

Í bréfi Orkustofnunar til úrskurðarnefndarinnar, dags. 6. febrúar 2023, sem skrifað var í tilefni af athugasemdum hluta kæranda í þessu máli, er fjallað ítarlegar um samrýmanleika leyfisútgáfunnar við skyldu stofnunarinnar skv. 28. gr. laga nr. 36/2011. Þar er m.a. veruleg umfjöllun um 18. gr. laganna, en samkvæmt henni getur Umhverfisstofnun heimilað breytingu á vatnshloti þegar ekki er hægt að ná fram umhverfismarkmiðum skv. 11. gr. laganna. Í bréfinu er áréttað að ekki liggja fyrir hver vistfræðileg viðmið verði um beitingu gæðapátta eða afmörkun viðkomandi ástandsflokka í jökulám. Sérstakar aðstæður eða áskoranir séu við mat á gæðapáttum, sem raktar eru nánar og um það vísað til sérfræðiskýrslu sem unnin var fyrir Umhverfisstofnun árið 2019. Staðhæft er að gert sé ráð fyrir því að við mat á vistfræðilegu ástandi jökuláa verði aðallega notast við þéttleika, aldurs- og tegundasamsetningu laxfiska, en vinnu við afmörkun þeirra gæðapátta hafi verið frestað til næsta vatnahrings. Þar sem engin gildi milli ástandsflokka séu sett fram í vatnaáætlun varðandi jökulár geti vatnshlotið ekki fallið um flokk. Af þessu er dregin sú ályktun að miðað við bestu fánlegu gögn liggja ekki fyrir að breyting verði á flokkun vatnshlotsins Þjórsá 1, sem geti fallið undir 18. gr. laga um stjórn vatnamála. Það sé því ekki rétt metið hjá kærendum að ljóst sé af gögnum að breyting verði á vatnshloti sem þarfnist leyfis Umhverfisstofnunar.

Með þessu er rökstuðningi Orkustofnunar áfátt með hliðsjón af þeirri skyldu sem hvílir á stofnuninni skv. 3. mgr. 28. gr. laga nr. 36/2011 um að tryggja að leyfi sé í samræmi við þá stefnumörkun um vatnsvernd sem fram komi í vatnaáætlun. Tilefni var til mun nánari athugunar í ljósi umfangs framkvæmdarinnar og þeirra umhverfisáhrifa sem hún hefur í för með sér svo sem þeim er lýst í matsskýrslu framkvæmdar [...]

Með hliðsjón af undirbúningi og tilgangi virkjunarleyfis, sem felur m.a. í sér heimild til vatnsmiðlunar til þarfa raforkuframleiðslu, með þeim áhrifum sem það getur haft á vatnafar, er nauðsynlegt að taka rökstudda afstöðu á grundvelli vatnaáætlunar og þá um leið laga um stjórn vatnamála við undirbúning leyfisins og stoðar því ekki að vísa til síðari leyfisveitingar sem byggir á öðrum lagagrundvelli, svo sem færð hafa verið fram sjónarmið um fyrir úrskurðarnefndinni. Þá hefur ekki heldur þýðingu að vísa til þess að síðar meir sé unnt að endurskoða umrætt leyfi verði sýnt á fram á með gögnum að umhverfismarkmið sett samkvæmt lögum um stjórn vatnamála náist ekki, en ákvæði 3. mgr. 6. gr. raforkulaga sem með því er vísað til varðar ekki útgáfu nýrra leyfa með sama hætti og 3. mgr. 28. gr. laga nr. 36/2011.“

Meðal annars með vísan til framangreinds telur veiðifélagið að verulega skorti á að nauðsynlegar viðbótarrannsóknir hafi verið framkvæmdar. Mikilvægi þeirra hefur ítrekað komið fram, svo sem í

úrskurði Skipulagsstofnunar og skýrslum Hafrannsóknarstofnunar, auk þess sem Landsvirkjun hefur viðurkennt að þær þurfi að fara fram.

Veiðifélagið gerir því kröfu um að Umhverfisstofnun tryggi að allar slíkar rannsóknir hafi farið fram með fullnægjandi hætti áður en heimild verður veitt til breytingar á vatnshlotinu Þjórsár 1, sbr. rannsóknarreglu 10. gr. stjórnáslulaga nr. 37/1993 og almennar meginreglur stjórnásluréttar. Án slíkra rannsókna verður lífríki Þjórsár stefnt í óásættanlega hættu að óþörfu.

4. Almenn um mat Umhverfisstofnunar á áhrifum á vistfræðilegt ástand Þjórsár

Veiðifélagið bendir á að í áformum Umhverfisstofnunar er lagt til grundvallar að gott vistfræðilegt ástand Þjórsár 1 muni ekki nást, en að vænta megi að stór hluti vatnshlotsins verði áfram í að minnsta kosti góðu vistfræðilegu ástandi. Sá fyrirvari er gerður við þessa ályktun að hún sé miðuð við að mótvægisáðgerðir muni skila tilætluðum árangri. Veiðifélagið bendir á að um stóran fyrirvara er að ræða, enda hafa fullyrðingar um virkni fyrirhugaðra mótvægisáðgerða byggt á engum eða afar takmörkuðum rannsóknum. Í raun staðfestir fyrirvarinn að breytingar á vistfræðilegu ástandi Þjórsár eru háðar verulegri óvissu. Veiðifélagið telur að Umhverfisstofnun sé óheimilt að veita heimild til breytingar vatnshlotsins Þjórsá 1 áður en fullnægjandi rannsókn hefur farið fram sem eyðir þessari óvissu, sbr. rannsóknarreglu 10. gr. stjórnáslulaga nr. 37/1993 og almennar meginreglur stjórnásluréttar. Þar sem slík rannsókn hefur ekki farið fram er að mati veiðifélagsins ómögulegt að komast að niðurstöðu um hvort skilyrði 18. gr. vatnamálalaga séu uppfyllt.

Jafnframt bendir veiðifélagið á að ályktunin byggir á því að ekki verði gerðar frekari breytingar á vatnshlotinu neðan áhrifasvæðis Hvammsvirkjunar. Það liggur hins vegar fyrir að verkefnisstjórn 5. áfanga rammaáætlunar hefur birt drög að tillögum um að færa virkjunarkostina Holtavirkjun og Urriðafossvirkjun í Þjórsá úr biðflokki í nýtingarflokk. Veiðifélagið telur ótækt að Umhverfisstofnun komist að niðurstöðu um áhrif á vistfræðilegt ástand Þjórsár án þess að litið sé til áhrifa umræddra virkjunaráforma.

Veiðifélagið gerir einnig athugasemdir við að rannsóknir á vistfræðilegu ástandi Þjórsár 1 og áhrifum Hvammsvirkjunar á það voru framkvæmdar að beiðni Landsvirkjunar en ekki Umhverfisstofnunar. Landsvirkjun er framkvæmdaaðili virkjunarinnar og hefur því verulega hagsmuni af niðurstöðum þessara rannsókna. Að mati veiðifélagsins er að aðkoma Landsvirkjunar að rannsóknum til þess fallin að skapa vafa um hvort þær hafi farið fram með fullnægjandi hlutlægum hætti. Í öllu falli er mikilvægt að Umhverfisstofnun rannsaki sjálfstætt umræddar niðurstöður, enda ber stjórnvaldi að rannsaka niðurstöður annarra stjórnvalda.

5. Um fisk sem gæðapátt við ástandsflokkun ferskvatns

Í skýrslu Hafrannsóknarstofnunar, dags. í júní 2023, um laxfiska sem gæðapátt við ástandsflokkun ferskvatns á Íslandi, er fjallað um að fiskstofnar hafi verið taldir gefa góða mynd um almennt ástand lífríkis í ám og vötnum, þar sem fiskar eru efstir í fæðukeðju ferskvatns. Þannig hafi verið gengið út frá því að ef ástand fiska er gott, hvað varðar fjölda, stærð einstaklinga og aldursdreifingu, megi ætla að fæðuframboð sé gott og aðstæður til nýliðunar til staðar. Í tengslum við þetta er hins vegar áréttað í skýrslunni að upplýsingar um tilvist ferskvatnsfiska í vatnshloti sé forsenda þess að hægt sé að nota

gögn um fiskstofna til ástandsflokkunar þess. veiðifélagið telur að umfjöllun skýrslunnar feli í sér aðvörun um að ekki sé til staðar fullnægjandi þekking til að horfa til laxfiska við ástandsflokkun.

Þannig telur veiðifélagið að skýrslan staðfesti það sem félagið hefur ávallt haldið fram um þekkingarskort á stofnstærð fiska á vatnasvæði Þjórsár. Aldurs- og lengdarrannsóknir eru þannig ekki til staðar auk þess sem stofnstærð fiskanna er einungis ágiskun út frá veiðitölum, sem Hafrannsóknarstofnun veit vel að eru verulega takmarkaðar að áreiðanleika. Þrátt fyrir framangreint er fiskur notaður við mat Hafrannsóknarstofnunar og Veðurstofu Íslands á vistfræðilegu ástandi Þjórsár 1, í tengslum við áform Umhverfisstofnunar, án frekari rannsókna. Veiðifélagið telur að þegar af þeirri ástæðu séu rannsóknir á áformum Umhverfisstofnunar ekki fullnægjandi.

Í skýrslu Hafrannsóknarstofnunar, frá júní 2023, kemur jafnframt fram að við fyrri greiningar á gögnum um laxfiska í straumvötnum hafi verið notast við aðferðafræði Norðmanna. Samkvæmt þeirri aðferðafræði eru notuð gögn úr seiðarannsóknnum með rafveiði og skoðuð er tegundasamsetning laxfiska, aldur og þéttleiki í náttúrulegum, óröskuðum straumvatnshlotum. Í skýrslunni er hins vegar tekið fram að þessi aðferð eigi aðeins að nota í fremur litlum ám og hliðarám þar sem hægt sé að beita rafveiði. Veiðifélagið telur einsýnt að slíkar aðferðir henti ekki Þjórsá, enda stór og kröftug á. Þessi aðferðafræði var hins vegar notuð til að meta fiskgenga hluta Þjórsár og telur veiðifélagið þetta vera verulegan annmarka á málsmeðferðinni.

Í tengslum við þetta mat er því haldið fram að fram til ársins 1992 hafi Þjórsá aðeins verið fiskgeng að fossinum Búða. Þetta er hins vegar ekki rétt. Hið rétta er að á árinu 1896 reið yfir jarðskjálfti sem breytti árfarvegi Þjórsár sem hafði áhrif á göngu fiska upp Búða. Hestfoss var fiskgengur fram undir lok 20 aldar, en möguleikar laxfiska til uppgöngu minnkuðu eftir því sem rennsli minnkaði. Það var síðan árið 1991 sem gerður var fiskvegur sem auðveldaði göngu laxfiska. Að mati veiðifélagsins sýna þessar rangfærslur hvað mikið vantar upp á að áformin hafi verið rannsökuð með fullnægjandi hætti. Auk þess leiðir af norsku aðferðarfræðinni að grundvöllur fullnægjandi rannsóknar sé óraskað straumvatnshlot, allt frá árinu 1900, Ísland miðar við 1950, en hér er litið til breytinga eftir 1992 sem sýna þ.a.l. ekki náttúrufræðilegan vistleika vatnshlotsins.

Veiðifélagið áréttar mikilvægi þess að langtímarannsóknir verði framkvæmdar til þess að unnt sé að byggja mat á ástandi vatnshlotsins á fullnægjandi upplýsingum um fiska. Eins og áður segir hafa fiskstofnar verið taldir gefa góða mynd um almennt ástand lífríkis í ám og vötnum. Það er því mikilvægt að mat á slíkum fiskstofnum, byggt á fullnægjandi rannsóknnum, liggi fyrir áður en heimild verður veitt til að breyta vatnshlotinu.

6. Um 18. gr. vatnamálalaga

Í 1. mgr. 18. gr. vatnamálalaga er kveðið á um að Umhverfisstofnun geti heimilað breytingu á vatnshloti, þegar slík breyting hefur í för með sér að ekki er hægt að ná fram umhverfismarkmiðum samkvæmt 11. gr. laganna, í eftirfarandi tilvikum:

- a) Þegar um er að ræða breytingar, svo sem vegna mengunar eða í tengslum við loftlagsbreytingar, á vatnsgæðum, vistfræðilegum, vatnsformfræðilegum eða efna- og eðlisefnafræðilegum eiginleikum yfirborðsvatnshlots eða á hæð grunnvatnshlots, sbr. a. lið 1. mgr. 18. gr. laganna.

- b) Þegar ný sjálfbær umsvif eða breytingar sem hafa í för með sér að ástand yfirborðsvatnshlots breytist úr mjög góðu í gott, sbr. b. lið 1. mgr. 18. gr. laganna.

Til viðbótar verða öll eftirtalin skilyrði að vera uppfyllt, sbr. 2. mgr. 18. gr. vatnamálalaga:

- Að gripið sé til allra ráðstafana sem raunhæfar teljast til að draga úr skaðlegum áhrifum á ástand vatnshlots.
- Að tilgangur framkvæmdanna eða umsvifanna vegi þyngra vegna almannaheilla og/eða ávinnings fyrir heilsu og öryggi manna eða fyrir sjálfbæra þróun en ávinningur af því að umhverfismarkmið náist.
- Að tilgangi framkvæmdanna eða umsvifanna verður ekki með góðu móti náð með umhverfisvænni leiðum vegna tæknilegra erfiðleika eða óhóflegs kostnaðar.

Veiðifélagið telur að skilyrði 2. mgr. 18. gr. vatnamálalaga séu ekki uppfyllt hvað varðar áform Umhverfisstofnunar um að veita heimild til breytingar vatnshlotsins Þjórsá 1. Í öllu falli telur veiðifélagið að verulega skorti á að fram hafi farið fullnægjandi rannsókn á skilyrðunum, sbr. 10. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 og almennar reglur stjórnsýsluréttar.

7. Skilyrði a. liðar 2. mgr. 18. gr. vatnamálalaga

Ákvæði a. liðar 2. mgr. 18. gr. vatnamálalaga gerir kröfu um að gripið sé til allra raunhæfra ráðstafana, þ.m.t. mótvægisáðgerða, til að draga úr skaðlegum áhrifum framkvæmda á ástand vatnshlots. Það liggur fyrir að framkvæmdir við Hvammsvirkjun munu hafa veruleg áhrif á ástand vatnshlots Þjórsár, en þar má meðal annars nefna áhrif á rennsli, samfellu og formfræði. Framkvæmdirnar munu jafnframt hafa áhrif á eðlisefnafræðilega gæðapætti, þ.e. vatnshita, súrefni og næringarefni, og á líffræðilega gæðapætti, þ.m.t. fiska og lífríki þeirra í heild sinni.

Óheimilt er að heimila breytingar á vatnshlotinu fyrr en rannsakað hefur verið og tryggt að gripið verði til allra raunhæfra mótvægisáðgerða og annarra ráðstafana til að draga úr neikvæðum áhrifum framkvæmdanna. Veiðifélagið telur ljóst að það hafi ekki verið gert.

7.1 Almennt um mótvægisáðgerðir á mismunandi áhrifasvæðum

Í grunninn eru niðurstöður áhrifamats þær að Hvammsvirkjun muni valda miklum rennisskerðingum innan áhrifasvæðis B sem og að áhrifasvæði C muni breytast úr staumvatni í stöðuvatn (lón). Þessar breytingar muni síðan hafa veruleg áhrif á líffræðilega og vatnsformfræðilega gæðapætti vatnshlotsins, sér í lagi áhrifasvæði B og C. Áhrifin séu hins vegar óljós á áhrifasvæði E þar sem áhrifin munu ráðast af virkni fyrirhugaðra mótvægisáðgerða á svæði B og C.

Um áhrifasvæði A: Í áformum Umhverfisstofnunar er einungis gert ráð fyrir þeim mótvægisáðgerðum sem snúa að áhrifasvæðum B og C. Svo virðist sem gert sé ráð fyrir að það nægi til að tryggja að þetta svæði verði áfram í góðu vistfræðilegu ástandi eftir framkvæmdirnar. Þessi niðurstaða byggir hins vegar á því að ekki verði gerðar breytingar á vatnshlotinu neðan áhrifasvæðis Hvammsvirkjunar. Eins og áður segir liggur fyrir að verkefnisstjórn 5. áfanga rammaáætlunar hefur birt drög að tillögum um

að færa virkjunarkostina Holtavirkjun og Urriðafossvirkjun í Þjórsá úr biðflokki í nýtingarflokk. Veiðifélagið telur ótækt að Umhverfisstofnun komist að niðurstöðu um áhrif á vistfræðilegt ástand Þjórsár án þess að litið sé til áhrifa umræddra virkjana. Auk þess mun breyting á áhrifasvæði C hafa það í för með sér að set og annað stoppi í fyrirhuguðu lóni en ekki hefur verið lögð fram tillaga þess efnis hvernig koma eigi setinu aftur í vatnshlotið. Setið getur haft ýmis áhrif á núverandi vistkerfi vatnshlotsins og röskun á því rennsli óvituð. Óljóst er hver áhrif þess verða á áhrifasvæði A.

Um áhrifasvæði B: Í áformum Umhverfisstofnunar er miðað við að áhrifasvæði B, þ.e. Þjórsá neðan Búrfells, sé í góðu vistfræðilegu ástandi. Það er hins vegar talið líklegt að framkvæmdirnar muni gera það að verkum að líffræðilegir gæðapættir skerðist vegna mikilla rennisskerðinga og snöggra rennislisbreytinga eftir að starfsemin hefst sem og eftir að virkjun hefur verið byggð. Talið er líklegt að lífríki muni hnigna og er umfang hnignunar óljóst. Það sé því ekki víst hvort vatnshlotið muni ná markmiði sínu, þ.e. góðu vistfræðilegu ástandi.

Í áformum Umhverfisstofnunar er lagt til grundvallar að „líkur“ séu á því að fyrirhugaðar mótvægisáðgerðir Landsvirkjunar á þessu áhrifasvæði verði af þeim toga að áhrif verði lágmörkuð eins og hægt er. Veiðifélagið bendir á að þessi ályktun sé sett fram án nokkurs rökstuðnings.

Veiðifélagið áréttar að Umhverfisstofnun ber rannsóknarskylda samkvæmt 10. gr. stjórnsýslulaga og almennum meginreglum stjórnsýsluréttar. Stofnuninni ber því að rannsaka og komast að niðurstöðu um hvort fyrirhugaðar mótvægisáðgerðir séu fullnægjandi. Þannig telur veiðifélagið að það nægi ekki að stofnunin telji „líkur“ til þess að áðgerðir séu fullnægjandi heldur verði hún að ganga úr skugga um að svo sé. Þannig leiðir af a. lið 2. mgr. 18. gr. vatnamálalaga að grípa verður til allra raunhæfra mótvægisáðgerða og annarra ráðstafana til að draga úr neikvæðum áhrifum framkvæmda.

Um áhrifasvæði C: Í áformum Umhverfisstofnunar er miðað að við að framkvæmdirnar muni gera það að verkum að áhrifasvæði C muni breytast úr straumvatni í stöðuvatn. Þá er ekki gerð grein fyrir áhrifum setsöfnunar í lóninu á áhrifasvæðið. Stofnunin telur hins vegar að fyrirhugaðar mótvægisáðgerðir muni verða til þess að neikvæð áhrif verði lágmörkuð eins og hægt er.

Ekki er hægt að ráða af umfjöllun Umhverfisstofnunar hvort eiginleg rannsókn hafi farið fram af hennar hálfu á umræddum mótvægisáðgerðum. Af umfjöllun í áformunum má hins vegar ráða að stofnunin telji að nokkur vafi sé til staðar um virkni þeirra. Að mati veiðifélagsins leiðir það til þess að skilyrði a. liðar 2. mgr. 18. gr. vatnamálalaga séu ekki uppfyllt. Í öllu falli áréttar veiðifélagið að fullnægjandi rannsókn á mótvægisáðgerðum verður að liggja fyrir áður en tekin verður ákvörðun um að heimila breytingar á vatnshlotinu.

Um áhrifasvæði E: Í áformum Umhverfisstofnunar er miðað við að ekki verði ljóst hvort áhrifasvæði E muni áfram verða í góðu vistfræðilegu ástandi með tilliti til líffræðilegra gæðapátta og að það muni ekki skýrast fyrr en heildarvirkni fyrirhugaðra mótvægisáðferða hefur komið í ljós. Veiðifélagið telur að þessar ályktanir Umhverfisstofnunar sýni að fullnægjandi rannsóknir hafi ekki farið fram. Þannig telur félagið að skilyrði a. liðar 2. mgr. 18. gr. vatnamálalaga verði ekki uppfyllt fyrr en að fullnægjandi rannsókn um á fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum er lokið, enda ekki hægt að álykta um hvaða ráðstafanir séu raunhæfar fyrr en virkni þeirra liggur fyrir.

Veiðifélagið áréttar að Umhverfisstofnun ber að gæta þess að mál sé nægilega upplýst áður en ákvörðun er tekin í því, en þessar ályktanir stofnunarinnar bera með sér að það hafi ekki verið gert. Þá

á veiðifélagið erfitt með að sjá hvernig Umhverfisstofnun getur komist að þeirri niðurstöðu að mótvægisáðgerðirnar séu af þeim toga, að neikvæð áhrif verði lágörkuð eins og hægt er, þegar virkni þeirra liggur ekki fyrir.

7.2 Mótvægisáðgerðir tengdar rennsli og samfellu

Í áformum Umhverfisstofnunar er lagt til grundvallar að vistrennsli verði ávallt tryggt. Annars vegar með 10m³/sek lágmarksrennsli til að viðhalda vistkerfi botnflatarins og tryggja örugga gönguleið fiska. Hins vegar 35m³/sek lágmarksrennsli um seiðafleytu á göngutíma laxaseiða á leið til sjávar.

Veiðifélagið hefur hins vegar ítrekað bent á að það lágmarksrennsli muni ekki duga fyrir þetta svæði enda væri það verulega breytt frá núverandi rennsli sem lífríkið þrífst á. Þannig telur veiðifélagið ótækt að rennslið verði minnkað að meðaltali um 300 m³/sek, þ.e. um 1000%. eru því gerðar verulegar athugasemdir við þá staðhæfingu að vistrennslið sé tryggt. Þannig hafa ekki komið fram rannsóknir eða tæk rök sem staðfesta að fyrirhugaðar áðgerðir séu hæfar fyrir undirliggjandi líffræðilega og vatnsformfræðilega gæðabætti.

Það vekur athygli að í áformum Umhverfisstofnunar er mikilvægi þess áréttað að nægjanlegt rennsli sé tryggt í gegnum fyrirhugaða stíflu til að tryggja afkomu dýralífs. Þrátt fyrir þetta ályktar stofnunin að mótvægisáðgerðirnar muni „að öllum líkindum“ lágmarka möguleg áhrif framkvæmdarinnar. Þessi ályktun virðist sett fram án sjálfstæðrar rannsóknar eða athugunar stofnunarinnar. Í öllu falli er ljóst að ekki hafa farið fram rannsóknir til að eyða vafa um þetta atriði og því ljóst að skilyrði a. liðar 2. mgr. 18. gr. vatnamálalaga eru ekki uppfyllt.

Auk þess verður rof á samfellu búsvæða í ánni við framkvæmdirnar en óljóst er hvort fiskvegur og seiðafleyta muni virka sem ella vegna þess rofs. Engin haldbær rök hafa komið fram því til stuðnings. Aftur er ítrekað að Umhverfisstofnun virðist ekki hafa rannsakað þetta atriði og áhrif þess með nægum hætti.

7.3 Mótvægisáðgerðir tengdar fiski

Í áformum Umhverfisstofnunar kemur eftirfarandi fram:

„Fiskar munu verða fyrir þónokkrum áhrifum vegna framkvæmdarinnar en farleiðir þeirra og búsvæði munu skerðast töluvert með tilkomu stíflumannvirkis og skerðingu á rennsli fyrir neðan stíflu. Samkvæmt áhrifamatinu munu þó t.d. urriði og bleikja taka yfir búsvæði laxa að einhverju leyti við breytingarnar.“

Svo virðist sem Umhverfisstofnun leggi til grundvallar að það dragi með einhverjum hætti úr neikvæðum áhrifum framkvæmdanna að ein tegund fisks komi í stað annarrar. Veiðifélagið telur að slík nálgun standist enga skoðun, enda er markmið vatnalaga að tryggja vernd vatns og vistkerfi þess. Forsendur lífríkis og fiska er að núverandi lífríki og fiskar haldi búsetuskilyrðum sínum að sem mestu leyti óbreyttum. Því er markmiðið að viðhalda góðum líffræðilegum gæðabáttum sem hefur áhrif á núverandi lífríki. Það að aðrir fiskar eða lífverur komi í stað núverandi lífríkis endurspeglar ekki raunhæfa ráðstöfun til að draga úr skaðlegum áhrifum heldur þvert á móti verulega breytingu sem hefur áhrif á núverandi lífríki.

Í áformum Umhverfisstofnunar kemur einnig fram að viðhaldsvinnu við virkjun og stíflunarmannvirki verði framkvæmd utan viðkvæmra tímabila. Veiðifélagið bendir á að slíkt sé ekki fullnægjandi, bæði þar sem framkvæmdirnar sjálfar við að reisa virkjunina muni hafa verulega röskun í för með sér sem og ekki sé hægt að tryggja að viðhaldsvinna og aðrar framkvæmdir muni vera framkvæmdar utan viðkvæmra tímabila, og þótt slíkt yrði gert, að það hefði ekki áhrif á fiskinn og aðra líffræðilega, eðlisefnafræðilega eða vatnsformfræðilega þætti.

Umhverfisstofnun vísar einnig til þess að Fiskistofa hafi sett skilyrði í leyfi sínu að gera þyrfti áætlun um neyðaraðgerðir ef mótvægisáðgerðir myndu ekki virka sem skyldi. Í því sambandi er bent á að Fiskistofa hafi tekið fram að æskilegt væri að áætlunin yrði gerð í samráði við Veiðifélag Þjósár. Veiðifélagið vill upplýsa Umhverfisstofnun um að ekkert slíkt samráð hefur farið fram, hvorki varðandi neyðaráætlanir né aðra þætti sem hafa átti samráð við eða kynna fyrir veiðifélaginu samkvæmt ákvörðun Fiskistofu. Í raun er það svo að Landsvirkjun hefur kosið að líta fram hjá öllum athugasemdum og ábendingum veiðifélagsins við undirbúning þessara framkvæmda.

Veiðifélagið telur að þær neyðaráætlanir, sem vísað er til í áformum Umhverfisstofnunar, séu ekki fyrir hendi eða þær séu í öllu falli ófullnægjandi. Þannig telur félagið að þær ráðstafanir, sem nefndar eru sem dæmi í áformum Umhverfisstofnunar, þ.e. að fanga hrygningarlax séu órannsakaðar og að það sé óljóst hvort að þær virki. Veiðifélagið áréttar aftur að samkvæmt a. lið 2. mgr. 18. gr. vatnamálalaga skal tryggja að gripið verði til allra raunhæfra mótvægisáðgerða og annarra ráðstafana. Veiðifélagið telur ljóst að undir það falli neyðaráætlanir og því verði Umhverfisstofnun að ganga úr skugga um að þær séu til staðar og að þær séu fullnægjandi.

7.4 Mótvægisáðgerðir tengdar hryggleysingjum

Í áformum Umhverfisstofnunar kemur fram að áhrif á hryggleysingja verði mest á áhrifasvæðum B og C, en að búist sé við meiri áhrifum á fiska en minni lífverur sem festa sig við botn, t.a.m. þörunga og hryggleysingja. Þó kemur fram að aukið vatnsdýpi í farveginum yfir lengri tíma geti valdið minnkun á lífmassa ljóstíllífandi lífvera (þörunga), þar sem skyggni í jökulvatni minnki hratt með auknu dýpi. Það hamli ljóstíllífun á botni og valdi þar með lakari afkomu hryggleysingja sem nýta þörunga sem fæðu.

Veiðifélagið tekur undir með Umhverfisstofnun að það sé mikilvægt að tryggja nægjanlegt rennsli í gegnum áhrifasvæði B til að tryggja afkomu hryggleysingja á botni en vill vekja athygli á að fyrirhugað rennsli sé ekki fullnægjandi hvað það varðar. Í það minnsta liggja ekki fyrir rannsóknir því til staðfestingar.

Það vekur einnig athygli að Umhverfisstofnun bendir á að engar mótvægisáðgerðir séu fyrirhugaðar sem tengjast beint hryggleysingjum heldur séu þær eingöngu bundnar við rennsli. Umhverfisstofnun leggur hins vegar til grundvallar að þetta muni „að öllum líkindum“ lágmarka möguleg áhrif framkvæmda á hryggleysingja. Þessi fullyrðing er sett fram án frekari rökstuðnings og svo virðist sem Umhverfisstofnun hafi ekki rannsakað þetta sérstaklega. Eins og rakið er hér að framan telur veiðifélagið að slík afgreiðsla fullnægi ekki skilyrðum a. liðar 2. mgr. 18. gr. vatnamálalaga.

Þá virðist Umhverfisstofnun horfa fram hjá áhrifum á áhrifasvæði C, en veiðifélagið telur augljóst að með stöðuvatni versni lífsgæði hryggleysingja verulega, enda verður þar takmarkað rennsli og talsvert dýpi. Því til viðbótar mun eiga sér stað uppmokstur jarðefna af botni vatnsins með reglulegu millibili. Veiðifélagið telur þetta verulegan anmarka á áformum Umhverfisstofnunar.

7.5 Mótvægisáðgerðir tengdar svifaursbreytingum

Í áformum Umhverfisstofnunar er bent á mikilvægi þess að huga þurfi vandlega að mótvægisáðgerðunum „*Sediment management*“ og „*Improvement of sediment connectivity*“. Veiðifélagið tekur undir þetta, enda mikilvægt að tryggja að seti verði komið aftur í umferð í vatnshlotinu í stað þess að grafa það upp og haugsetja. Setið spilar mikilvægt hlutverk í að halda réttu jafnvægi á vistkerfi vatnshlotsins. Ef það er fjarlægt getur það valdið breytingum til lengri tíma neðar í vatnshlotinu og jafnvel út í sjó.

Veiðifélagið gerir hins vegar athugasemdir við afgreiðslu Umhverfisstofnunar á þessum mótvægisáðgerðum. Stofnunin virðist ekki leggja neitt mat á það hvort þær séu raunhæfar eða hvort þær uppfylli skilyrði a. liðar 2. mgr. 18. gr. vatnamálalaga. Af áformunum verður því ekki annað ráðið en að þær hafi ekki verið rannsakaðar af hálfu Umhverfisstofnunar, en slík málsmeðferð brýtur í bága við rannsóknarreglu 10. gr. stjórnsýslulaga og almennar meginreglur stjórnsýsluréttar.

7.6 Mótvægisáðgerðir vegna landmótunar og samgangna

Veiðifélagið gerir athugasemdir við að Umhverfisstofnun hafi ekki lagt mat á mótvægisáðgerðir vegna landmótunar eða samgangna. Þannig telur veiðifélagið ljóst að slíkir þættir geti haft veruleg áhrif á vatnshlotið, þ.m.t. vistkerfi þess og líffræðilega og vatnsformfræðilega gæðabætti. Í því sambandi minnir veiðifélagið á að það leiðir af a. lið 2. mgr. 18. gr. vatnamálalaga að óheimilt er að heimila breytingar á vatnshlotinu fyrr en rannsakað hefur verið og tryggt að gripið verði til allra raunhæfra mótvægisáðgerða og annarra ráðstafana til að draga úr neikvæðum áhrifum framkvæmdanna. Eru landmótun og samgöngur þar ekki undanskildar.

7.7 Vöktunaráætlun

Í áformum Umhverfisstofnunar er áréttað að mikilvægt sé að vakta áhrifasvæði í heild sinni til lengri tíma svo hægt sé að fylgjast með virkni mótvægisáðgerða, staðfesta vistfræðilegt ástand og tryggja að umhverfismarkmið vatnshlotsins náist. Veiðifélagið tekur undir mikilvægi slíkrar vöktunar.

Veiðifélagið bendir hins vegar á að vöktunaráætlunin er gerð af Landsvirkjun og byggir hún á tillögu Hafrannsóknarstofu og þeim kröfum sem koma fram í leyfi Fiskistofu. Umhverfisstofnun metur sem svo að framlögð vöktunaráætlun sé nægjanleg á þessum tímapunkti, að vatnsformfræðilegum gæðabáttum viðbættum. Þá ráðgerir Umhverfisstofnun að verði virkjanaleyfi gefið út verði skilyrði varðandi vöktun gerð í samráði við Umhverfisstofnun. Umhverfisstofnun bendir enn fremur á að tíðni vöktunar skuli vera í samræmi við vöktunaráætlun vatnaáætlunar 2022-2027, ástand vatnshlotsins skuli vaktað á líftíma virkjunarinnar sem og útfærsla vöktunaráætlunar skuli vera nákvæm, t.a.m. er varðar sýnatökustaði, tíðni sýnatöku og tryggt sé að sýnataka fari fram samkvæmt staðlaðri aðferðarfræði stjórnar vatnamála.

Veiðifélagið vill vekja athygli á að í leyfi Fiskistofu vegna Hvammsvirkjunar voru sett sérstök skilyrði um að vöktunaráætlanir skyldu kynntar fyrir veiðifélaginu. Það hefur aldrei verið gert.

Veiðifélagið bendir einnig á þá lögbundnu skyldu sem hvílir á Umhverfisstofnun samkvæmt vatnamálalögum. Vatnaráð hefur umsjón með gerð tillögu að vöktunaráætlun, sbr. a. lið 1. mgr. 6. gr. vatnamálalaga. Þá er það hlutverk Umhverfisstofnunar að samræma vinnu við gerð vöktunaráætlunar,

vinna tillögur um vöktunaráætlun í samvinnu við viðeigandi sveitarfélag að höfðu samráði við vatnasvæðisnefndir og ráðgjafanefndir samkvæmt 8. og 9. gr. laganna, sem og hafa umsjón með framkvæmd vöktunaráætlunar, sbr. a., e. og g. lið 2. mgr. 7. gr. sömu laga. Þá kemur skýrt fram í 1. málsl. 1. mgr. 22. gr. vatnamálalaga að Umhverfisstofnun gerir áætlun um vöktun á ástandi yfirborðsvatns. Vatnaráð gerir síðan tillögu til ráðherra um staðfestingu vöktunaráætlunar og endurskoðunar þegar við á að fenginni tillögu Umhverfisstofnunar, sbr. b. lið 1. mgr. 6. gr. laganna. Veiðifélagið mótmælir því að það sé Landsvirkjun sem leggi fram drög að vöktunaráætlun. Þannig er það hlutverk Umhverfisstofnunar að gera vöktunaráætlun samkvæmt 1. mgr. 22. gr. laganna og 2. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 535/2011 um flokkun vatnshlota, eiginleika þeirra, álagsgreiningu og vöktun, sbr. d. lið 1. mgr. 29. gr. vatnamálalaga.

8. Skilyrði b. liðar 2. mgr. 18. gr. vatnamálalaga

Ákvæði b. liðar 2. mgr. 18. gr. vatnamálalaga gerir kröfu um að tilgangur framkvæmdanna eða umsvifanna vegi þyngra vegna almannaheilla og/eða ávinnings fyrir heilsu og öryggi manna eða fyrir sjálfbæra þróun en ávinningur af því að umhverfismarkmið náist. Við mat á því hvort skilyrði b. liðar 2. mgr. 18. gr. vatnamálalaga eru uppfyllt ber fyrst og fremst að meta almannahagsmuni gagnvart ávinningi af umhverfismarkmiðum.

Í áformum Umhverfisstofnunar kemur fram að fyrir liggi ítarleg greining og staðfesting á því að þörf sé á aukinni framleiðslu raforku, að því marki sem Hvammsvirkjun er ætlað að framleiða, til að tryggja raforkuöryggi í landinu. Aðrir möguleikar til að stuðla að auknu raforkuöryggi s.s. orkusparnaður og bætt flutningskerfi, myndu einnig nýtast til lengri tíma, en að spár sýni meiri þörf en sem svarar áætlaðri framleiðslu Hvammsvirkjunar. Jafnframt hafi Alþingi þegar samþykkt að virkjunin verði sett í orkunýtingarflokk rammaáætlunar að undangengnu mati á þjóðarhagsmunum. Með hliðsjón af þessu taldi Umhverfisstofnun að tilgangur Hvammsvirkjunar til að tryggja raforkuöryggi varðaði almannahagsmuni sem vægju þyngra en ávinningur af því að umhverfismarkmið vatnshlotsins sem að framan er lýst.

Veiðifélagið áréttar það sem áður hefur verið rakið um annmarka á rannsókn Umhverfisstofnunar á áhrifum framkvæmdanna og mótvægisaðferðum. Þegar af þeirri ástæðu eru verulegir annmarkar á mati stofnunarinnar á skilyrðum b. liðar 2. mgr. 18. gr. vatnamálalaga, enda ræðst slíkt mat meðal annars á áhrifum framkvæmdar á umhverfi.

Veiðifélagið áréttar jafnframt að ýmsir aðrir kostir eru færir til stuðla að auknu raforkuöryggi heldur en Hvammsvirkjun. Þannig er meðal annars hægt að auka orkunýtni og flytja inn rafeldsneyti. Jafnframt getur regluverk haft áhrif á eftirspurn eftir raforku og nýsköpun, t.a.m. hvatakerfi eða kröfur til vinnslufyrirtækja að forgangsraða raforku í þágu raforkuöryggis eða orkuskipta. Einnig hefur verið talið að í flutningskerfinu séu um 100 MW sem komast ekki til notenda vegna lélegra flutningslína. Þá er hægt að setja ýmis verkefni í gang, t.a.m. stækka Sigöldu sem þegar er aðgengilegt, nýta vindorku, smávirkjanir o.fl. Alls má áætla þessa raforku yfir 200 MW. Það eru því margar leiðir færar til að tryggja frekara raforkuöryggi og orkuskipti heldur en með Hvammsvirkjun. Það þjónar því ekki almannahagsmunum, í skilningi b. liðar 2. mgr. 18. gr. vatnamálalaga, að reisa hana með tilheyrandi áhrifum á umhverfið.

Í öllu falli er ljóst að ekki hefur farið fram fullnægjandi rannsókn af hálfu Umhverfisstofnunar á öðrum möguleikum til að stuðla að auknu raforkuöryggi, þ.m.t. með samburði við aðra virkjunarkosti, möguleikum til orkusparnaðar, bættu flutningskerfi, t.a.m. með fjölnýtingu auðlindastrauma, snjallvæðingu rekstrarkerfa og lágmrörkun á vinnslu- og flutningstöpum.

Enn fremur liggur ekkert fyrir um hvort raforkan sem framleiða á með Hvammsvirkjun fari til raforkuöryggis eða orkuskipta á landi eða sjó eða annarra almannahagsmuna sem vegið gætu þyngra en ávinningur af umhverfismarkmiðum Þjórsár. Auk þess hefur ekkert mat farið fram á ávinningi þess að umhverfismarkmið vatnshlotsins náist. Þetta eru verulegir annmarkar á málsmeðferð Umhverfisstofnunar, enda ber samkvæmt b. lið 2. mgr. 18. gr. vatnamálalaga að meta almannahagsmunum til móts við ávinning umhverfismarkmiða. Án rannsóknar og upplýsinga um hvoru tveggja er ómögulegt að framkvæma fullnægjandi hagsmunamat.

Veiðifélagið áréttar einnig að samþykki Alþingis leiðir ekki sjálfkrafa til þess að skilyrði b. liðar 2. mgr. 18. gr. vatnamálalaga séu uppfyllt. Það er hlutverk Umhverfisstofnunar, að lokinni fullnægjandi rannsókn, að taka sjálfstæða ákvörðun með hliðsjón af ákvæðum og markmiðum vatnamálalaga hvort skilyrði b. liðar 2. mgr. 18. gr. laganna séu uppfyllt. Í þessu sambandi vísar Veiðifélagið einnig til nefndarálits atvinnuveganefndar Alþingis sem fylgdi breytingartillögum um tillögu til þingsályktunar nr. 13/141. Þar segir:

„Meiri hlutinn bendir á að þó svo að kostur falli í nýtingarflokk og flokkun gefi til kynna að það megi virkja er það ekki ávísun á að það verði af virkjun. Um þetta er fjallað í athugasemdum við það frumvarp sem varð að lögum um verndar- og orkunýtingaráætlun (þskj. 81 á 139. löggjafarþingi): „*Skipan landsvæða og virkjunarkosta í nýtingarflokk felur þó á engan hátt í sér yfirlýsingu um að út í framkvæmdirnar skuli fara á tímabilinu heldur eingöngu að heimilt sé að veita leyfi vegna þessara virkjunarkosta. Virkjunarkostir sem falla í þennan flokk ættu því að fara í hefðbundið leyfisveitingar- og umhverfismatsferli samkvæmt framangreindum lögum og öðrum lögum eftir því sem við á. Þá fer það eftir ákvæðum laga nr. 106/2000, um mat á umhverfisáhrifum, hvort framkvæmdin er háð umhverfismati eða ekki. Ekki er útilokað að stjórnvöld meti það svo að ekki skuli gefið út leyfi sem tengist orkuvinnslu vegna virkjunarkosta í nýtingarflokki. Í ljósi framangreinds er einnig miðað við að verndar- og nýtingaráætlunin feli í sér almenna stefnumörkun en ekki skipulags- eða framkvæmdaáætlun í skilningi laga nr. 105/2006, um umhverfismat áætlana.“*

Við meðferð málsins á Alþingi var því sérstaklega gert ráð fyrir að virkjunarkostir færu í gegnum hefðbundið leyfis- og umhverfismatsferli, en undir það fellur ákvörðun Umhverfisstofnunar um breytingu á vatnshloti.

9. Skilyrði c. liðar 2. mgr. 18. gr. vatnamálalaga

Ákvæði c. liðar 2. mgr. 18. gr. vatnamálalaga gerir kröfu um að tilgangi framkvæmdanna eða umsvifanna verði ekki með góðu móti náð með umhverfisvænni leiðum vegna tæknilegra erfiðleika eða óhóflegs kostnaðar.

Veiðifélagið vísar um þetta skilyrði til umfjöllunar um skilyrði b. liðar hér að framan. Þannig liggur fyrir að ýmsir aðrir kostir eru færir til stuðla að auknu raforkuöryggi heldur en Hvammsvirkjun. Í öllu falli

hefur ekki verið rannsakað með fullnægjandi hætti hvort ná megi tilganginum með umhverfisvænni leiðum

Í því sambandi bendir veiðifélagið á að Orkustofnun hefur lagt til grundvallar að Hvammsvirkjun sé hagkvæmur kostur, en að aðrir kostir séu einnig jafn hagkvæmir ef ekki hagkvæmari. Þegar af þeirri ástæðu telur veiðifélagið að Umhverfisstofnun sé skylt að framkvæma ítarlega rannsókn, þ.m.t. með samanburði við aðra virkjunarkosti, til að ganga úr skugga um að tilgangi framkvæmdanna verði ekki náð með umhverfisvænni leiðum. Það hefur ekki verið gert og því eru skilyrði c. liðar 2. mgr. 18. gr. vatnamálalaga ekki uppfyllt.

10. Niðurstöður

Með hliðsjón af öllu framangreindu telur Veiðifélag Þjórsár að skilyrði 2. mgr. 18. gr. vatnamálalaga séu ekki uppfyllt. Þannig telur veiðifélagið að ekki sé fyrirhugað að grípa til allra raunhæfra ráðstafana til að draga úr skaðlegum áhrifum virkjunarinnar á vatnshlotið, tilgangur framkvæmdanna vegi ekki þyngra en að ávinningurinn af því að umhverfismarkmið náist og að tilgangi þeirra verði náð með umhverfisvænni leiðum.


Í öllu falli telur veiðifélagið að rannsókn Umhverfisstofnunar, í tengslum við framangreind skilyrði, sé háð verulegum annmörkum. Þannig telur félagið að Umhverfisstofnun hafi meðal annars ekki tryggt að fullnægjandi upplýsingar liggi fyrir um; áhrif framkvæmdanna á vatnshlotið; virkni mótvægisáðferða og vöktunaráætlana; atvik að baki hagsmunamati; og hvort unnt sé að ná settum markmiðum með umhverfisvænum hætti.

Í þessu sambandi áréttar veiðifélagið að þótt önnur stjórnvöld kunni að hafa rannsakað eða tjáð sig um málefnið léttir það ekki ábyrgð Umhverfisstofnunar til að ganga úr skugga um að mál hafi verið nægilega rannsakað áður en ákvörðun er tekin. Að mati veiðifélagsins hefur Umhverfisstofnun því ekki fullnægt rannsóknarskyldu sinni samkvæmt 10. gr. stjórnsýslulaga og almennum reglum stjórnsýsluréttar. Þá telur veiðifélagið að verulega skorti á rökstuðning að baki því hvers vegna Umhverfisstofnun telur skilyrði 2. mgr. 18. gr. vatnamálalaga uppfyllt.

Með vísan til þessara annmarka skorar veiðifélagið á Umhverfisstofnun að falla frá áformum sínum, um að heimila breytingu á Vatnshlotinu Þjórsá 1 vegna Hvammsvirkjunar, og tryggja að breytingar verði ekki heimilaðar á vatnshloti Þjórsár 1 fyrr en fullnægjandi rannsóknir hafi verið framkvæmdar.

Virðingarfyllt

f.h. Veiðifélags Þjórsár,


Oddur Guðni Bjarnason, formaður

Fylgiskjöl:

1. *Fræðigreinar Margaret J. Filardo, dags. 18. mars 2014 og 20. janúar 2016.*
2. *Bréf Hafrannsóknastofnunar til Veiðifélags Þjórsár, dags. 22. janúar 2024.*
3. *Chen o.fl.: „River Damming Impacts on Fish Habitat and Associated Conservation Measures“, dags. 19. desember 2023.*

Veiðifélag Þjórsár
Oddur Guðni Bjarnason
Stöðulfelli

Hafnarfirði 13. mars 2023
Mál: 2024-03-0112

Efni: Rammaáætlun, endurmat á virkjanakostum.

Með bréfi dagsettu 9. mars 2024 óskaði Veiðifélag Þjórsár eftir ýmsum upplýsingum sem varða fyrirhugaðar virkjanir í neðri hluta Þjórsár.

Óskað er upplýsingum um hvort Hafrannsóknastofnun sé fylgjandi því að Urriðafossvirkjun og Holtavirkjun í Þjórsá verði færðar úr biðflokki í nýtingarflokk við endurmat virkjunarkosta 3. áfanga rammaáætlunar án frekari rannsókna á áhrifum á fiskistofna og lífríki Þjórsár. Vísað er til tillagna verkefnisstjórnar 5. áfanga rammaáætlunar.

Svar: Í nefndaáliti Alþingis um tillögu til þingsáætlunar um vernd og orkunýtingu landsvæða frá 10. júní 2022 taldi meirihluti umhverfis- og samgöngunefndar nauðsynlegt að leggja til þá breytingartillögu að virkjunarkostirnir Holtavirkjun og Urriðafossvirkjun verði flokkaðir í biðflokk þar til umfjöllun um samfélagsleg áhrif fyrirhugaðra virkjana á nærsamfélagið á grundvelli nýrrar nálgunar í aðferðafræði faghópa 3 og 4 verði lokið¹. Álit faghópa 3 og 4 liggja fyrir. Faghópur 3 (samfélagsleg áhrif) vann greiningu á samfélagslegum áhrifum virkjananna á nærsamfélagið, og horfði þar til allra þriggja virkjananna, þ.e. þeirra tveggja sem eru í biðflokki og svo Hvammsvirkjunar sem Alþingi hefur þegar flokkað í nýtingarflokk. Í álit faghóps 3 kom m.a. fram, að hluti íbúa telur að vernda eigi neðri hluta Þjórsár fyrir virkjunum í þágu náttúrunnar og íbúanna. Þáttur í þessu viðhorfi snýr að verndun lífríkisins í Þjórsá, þar með talið laxastofnsins í ánni. Faghópur 4 vann mat á hagkvæmni og arðsemi á virkjunarkostunum Holtavirkjun og Urriðafossvirkjun. Í þessari vinnu var ekki sérstaklega fjallað um lífríki Þjórsár og áhrif virkjanaframkvæmda á það.

Hafrannsóknastofnun vill minna á mat faghóps 2 í 3. áfanga rammaáætlunar². „Faghópurinn vekur sérstaka athygli á Urriðafossvirkjun sem lenti í næstneðsta sæti í röðun virkjanakosta í þeim áfanga með hliðsjón af aðferðum faghópsins. Það gefur þó engan veginn rétta mynd af þeim verðmætum sem hér eru í húfi með tilliti til íslenska laxastofnsins og því grípur faghópurinn til þess ráðs að setja á virkjunarkostinn „rautt flagg“. Í skýrslu faghóps 2 segir jafnframt: „Áhrif virkjana á veiði og veiðihlunnindi eru mismikil eftir virkjunarkostum. Mest eru þau vegna Urriðafossvirkjunar en þar er um að ræða einn stærsta laxastofn landsins, auk stórs sjóbirtingsstofns, og mikil og vaxandi veiðihlunnindi. Stærsti hluti þessara stofna verður í hættu ef af Urriðafossvirkjun verður en það veltur að miklu leyti á virkni þeirra mótvægisáðgerða sem gert er ráð fyrir að fara í. Þar á eftir raðast Holtavirkjun en drjúgur hluti fiskframleiðsluvæða Þjórsár er ofan Holtavirkjunar. Þar er einnig óvissa um virkni mótvægisáðgerða. Þótt allar mótvægisáðgerðir virki við fyrirhugaðar virkjanir í Þjórsá eins og ætlað er má gera ráð fyrir að áhrif á laxfiska verð talsverð, einkum vegna skerðingar á búsvæðum þeirra í Þjórsá, en búsvæði fara undir lón og vatn skerðist í farvegum“. „Mat á stærð og gæðum búsvæða laxfiska í Þjórsá sýnir að a.m.k. 87% þeirra eru ofan fyrirhugaðrar Urriðafossvirkjunar, 47% ofan Holtavirkjunar og 30% ofan Hvammsvirkjunar. Af búsvæðum laxa í Þjórsá ofan Urriðafoss fer um 14% undir lón Urriðafossvirkjunar (Heiðarlón). Gert er ráð fyrir mótvægisáðgerðum með seiðafleytum og laxastigum

en óvissa er um virkni þeirra. Virkjanir í Þjórsá geta haft umtalsverð áhrif á laxastofn árinna og vega áhrif Urriðafossvirkjunar, sem neðsta mannvirkis, þar þyngst. Laxastofn Þjórsár er umtalsverður hluti af íslenskum laxastofnum og veiðinýttjum af þeim“.

Laxastofn Þjórsár er nú talinn vera stærsti laxastofn landsins með um 11% af heildarveiði villtra laxa á landinu miðað við síðustu tíu ár (2013-2022) og sögulega sá næst stærsti á eftir vatnakerfi Ölfusár/Hvítár. Í meðförum verkefnisstjórnar 3. áfanga var ekki tekið tillit til þess fyrirvara sem faghópur 2 gerði í þriðja áfanga. Ekki er heldur að sjá að í umfjöllunum faghópa 3 og 4 í 5. áfanga, sem fjölluðu um þessa virkjunarkosti í Þjórsá, hafi verið tekið tillit til þess að veiðihlunnindi myndu að öllum líkindum skerðast verulega. Sú skerðing myndi hafa áhrif á samfélag og koma til frádráttar af hagkvæmni virkjunarinnar.

Þau gögn sem lögð voru til grundvallar varðandi mat á áhrifum virkjanna á lífríki í neðri Þjórsá þ.m.t. fiskstofna og veiði hefur verið safnað af Hafrannsóknastofnun (áður Veiðimálastofnun). Forsendur til að meta áhrif virkjana í neðri Þjórsá í rammaáætlun hafa því legið fyrir í megin atriðum í vinnu rammaáætlunar.

Vegna lífríkis Þjórsár og mikilvægra veiðihagsmuna ásamt þeim takmörkunum sem lög um stjórn vatnamála setur telur Hafrannsóknastofnun að þær framkvæmdir sem hafa verið kynntar vegna Urriðafossvirkjunar og Holtavirkjunar geti ekki náð fram að ganga vegna þeirrar miklu skerðingar sem verður á lífríki miðað við þær forsendur sem fyrir liggja. Með þeirri niðurstöðu telur Hafrannsóknastofnun óraunhæft að Holtavirkjun og Urriðafossvirkjun geti átt heima í nýtingarflokki.

Með vísan til álits faghópsins og annarra upplýsinga sem liggja fyrir um Holta- og Urriðafossvirkjanir óskar Veiðifélag Þjórsár eftir upplýsingum um hvert sé mat Hafrannsóknastofnunar á stöðu rannsókna á umræddum virkjanakostum. Í því sambandi er óskað eftir áliti stofnunarinnar á því hvort til staðar sé sú þekking sem til þarf áður en framkvæmdir hefjast og hvort tímabært sé að flytja virkjanakostina tvo í nýtingarflokk.

Svar:

Taka þarf fram að rammaáætlun er mat á áætlunum og er þar stuðst við röðun þeirra virkjunarkosta sem lagðir eru fram af framkvæmdaaðilum fyrir hvern áfanga. Mjög misjafnt er hversu ítarlegar upplýsingar eru lagaðar fram og í sumum tilfellum eru fyrirbyggjandi áætlanir meira í ætt við hugmyndir en vel útfærðar framkvæmdaáætlanir. Faghópar rammaáætlanir yfirfara framlagða virkjunarkosti sem lagðir eru fram til verkefnisstjórnar sem mótar sínar tillögur. Þær eru í framhaldi lagðar fyrir ráðherra og síðar Alþingi. Á eftir rammaáætlun kemur umhverfismat og síðar leyfisferli viðkomandi yfirvalda, skipulagsyfirvalda sveitarfélaga, Fiskistofu ef um veiðinýtingu er að ræða og Umhverfisstofnun ef um breytingar er að ræða á vatnshlotum eða önnur áhrif á vatnsgæði. Það er því langur vegur frá rammaáætlun að framkvæmdum og taka ber fram að rammaáætlun fjallar um fleiri þætti en þá sem snúa að lífríki.

Umtalsverðar rannsóknir hafa verið gerðar á lífríki Þjórsár. Þær hafa verið gefnar út í skýrslum og legið fyrir m.a. hjá Veiðifélagi Þjórsár. Sú þekking sem fengist hefur bendir ótvírætt til að virkjanir í neðri Þjórsá koma væntanlega til með að hafa mikil og neikvæð áhrif á lífríki Þjórsár, fiskstofna og veiðihagsmunum. Hafrannsóknastofnun telur að helsta óvissan sé annars vegar af virkni mótvægisáðgerða og hins vegar af því hvort þær framkvæmdir sem fyrirhugaðar eru samræmst lögum

um stjórn vatnamála. Taka ber fram að flokkun virkjunarkosta er í höndum verkefnisstjórnar rammaáætlunar sem leggur tillögur fyrir ráðherra og Alþingi.

Í ljósi þess að nú er fyrirhugað að færa Holta- og Urriðafossvirkjanir í nýtingarflokk óskar Veidifélagið eftir afstöðu Hafrannsóknastofnunar til þess hvort ástæða sé til að fram fari mat á samlegðaráhrifum Hvamms-, Holta- og Urriðafossvirkjana á viðkomu laxfiskastofnana.

Svar:

Það er m.a. Fiskistofu að taka afstöðu í þessu máli. Neðstu tvær virkjanirnar hafa að öllum líkindum mun meiri áhrif en sú efsta og því verði mat fyrir þær ráðandi hvað varðar lífríki í vatni og þá sérstaklega göngufiska. Hafrannsóknastofnun telur að samlegðaráhrif þeirra séu augljós m.t.t. fiskstofna bæði hvað varðar gönguhindranir og ekki síður þau búsvæði sem skerðast sem uppeldissvæði göngufiska þegar þau eru gerð að uppistöðulónum. Hafrannsóknastofnun telur að samlegðaráhrifin hafi legið fyrir a.m.k. í megin atriðum.

Óskað er eftir upplýsingum um afstöðu Hafrannsóknastofnunar til þess hvort þörf sé á að rannsaka veiðihagsmuni með ítarlegri hætti en gert í umhverfismatinu 2003 og hvernig eigi að tryggja sönnun tjóns.

Svar: Umhverfismat vegna Hvammsvirkjunar var endurskoðað árið 2017. Þar var m.a. tekin fyrir ferðapjónusta og útivist. Þar var komist að þeirri niðurstöðu að möguleikar ábúenda til stangveiði í Þjórsá og þverám hennar minnki ekki með tilkomu Hvammsvirkjunar². Eins og áður hefur komið fram í skrifum Hafrannsóknastofnunar þá er það mat hennar að leiði framkvæmdir við Hvammsvirkjun til þess að stofn göngufiska minnki mun það vissulega hafa áhrif á fjölda göngufiska sem gengur á svæðið og þar með á veiðinýtingu. Það er ekki í höndum Hafrannsóknastofnunar að meta hvernig eigi að tryggja sönnun tjóns.

Þá er óskað eftir afstöðu stofnunarinnar til þess hvort ástæða sé til að rannsaka sérstaklega áhrif fyrirhugaðra virkjananna í neðri hluta Þjórsár með hliðsjón af þeim miklu breytingum sem orðið hafa frá 2003 á umfangi fiskstofna, nýtingu og verðmætum veiðihlunninda og þeim miklu möguleikum sem felast í áður óþekktum stangveiðimöguleikum víða í Þjórsá og þann virðisauka sem af því leiðir.

Svar: Hafrannsóknastofnun vísar til svara hér að framan. Taka verður fram að hlutverk Hafrannsóknastofnunar er skilgreint í lögum og má þar m.a. vísa til 5, greinar laga nr. 12/2015 liðir 14-16.

14. Að veita ráðgjöf um lífríki áa, vatna og sjávar varðandi framkvæmdir og mannvirkjagerð.
15. Að leggja mat á og veita ráðgjöf um verndargildi vistkerfa og náttúruminja í ferskvatni og í sjó.
16. Að miðla upplýsingum til stjórnvalda, hagsmunaaðila og almennings um sjálfbærar nytjar á íslensku hafsvæði, í ám og vötnum, greina frá niðurstöðum rannsóknastarfseminnar og veita aðgang að gögnum stofnunarinnar eftir því sem tók eru á.

Í ljósi markmiðs laga um lax- og silungsveiði nr.61/2006 á að miða við veiðinýting sé sjálfbær . Hafrannsóknastofnun leitast í hvívetna við að sinna hlutverki sínu samkvæmt stefnu stjórnvalda og innan þess ramma sem fjárveitingar til stofnunar setur. Stofnuninni er ekki kunnugt um að gagna hafi

verið aflað sérstaklega til að meta verðmæti og verðmætaaukningu vegna aukinnar stangveiði í Þjórsá. Væntanlega liggja þær upplýsingar fyrir hjá Veiðifélagi Þjórsár eða einstaka félagsmönnum þess.

Heimildir

1. Nefndarálit um tillögu til þingsályktunar um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða. Frá meiri hluta umhverfis- og samgöngunefndar. 152. Löggjafarþing 2021-2022. Þingskjal 1210- 332. Mál. Síðari umræða.
2. Stefán Gíslason, 2016. Lokaskýrsla verkefnisstjórnar 3. áfanga verndar- og orkunýtingaráætlunar 2013-2017.
3. *Efla verkfræðistofa, 2117. Hvammsvirkjun. Mat á umhverfisáhrifum: Ferðaþjónusta og útivist og landslag og ásynd lands. Frummatsskýrsla: 60 bls.*



Guðni Guðbergsson

Sviðsstjóri ferskvatns- og eldissviðs